**allt**

KARL ÁGÚST ÚLFSSON

*Hjólar sér til heilsubótar*

heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS





**HÚS OG HEIMILI**

GUÐBJÖRG ÞORVARÐARDÓTTIR

*Í húsi húsameistarans*

SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

Himinn og haf/SÍA



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. október 2005 – 288. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Ekki af baki dottinn



Guðjón Þórðarson hefur ekki misst trúna á starf sitt hjá Notts County þótt liðið hans hafi ekki unnið leik í tvo mánuði. Hann hefur fullan stuðning stjórnarinnar.

ÍÞRÓTTIR 74

### Af rápi í borgarstjórn

Valgerður Bjarnadóttir játar fúslega í pistli sínum dag að það er ýmislegt sem hún ekki skilur. Eitt af því er rápið sem virðist vera á borgarstjórnarfundum, ef marka má fundargerðir af þeim fundum.

Í DAG 16

### Drungalegur hversdagsleiki



Leikskáldið Jón Atli Jónasson segir frá köldum veruleika einstæðrar móður í sinni fyrstu skáldsögu.

MENNING 24

### Elliheimilin næsta skrefið



Dúettinn Steintryggur er á leiðinni í Evrópureisu með Óla ósýnilega sem er tölva.

FÓLK 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM SVIPAÐ BJARTVIÐRI** syðra en skýjað og dálítil él með norðan- og austanverðu landinu. Hiti víðast við frostmark.

VEÐUR 4




Karlar 25-49 ára

Lestur á íþróttum






*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur á íþróttasíður FBI á sunnudögum og MBL á þriðjudögum.


**TÆPLEGA FIMMTÍU ÞÚSUND MANNS Í MIÐBÆNUM** Mikill fjöldi kvenna safnaðist saman um allt land í gær í tilefni kvennafrídagsins. Í Reykjavík hófst hópganga á Skólavörðuholti, sem leið lá niður á Ingólfstorg. Telur lögregla að í það minnsta 45 þúsund manns hafi verið í miðborginni þegar mest var. Mikil stemning var í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Þurfum kraftinn alla daga

**Að minnsta kosti 45 þúsund manns komu saman í Reykjavík í tilefni kvennafrídagsins. Gjörsamlega stórkostlegt segir fundarstýran en telur sorglegt að þurfa að funda þrjátíu árum eftir upprunalega frídaginn.**

**KVENNAFRÍDAGUR** „Þetta er gjörsamlega stórkostlegt og ég er hálfpartinn orðlaus,“ segir Edda Björgvinsdóttir, fundarstýra á Ingólfstorgi. „Það var aldrei neinn vafi í mínum huga að konur og þeirra stuðningsaðilar myndu fjölmenna hingað í dag. En ég bjóst samt ekki við þessum mikla fjölda,“ segir Edda Björgvindóttir fundarstýra útifundar í tilefni kvennafrídagsins í gær.

Að minnsta kosti 45 þúsund manns, meirihlutinn konur, söfnuðust saman í miðborg Reykjavíkur í gær í tilefni kvennafrídagsins. Þrjátíu ár voru liðin í gær frá því að konur komu saman í miðborginni á útifundi sem vakti eftirtekt út fyrir landsteinana.

Fundurinn hófst með því að fólk safnaðist saman á Skólavörðuholti og gekk áleiðis niður á Ingólfstorg þar sem formleg fundardagskrá hófst. Edda Björgvinsdóttir fundarstýra sagði í setningarræðu að á sínum tíma hefði hún talið að stutt væri í það að markmið kvenréttindabaráttunnar næðu fram að ganga. Hún hefði jafnvel haldið að konur myndu taka fram úr körlum. Því sagði hún að það væri á sinn hátt sorglegt að þurfa að halda þennan fund aftur, þrjátíu árum seinna.

Katrín Anna Guðmundsdóttir, fulltrúi kvennahreyfingarinnar tók til máls og sagði að hægt yrði að útrýma launamisrétti þegar í stað með því að afnema launaleynd.

Einnig tók til máls Amal Tamimi og talaði fyrir hönd Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Hún sagði að konur af erlendu bergi brotnar væru í tvenns konar áhættu. Misrétti af völdum kynferðis og misrétti af völdum kynþáttar.

„Þetta sýnir það svo að ekki verður um villst að krafturinn í jafnréttisbaráttunni og kvenfrelsisbaráttunni á að vera svona mikill alla daga,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður og fundargestur.

Sjá síðu 4/ saj

Hjartasérfræðingar íhuga aðgerðir við óbreyttar aðstæður:

# Hyggjast segja upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er einhugur meðal hjartasérfræðinga um að segja upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins við óbreyttar aðstæður,“ segir Axel Sigurðsson, sem sæti á í stjórn Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna.

Á fundi hjartasérfræðinga fyrir helgi var meðal annars rædd sú staða sem komin er upp um einingakvóta sem samningur TR og sérfræðilækna kveður á um. Þykir sýnt að læknisverk sérfræðilækna fari fram úr samningsbundnum einingafjölda sem nemur 200 milljónum á þessu ári.

„Að óbreyttu er staðan sú að við fáum ekkert greitt það sem eftir er ársins,“ segir Axel. „Við getum ekki horft á það gerast aftur á næsta ári. En samningurinn í heild er til umræðu hjá samninganefndum Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar.“

Axel segir að meðan læknar séu á samningnum megi þeir ekki rukka sjúklinginn um meira en hlut hans. Hlutur Tryggingastofnunar fæst ekki greiddur ef komið er yfir samningsbundinn einingafjölda. Ef læknar segja upp samningi þurfa þeir að gera það hver fyrir sig. Þá þurfa þeir að búa til eigin taxta, en að því er ekki farið að hugsa enn sem komið er. Væntanlega verði notaður sami taxti og nú en sjúklingurinn verður þá að greiða allan kostnaðinn við læknishjálpina.

„Okkur finnst afar vondur kostur að slíta þessum samningi,“ segir Axel. „En það er mikil samstaða meðal hjartasérfræðinga um að gera það ef ekkert breytist. En það er vilji beggja megin við borðið að finna einhverja lausn. Samningurinn hefur virkað vel þegar hann helst innan ramma. Þetta má ekki dragast fram yfir næstu mánaðamót, því menn geta ekki verið í þessari óvissu mikið lengur. Komi til þess að samningnum verði sagt upp tekur það ekki gildi fyrr en að þremur mánuðum liðnum.“ - jss


Tilkynning

**Bensínkort og frítrygging**

Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging* fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að kr. 140.000.

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opið virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16



## SPURNING DAGSINS

*Úlfar, er þetta vökvastýri?*

„Nei, það er bara úr stáli.“

Bandalag íslenskra blaðamanna valdi Suzuki Swift bíl ársins á sunnudag. Úlfar Hinriksson, framkvæmdastjóri Suzukibíla, tók við forláta stálstýri sem bíllinn hlaut í viðurkenningarskyni.

Tuttugu fórust í þrefaldri bílsprengjuárás á hótel blaðamanna í Bagdad:

# Hugðust hertaka hótelið

**BAGDAD, AP** Þrjár bílsprengjur voru sprengdar nánast samtímis fyrir utan hótel erlendra blaðamanna í Bagdad í gær. Í það minnsta tuttugu manns dóu í sprengingunum.

Síðdegis í gær var steypubíl hlöðnum sprengiefni ekið upp að varnargirðingum Hótel Palestínu í miðborg Bagdad en þar býr fjöldi erlendra blaðamanna. Verðir reyndu að stöðva bílinn með því að skjóta á hann en svo fór að ökumanni hans tókst að brjótast í gegnum múrinn, aka að hótelinu og sprengja bifreiðina í tætlur. Innan tveggja mínútna sprungu tvær sprengjur til viðbótar.

„Áform tilræðismannanna eru augljós, að ná hótelinu á sitt vald og taka arabíska og aðra erlenda blaðamenn í gíslingu,“ sagði Mouwafak al-Rubaei, þjóðaröryggisráðgjafi Íraksstjórnar.

Talið er að tuttugu manns hafi farist í tilræðunum, þar af fimm lögregluþjónar, og fjörutíu til viðbótar slasast, flestir þeirra vegfarendur. Hótelið sjálft er mikið skemmt en að sögn bandarískra embættismanna lést enginn þar innandyra.

Mikil ólga hefur verið í landinu undanfarið, síðastliðna tvo daga hafa alls 65 látist í árásum uppreisnarmanna. **- shg**



**VÍTISVÉL Á FJÓRUM HJÓLUM** Myndbandsupptökur náðust af steypubílnum með sprengiefnið aka í gegnum vegartálma og springa síðan í loft upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jens Stoltenberg í Reykjavík:

# Umræðan hér hefur áhrif þar

**STJÓRNMÁL** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, segir að Norðmenn fylgist með umræðum á Íslandi um hugsanlega aðildarumsókn að Evrópusambandinu. „Umræðan hér getur haft áhrif á afstöðu Norðmanna,“ segir Stoltenberg.

Þing Norðurlandaráðs hefst í Reykjavík í dag en forsætisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sátu fund í gær í tengslum við upphaf þingsins. Þeir ræddu meðal annars málefni sem tengjast Evrópusambandinu. Um 800 manns eru komnir til landsins vegna þingsins. **sjá síðu 15** **/- jh**

Kröfur vegna olíusamráðs:

# Ker vill borga skaðabætur

**OLÍUSAMRÁÐ** „Við ætlum að hittast til frekari viðræðna,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Reykjavíkurborgar, um gang mála vegna skaðabótakröfu borgarinnar á hendur olíufélögunum.

Fyrir skömmu rann út frestur sem borgin gaf félögunum þremur til að svara skaðabótakröfu sinni. Lögmenn hafa fyrir hönd Skeljungs og Olís fundað með Vilhjálmi síðan þá, en Ker, sem á Esso, svaraði erindinu formlega.

Vilhjálmur segir að í því svari hafi verið boðin fram ákveðin greiðsla, en tæpast í samræmi við kröfur borgarinnar. „Ég lít hins vegar á þetta sem eitt mál. Kröfurnar beinast að félögunum í heild vegna samráðsins,“ segir hann og kveðst munu svara Keri þegar viðræðum við hin félögin tvö ljúki.

„Verði málið leyst, þá verður það leyst í heild,“ bætti hann við. **- óká**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Krefjast aðgerða gegn 2B

**Fulltrúar Samiðnar fóru í gær um og ræddu við erlenda verkamenn á vegum starfsmannaleigunnar 2B. Félögin segja tíma kominn á aðgerðir gegn fyrirtækjum sem upplýsi ekki um kjör erlendra starfsmanna.**

**VERKALÝÐSMÁL** Kominn er tími á aðgerðir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar til að knýja á um umbætur hjá fyrirtækjum sem ekki upplýsa um kaup og kjör erlendra starfsmanna sinna. Þetta segir Þorbjörn Guðmundsson framkvæmdastjóri Samiðnar, sambands iðnfélaga, en menn á hans vegum fóru um í gær og ræddu við erlenda starfsmenn sem hér eru á vegum íslensku starfsmannaleigunnar 2B ehf. Verkalýðsfélög hafa starfsemi 2B nú undir smásjánni, en þar á bæ hafa menn meðal annars verið sakaðir um að hafa hvatt til þess að pólskir verkamenn væru barðir til hlýðni. Þorbjörn segir farið fram á umbætur komi í ljós að erlendir verkamenn fái ekki greitt í samræmi við kjarasamninga.

„Yfirleitt eru þess mál löguð, en ef ekki er nú komið að því að við stoppum vinnustaði strax á næstu dögum, en hvar það verður gef ég náttúrlega ekki upp.“

Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna á Kárahnjúkum, segir alveg ljóst að starfsmannaleigum með starfsemi hér fari fjölgandi og bráðnauðsynlegt sé að setja lög um starfsemi þeirra. „Leigurnar eiga að starfa eftir ákveðnum lögum svo þær komist ekki upp með að vera með leynisamninga í öðrum löndum og að búa sér til sínar eigin reglur á vinnumarkaði. Þessi fyrirtæki hafa nýtt sér göt í lögum. Meginhluti þeirra er frá Eystrasaltslöndunum og Portúgal, fátækum löndum Evrópu þar sem enga vinnu er að hafa. En það eiga starfsmannaleigur ekki að geta nýtt sér. Þetta fólk á að vera á sömu kjörum og hér eru við lýði og borga hér skatta og skyldur eins og hver annar,“ segir Oddur og telur stjórnvöld þurfa að taka af skarið um hvernig þessum málum eigi að vera háttað. „Núna er það á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar að fylgjast með og reyna að uppræta vandann, en við höfum bara ekki nógu fasta stoð í lögum. Við gerum okkar besta, en erum bara að róta fram og til baka í einhverjum haug.“ Oddur telur að þingmenn þurfi að einhenda sér í að koma í gegn nýjum lögum fyrir jól. „Þingmennirnir okkar hafa ekkert betra að gera en klára þetta mál.“ **olikr@frettabladid.is**



**VERKAMENN Á KÁRAHNJÚKUM** Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segist vera með nokkur fyrirtæki undir smásjánni vegna viðskipta þeirra við starfsmannaleigur, en sum hver standi sig þó mjög vel.



**ÁRNI MAGNÚSSON** Félagsmálaráðherra vonast til þess að þingið fái fyrir jól að falla um ný lög um starfsmannaleigur.

Félagsmálaráðherra:

## Stefnir að nýjum lögum fyrir jól

„Mér sýnist einsýnt að við förum í einhvers konar lagasetningu en hún þarf að taka mið af okkar alþjóðlegu skuldbindingum, ekki síst varðandi EES-samninginn,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra um starfsemi starfsmannaleiga. „Við erum að fara yfir hvort setja beri um þetta sérlög eða fella ákvæði inn í önnur lög. Hvort tveggja kemur til greina.“

Árni segir vonir standa til að takist að klára lagasetninguna fyrir jól. „En það er þó ekki alveg einfalt mál. Við höfum fjallað um málið í nefnd í alllangan tíma en ég vona að við sjáum til lands í því og hægt verði að taka þetta til umfjöllunar í þinginu fyrir jól.“

Árni segist munu funda á miðvikudaginn með forystu ASÍ um málið. „Lagasetning um starfsmannaleigur er eitt af því sem ASÍ hefur metið sem svo að muni skipta verulegu máli þegar vonandi kemur að því að framlengja kjarasamninga, þannig að við tökum það auðvitað alvarlega.“ **- óká**


www.toyota.is



**Þetta er þitt tækifæri**
**til að eignast betri bíl.**

Komdu í Toyota Nýbýlavegi, kíktu á úrvalið og verðið, gakktu frá málunum á staðnum og aktu heim á betri notuðum bíl.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími 570-5070


Stjórn Vinnumálastofnunar fundaði með starfsmannaleigum:

## Ávirðingar kannaðar

Yfirmönnum Vinnumálastofnunar hefur verið falið að grennslast fyrir um ávirðingar á hendur starfsmannaleigunni 2B og vísa til lögreglu reynist þær á rökum reistar.

Gissur Pétursson, forstjóri stofnunarinnar, segir málið hafa verið rætt á fundi stjórnar í hádeginu í gær. „Við erum að kalla eftir upplýsingum um fyrirtækið og svo að huga frekar að starfsumhverfi slíkra leiga,“ segir hann og bætir við að þeim fjölgi mjög sem starfi hér á leigufyrirkomulagi.



**GISSUR PÉTURSSON** Forstjóri Vinnumálastofnunar.

„Ákveðið áhyggjuefni er að menn geti ekki samið sig að þessu hefðbundna ráðningarfyrirkomulagi sem hér hefur verið við lýði og menn þekkja. En það er greinilega mikill vinnuaflsskortur og menn grípa allt sem til fellur og þá ekki alltaf öruggt hvort það er fyrir innan lög og rétt.“

Gissur segir galla að í raun geti hver sem er sett á stofn starfsmannaleigu. „Þar er engin skráningarskylda eða neitt. Þá þurfa þeir sem út í slíka starfsemi fara ekki að undirgangast neinar skyldur, svo sem um að upplýsa vinnumarkaðsyfirvöld um aðstæður svo við höfum þá einhverja tilfinningu fyrir því hvernig mál eru að þróast.“

Gissur sagðist ekki sjá í hendi sér með hvaða hætti öðrum en lagasetningu væri hægt að ná utan um starsemi starfsmannaleiga hér á landi. „En það hefur verið í dálitinn tíma nefnd á vegum ráðuneytisins að fara yfir þetta og hún hlýtur að þurfa að hraða sínum störfum. Ég að minnsta kosti skynja það svo sem fullur áhugi sé hjá félagsmálaráðherra að gera eitthvað í málinu.“ **- óká**

Starfsmannaleigan 2B ehf. snýr vörn í sókn :

## Kærir lygar og róg

„Lögfræðingur okkar er að vinna í þessum málum,“ segir Eiður Eiríkur Baldvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannaleigunnar 2B ehf. Hann vísar þar til ásakana á hendur honum og fyrirtæki hans. „Þetta verður klárað fyrir dómstólum, en ekki í fjölmiðlum.“



**EIÐUR EIRÍKUR BALDVINSSON** Framkvæmdastjóri 2B.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður 2B, segir búið að ákveða að höfða meiðyrðamál á hendur Guðmundi Gunnarssyni, formanni Rafiðnaðarsambandsins, og Oddi Friðrikssyni, trúnaðarmanni starfsmanna á Kárahnjúkum. „Nú er kominn tími til að þessir verkalýðskarlar taki ábyrð á orðum sínum. Með ólíkindum er að einn af forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar í landinu skuli halda að hann geti komist upp með að kalla menn glæpamenn, stýrandi vændishringjum, án þess að þurfa að taka afleiðingum orða sinna. Örlög launþegahreyfingarinnar eru hörmuleg að hafa slíka menn í forystu,“ segir hann og tekur undir með Eiði um að fyrirtækið sé lagt í einelti. „Þetta eru óvenju rætin ummæli og gjörsamlega út úr korti.“

Sveinn Andri telur verkalýðsforystuna síst hafa hagsmuni erlends vinnuafls að leiðarljósi í aðgerðum sínum. „Menn sem setið hafa við kjötkatlana alla þessa tíð og virðist þeirra eina hlutverk að passa upp á bitlingana sína. Þeim er nákvæmlega sama um hagsmuni þessara manna. Aðalmálið virðist að vera nógu sniðugur að flæma þá í burtu,“ segir hann og telur undarlegt að innlent fyrirtæki sem fyrir fram hafi óskað eftir samstarfi við ASÍ og ráðgjöf um hvernig haga bæri hlutum mætti slíku viðmóti, meðan skatttekjur streymi úr landi vegna starfsemi ámóta fyrirtækja frá Eystrasalti og víðar. **- óká**

# Frábært stórvirki!

Eggert Ólafsson kallaði Lagarfljót „mesta vatnsfall Íslands“ og má það til sanns vegar færa þótt sum séu lengri og vatnsmeiri.  Í þessari glæsilegu bók hefur Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur, safnað saman tiltækri þekkingu um náttúrufar Lagarfljóts, rekur sögu veiðimála, samgöngusögu og virkjunarsögu fljótsins. Loks er sérstakur kafli um Lagarfljótsorminn og aðrar furður sem tengjast fljótinu.
Bókin er á fimmta hundruð blaðsíður með um 500 ljósmyndum, teikningum, málverkum og kortum.

**Einstaklega vönduð og falleg bók um eina af helstu perlum í náttúru Íslands.**




VERÐ AÐEINS KR. 9.980

VERÐ AÐEINS KR. 5.980




# Fiskisagan flýgur!

Í þessari bók er fjallað um íslenskan sjávarútveg á einstakan hátt þar sem sjómenn og fiskvinnslufólk eru í aðalhlutverkum. Ljósmyndir Kristins Benediktssonar og texti Arnþórs Gunnarssonar veita í sameiningu fágæta innsýn í íslenskan sjávarútveg.

**Sannkallaður óður til íslenskra sjómanna!**

*Frásögnin er fjörug og fróðleg; myndirnar grípandi og lýsandi. Við finnum sælöðrið nánast skella á okkur ... Þessi bók er happadráttur. Hún ætti að vera til á hverju sjómannsheimili og ekki síður í húsakynnum okkar borgarbarnanna sem höfum gott af því að fræðast aðeins um það hvernig þjóðartekjurnar verða til.*

– Guðni Th. Jóhannesson, Frbl. 21. sept.

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.10.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,25 | 60,53 |
| Sterlingspund | GBP | 106,48 | 107 |
| Evra | EUR | 71,91 | 72,31 |
| Dönsk króna | DKK | 9,637 | 9,693 |
| Norsk króna | NOK | 9,199 | 9,253 |
| Sænsk króna | SEK | 7,538 | 7,582 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5204 | 0,5234 |
| SDR | XDR | 86,77 | 87,29 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**101,3133**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Á þriðja þúsund konur komu saman í Sjallanum á Akureyri:

# Þátttakan langt umfram væntingar

**KVENNAFRÍDAGURINN** Konur á Akureyri héldu baráttuhátíð sína í gær í Sjallanum og var húsið orðið yfirfullt tæpum hálftíma áður en skipulögð dagskrá hófst klukkan 15. Sárafáir karlmenn mættu á hátíðina en að mati Sólveigar Hrafnsdóttur, sem þátt tók í undirbúningnum, voru á milli 2.000 og 2.500 konur í Sjallanum og þurfti hópur kvenna að hlýða á dagskrána utandyra þar sem ekki komust fleiri inn.

„Við erum ofboðslega ánægðar með samstöðu kvenna á Akureyri og mætingin var langt umfram okkar björtustu vonir. Kvennafrídagurinn olli bylgju á meðal þjóðarinnar fyrir 30 árum og ekki ólíklegt að slík verði raunin núna þó svo baráttumálin séu kannski ekki þau sömu,“ segir Sólveig.

Sumum vinnustöðum á Akureyri var lokað upp úr klukkan 14 í gær og á öðrum gekk starfsemi hægt fyrir sig þar sem vinnuveitendur gáfu konum almennt leyfi til að sækja baráttuhátíðina í Sjallanum. Þar á meðal voru allir stóru vinnustaðirnir á Akureyri: Fjórðungssjúkrahúsið, Háskólinn og Akureyrarbær. - kk



**SJALLINN YFIRFULLUR** Konur á Akureyri voru ánægðar með kvennafrídaginn og vona að góð þátttaka gefi þeim vind í seglin í jafnréttisbaráttunni.

## KVENNAFRÍDAGURINN



**Báðar fyrir þrjátíu árum** „Við vorum hérna báðar fyrir þrjátíu árum,“ segir Sólborg Sigurðardóttir. Hún segir að miklu meira sé um fólk nú en síðast. Þær segja að ekki hafi verið auðvelt að fá frí á kvennafrídaginn 1975. Það hafi verið nokkur barningur fyrir konur. Ingibjörg Sigurðardóttir telur að meiri skilningur ríki í dag gagnvart frídeginum og þær hafi sennilega átt auðveldara með að komast frá störfum sínum.



**Voru í fríi** „Það voru ekki tímar hjá okkur í háskólanum þannig að það var lítið mál fyrir okkur að mæta á svæðið,“ segir Kristín Björk Friðriksdóttir háskólanemi.
Kristín og vinkona hennar Sigrún Sif Kristjánsdóttir segjast gefa réttindamálum kvenna gaum. „Ég kem frá heimili þar sem þessum málum er veitt athygli,“ segir Sigrún.

**Krafturinn svona mikill alla daga** „Sú yfirlýsing felst í þessum fundi að nú verðum við að fá aðgerðir og þær ekki aðeins á tyllidögum heldur þannig að konur þurfi ekki að vera hálfdrættingar í launum á við karla,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna. Kolbrún var þátttakandi í leikþætti á sviðinu á Ingólfstorgi.
„Þetta sýnir það svo að ekki verður um villst að krafturinn í jafnréttisbaráttunni og kvenfrelsisbaráttunni á að vera svona mikill alla daga,“ segir Kolbrún.






**LAGT AF STAÐ FRÁ SKÓLAVÖRÐUHOLTI** Fjöldi fólks, meirihlutinn konur, söfnuðust saman á Skólavörðuholtinu í gær og gengu niður á Ingólfstorg þar sem haldinn var fundur í tilefni kvennafrídagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hægt að útrýma launamisrétti strax

**Að minnsta kosti 45 þúsund manns söfnuðust saman í miðborg Reykjavíkur í gær í tilefni kvennafrídagsins. Edda Björgvinsdóttir fundarstýra telur sorglegt að aftur hafi þurft að halda slíkan fund. Mikil stemning ríkti.**

**KVENNAFRÍDAGUR** Lögregla telur að ekki hafi verið færri en 45 þúsund manns í miðbæ Reykjavíkur i gærdag í tilefni kvennafrídagsins. Þrjátíu ár eru liðin frá því að kvennafrídagurinn var haldinn síðast á eftirminnilegan hátt fyrir þá sem þar voru.

Mikil stemning var á fundinum á Ingólfstorgi en nokkurn tíma tók fyrir allan fjöldann að komast leið sinnar frá Skólavörðuholtinu og niður í bæ.

Við setningu fundarins sagði Edda Björgvinsdóttir fundarstýra: „Mér er það mikill heiður að vera fundarstjóri hér í dag. Fyrir 30 árum síðan var ég, ung tveggja barna móðir, ákaflega bjartsýn og mér þótti stutt í það að við konurnar myndum ekki aðeins standa jafnfætis körlum til dæmis hvað varðar laun, heldur hélt ég að við myndum hreinlega taka yfir. Það yrði svo gott fyrir heiminn. Nú þrjátíu árum seinna stend ég hér fjögurra barna móðir og fimm barna amma og ég er hrærð og klökk yfir samstöðunni, stemningunni, gleðinni og öllum þessum fjölda. Á sama tíma er ég örlítið sorgmædd yfir því að við skulum þurfa að hafa annan svona dag, þrjátíu árum seinna.“

Meðal þeirra sem tóku til máls á fundinum var Amal Tamimi en hún talaði fyrir hönd Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Amal sagði að konur af erlendu bergi brotnar stæðu frammi fyrir tvíþættum vanda. Annars vegar misrétti vegna kynþáttar og hins vegar misrétti vegna kynferðis.

„Launakannanir hafa sýnt að hér ríkir launamisrétti fyrir sömu störf en kannanir hafa líka sýnt að meirihluti kvenna telur að launamisréttið sé á öðrum vinnustöðum en ekki þeirra,“ sagði Katrín Anna Guðmundsdóttir, fulltrúi kvennahreyfingarinnar, í barátturæðu sinni. Hún telur að hægt sé að útrýma launamisrétti strax á morgun með því að afnema launaleynd.

„Þetta er svo glæsilegt að mann langar mest að fara að gráta úr gleði,“ segir Edda Jónsdóttir, verkefnisstjóri kvennafrídagsins. Hún segist líka hafa verið viðstödd hátíðahöldin fyrir þrjátíu árum. „Þá var ég eins mánaðar gömul í vagni fyrir utan stjórnarráðið,“ segir Edda.

saj@frettabladid.is

## KVENNAFRÍDAGURINN

**Á bæn fyrir góðu veðri** „Þetta er guðdómlegt. Ég var svo glöð þegar ég vaknaði í morgun og veðrið var svona fallegt enda held ég að öll kvennakirkjan hafi legið á bæn fyrir góðu veðri síðasta mánuðinn,“ segir María Heba Þorkelsdóttir, sviðstýra fundarins á Ingólfstorgi. María segir var ekki á fundinum fyrir þrjátíu árum. „En mamma var hérna,“ segir María. „Það er æðislegt að upplifa þessa samstöðu.“





**Hópurinn gekk úr vinnu** „Við vorum báðar í vinnunni og gengum þar út til þess að fara í gönguna ásamt öðrum góðum konum,“ segir Berglind María Tómasdóttir flautuleikari. Berglind og Ása Briem vinna báðar að dagskrárgerð á Rás 1. Þær segja að hópur kvenna hafi gengið frá útvarpshúsinu við Efstaleiti og alla leið í bæinn. „Þetta var stór hópur, og svo blandaðist hann saman við fleiri hópa á leiðinni,“ segir Ása. Þær eru sammála um að gangan hafi verið góð og samstaðan mikil.

**Þarf að finna fyrirstöðuna** „Þetta er gjörsamlega stórkostlegt og ég er hálfpartinn orðlaus,“ segir Edda Björgvinsdóttir fundarstýra á Ingólfstorgi. „Það var aldrei neinn vafi í mínum huga að konur og þeirra stuðningsaðilar myndu fjölmenna hingað í dag. En ég bjóst samt ekki við þessum mikla fjölda,“ segir Edda. Edda segir að þeir síðustu sem lögðu frá Hallgrímskirju væru nánst fastir þar, svo mikill væri fólksfjöldinn. „Það fylgja því þó blendnar tilfinningar að þurfa að berjast fyrir sömu hlutunum nú 30 árum seinna,“ segir Edda. Hún segir að ekki vanti samstöðuna, nú þurfi hins vegar að finna út hver fyrirstaðan sé.







Fjögurra rétta lambakjötsmáltíð
með rauðvínsflösku
&
gisting fyrir tvo
ásamt morgunverði
Aðeins 17.900 - fyrir parið
Pantaðu núna í síma
514 8000
lambakjöt – léttur réttur

Þetta er upplagt tækifæri til að koma elskunni sinni á óvart og njóta þess að láta dekra við sig í mat, drykk og góðri þjónustu

Tilboðið gildir alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá 21. okt. til 20. nóv.

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | www.grand.is | Sími 514 8000




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDKÆLING ÞÓ NOKKUR**

Þegar vindurinn kular líkt og mjög víða í dag og hitinn ekki hærri þá hefur þetta samspil áhrif á hitastig hörundsins. Sem dæmi að ef vindurinn verður er um 5 m/s í borginni og hitinn eitt stig, jafngildir þetta því að vera í 8 stiga frosti í logni. Ótrúlegt en satt. Niðurstaðan er því: Klæðið ykkur vel - norðan nepjan bítur !!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðaustan átt. Yfirleitt nokkur vindur. Léttskýjað. Hiti við frostmark.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst undan norðurströndinni, annars hægari.

*» fimmtudagur*




Yfirleitt nokkur vindur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | París | 18°C skúrir | Alicante | 24°C heiðskírt |
| Osló | 1°C slydduél | Berlín | 17°C hálfskýjað | Mílano | 23°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C skýjað | Frankfurt | 17°C hálfskýjað | New York | 10°C rigning |
| Helsinki | 4°C léttskýjað | Madríd | 21°C heiðskírt | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 18°C léttskýjað | Barcelona | 21°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# *Fljúga peningarnir frá þér?*



## *Láttu þá vinna með þér*

ÍSLANDSBANKI

### Náðu stjórn á útgjöldunum með Greiðsluþjónustu

Með Greiðsluþjónustu Íslandsbanka fara útgjöldin í fastar skorður og óvæntar sveiflur heyra sögunni til. Þannig nýtast peningarnir þínir betur og þú hefur meira milli handanna.

**Þú færð upplýsingar um Greiðsluþjónustu hjá þjónustufulltrúum, í Þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

## KJÖRKASSINN



*Hindrar launaneynd launajöfnuð kynjanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 78% |
| Nei | 22% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Þarf að setja strangari reglur um starfsemi starfsmannaleiga?*

Yfirdýralæknir bregst við breytingu hestainflúensuveiru sem borist hefur í hunda:

# Sýktir hundar ógna hestum

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirdýralæknir hefur ákveðið að grípa til sérstakra varúðarráðstafana varðandi innflutning hunda. Veira sem veldur inflúensu hjá hestum í Bandaríkjunum hefur breyst og sýkir nú einnig hunda þar í landi. Því sé talið að innflutningur hunda frá Bandaríkjunum geti falið í sér hættu fyrir íslenska hrossastofninn.

Fyrirkomulagi einangrunar verður breytt og sjúkdómavarnir efldar. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma, segir að blóðsýni til mótefnarannsókna verði tekin úr öllum hundum sem koma til landsins þar sem nokkrar líkur séu á því að veiran hafi borist út fyrir Bandaríkin.

„Inflúensan er þannig sjúkdómur að það á mjög auðveldlega að vera hægt að stöðva hana af með sóttkví,“ segir Sigríður en Ísland er eina landið í Evrópu þar sem hestar eru ekki bólusettir gegn hestainflúensu.

„Það er mikið í húfi og við ætlum að hafa vaðið fyrir neðan okkur,“ segir Sigríður en ljóst væri að tjón hrossaræktarinnar vegna tímabundinnar stöðvunar á allri starfsemi og útflutningi yrði umtalsvert. **- sgi**



**HESTAR** Hestar eru ekki bólusettir gegn inflúensu á Íslandi. Farsótt gæti haft verulega slæm áhrif á afkomu hrossaræktar.

Byggingavörumarkaður:

## Verðvernd og endurgreiðslur

**NEYTENDUR** Húsasmiðjan blæs til sóknar á bygginga- og heimilsvörumarkaði með því að bjóða viðskiptavinum sínum ávallt lægsta verð. Það byggist á því að þeir fá vöru keypta hjá Húsasmiðjunni endurgreidda sjáist hún auglýst á lægra verði annars staðar innan fimmtán daga frá kaupum.

„Með þessu viljum við hnykkja á því að viðskiptavinir okkar njóti ávallt bestu kjara“, segir Steinn Logi Björnsson forstjóri Húsasmiðjunnar. „Ef varan er ódýrari annars staðar lækkum við okkur og greiðum mismuninn.“

Frakkar og Bandaríkjamenn:

## Sýrlendingar sýni samvinnu

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Bandaríkin og Frakkar ætla að beita sér fyrir því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna krefji Sýrlendinga um fulla samvinnu í rannsókninni á morðinu á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, ella sæta refsiaðgerðum.

„Tími sannra játninga er runninn upp fyrir Sýrlendinga,“ sagði John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ, í gær. Í svipaðan streng tók Jean-Marc de La Sabliere, franskur starfsbróðir hans.

Detlev Mehlis, formaður rannsóknarnefndar SÞ um morðið, flytur öryggisráðinu skýrslu í dag.

Flugslysið í Nígeríu:

## Allt á huldu um orsakirnar

**NÍGERÍA, AP** Nígerísk stjórnvöld reyna nú að finna skýringar á flugslysinu um helgina þegar Boeing 737-þota Bellview Airlines fórst á leið sinni frá Lagos til höfuðborgarinnar Abuja með 117 manns innanborðs.

Yfirvöld útiloka ekki að um hryðjuverk sé að ræða þótt það sé talið ólíklegt. Vonast er til að fundur svörtu kassanna svonefndu muni varpa ljósi á málið.

Sjónvarps- og útvarpsstöð í landinu hefur verið lokað þar sem yfirvöld töldu fréttaflutning þeirra af slysinu vera óviðeigandi.



**ALLT Á FLOTI** Íbúar Havana urðu margir hverjir að ösla vatnselginn upp í axlir. Björgunarsveitir í kafarabúningum sóttu um 250 strandaglópa af heimilum sínum. MYND/AP

# Líkt og risastór hendi væri að hrista húsið

**Fellibylurinn Wilma fór yfir Mexíkóflóa í gær og olli íbúum Kúbu og Flórídaskaga þungum búsifjum. Einn maður lét lífið í veðurofsanum. Þá eru átta manns taldir af á Haítí eftir að hitabeltisstormurinn Alfa lagði þangað leið sína.**

**FELLIBYLUR** Fellibylurinn Wilma fór yfir Flórídaskaga og Kúbu í gær og varð umtalsvert tjón af völdum veðursins. Sunnar við Mexíkóflóa var hitabeltisstormurinn Alfa á ferðinni og varð í það minnsta átta manns að fjörtjóni.

„Ég hef hvorki fyrr né síðar upplifað annan eins veðurofsa, ég er nú 63 ára og hef oft verið í óveðri á Íslandi. Þeir voru eins og þytur í laufi í samanburði við þetta,“ sagði Ingvi Hrafn Jónsson fréttamaður. Ingvi var í bænum Hollywood, rétt sunnan við Fort Lauderdale, og lenti bókstaflega undir auga stormsins. „Það var líkt og risastór hendi væri að reyna að hrista húsið af grunninum. Myndir duttu af veggjunum og miklir brestir heyrðust í þakinu.“

Vindhraði Wilmu var vel yfir fimmtíu metrar á sekúndu enda olli bylurinn umtalsverðu tjóni. Einn maður lést í úthverfi Fort Lauderdale þegar tré féll á hann. Rúður brotnuðu í skýjakljúfum borgarinnar, raflínur slitnuðu og vatnsleiðslur rofnuðu. „Það er ótrúlegt að horfa hérna yfir hverfið. Það er eins og risastór jarðýta hafi farið yfir og ýtt um koll trjánum sem eru hérna,“ sagði Ingvi Hrafn um ástandið í Hollywood.

Key West eyjaklasinn sem er suður af Flórída fór nánast á kaf í hamförunum og í Havana, höfuðborg Kúbu, festist fjöldi fólks í híbýlum sínum sem voru umlukin vatni.

Sunnar við Mexíkóflóann lét hitabeltisstormurinn Alfa til sín taka. Á Haítí fórust í það minnsta átta manns í veðurofsanum. 23 til viðbótar er saknað eftir að aurskriðum og vatnsflóð hrifu hús og bifreiðar með sér. Þrír menn eru ófundnir í Dóminíkanska lýðveldinu eftir óveðrið þar.

Wilma heldur nú sem leið liggur norður eftir strönd Bandaríkjanna en stormurinn er svo langt úti á hafi að áhrif hans eru óveruleg. Alfa mjakaði sér jafnframt út á Atlantshafið en er nú einungis meðaldjúp lægð. Alfa er 22. hitabeltisstormurinn á Atlantshafinu þetta árið en um slíkan fjölda eru engin dæmi.

sveinng@frettabladid.is







Morðingi fær þjáningabætur frá ríkinu:

# Fær tennur bættar

**DÓMSMÁL** Þórhalli Ölveri Gunnlaugssyni, sem gengur nú undir nafninu Þór Óliver, voru í gær dæmdar skaða- og þjáningabætur í kjölfar líkamsárásar sem hann varð fyrir á Litla-Hrauni í maí 2002.

Forsaga málsins er að samfangi Þórhalls veittist að honum inni í fangaklefa með þeim afleiðingum að tennur í Þórhalli brotnuðu ásamt því að hann hruflaðist og marðist. Kröfur Þórhalls um skaðabætur frá íslenska ríkinu byggjast á því að hann hafi ekki fengið viðunandi læknismeðferð í kjölfar árásarinnar.

Lögmaður íslenska ríkisins mótmælti kröfum Þórhalls á þeim forsendum að ósannað væri að hann hefði hlotið áverkana í umræddri árás. Hann hefði fengið alla þá umönnun sem hann ætti rétt á.

Dómurinn viðurkennir að Þórhallur eigi rétt á skaðabótum frá árásarmanninum og jafnframt eigi hann rétt á þjáningabótum frá íslenska ríkinu vegna þess að hann hafi ekki fengið viðhlítandi tannlæknaþjónustu í kjölfar árásarinnar.

Þórhallur er refsifangi á Litla-Hrauni en hann var sakfelldur fyrir að hafa myrt Agnar W. Agnarsson sumarið 1999. **- saj**

Eldgos í Suðurhöfum:

## Íbúar Isabelu ekki í hættu

**GALAPAGOS-EYJAR** Eldfjallið Sierra Negra á eynni Isabelu í Galapagos-eyjaklasanum í Kyrrahafi byrjaði að gjósa um helgina með miklum látum.

Gosefni úr hinu fimmtán hundruð metra háa fjalli breiddust um stórt svæði en íbúar í nágrenninu eru þó ekki taldir í hættu. Öllum ferðamannastöðum í grennd við fjallið hefur þó verið lokað í varúðarskyni.

Ekki er enn ljóst hve mikil áhrifin verða á gróður og dýr á eynni en hún er fræg fyrir fallega náttúru og fjölbreytt dýralíf sem varð Charles Darwin innblástur að þróunarkenningu sinni.


HAUSTVEISLA
Kia Sportage EF-741
Nýskráður 01.06.2001
Ekinn 78.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 19.500
Suzuki Jimny MG-337
Nýskráður 16.06.2000
Ekinn 75.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 17.117
Suzuki Vitara YD-506
Nýskráður 16.07.1998
Ekinn 165.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 13.650
Opel Vectra-B RB-586
Nýskráður 27.08.1997
Ekinn 98.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 10.617
ENGIN
útborgun!!
Ekkert út og 100%
VAXTALAUST LÁN Í 48 MÁN.
Aðeins í þrjá daga:
þriðjudag, miðvikudag,
fimmtudag
Opið frá
9-18
Suzuki Baleno NZ-813
Nýskráður 25.08.1999
Ekinn 42.000 km
Afborgun á mánuði
kr.14.733
Nissan Primera ND-303
Nýskráður 17.04.1998
Ekinn 127.000
Afborgun á mánuði
kr. 8.017
Suzuki Swift MU-659
Nýskráður 29.05.1997
Ekinn 116.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 8.017
Hugtak Okt. 05
Alfa Romeo OH-555
Nýskráður 04.06.1999
Ekinn 62.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 23.617
Suzuki Ignis VR-881
Nýskráður 22.05.2003
Ekinn 71.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 19.283
Suzuki Baleno NI-484
Nýskráður 14.09.2000
Ekinn 61.000 km
Afborgun á mánuði
kr. 18.200
Mikið úrval bíla af öllum gerðum
Síminn er 568 5100
Kynntu þér úrvalið á
www.suzukibilar.is
Aðeins í þrjá daga
Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði, lántökukostnaður innifalinn.
Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17

## VEISTU SVARIÐ



1 Hvað er talið að margir hafi verið í miðbænum á Kvennafrídeginum í gær?

2 Hvað bíll var valinn bíll ársins af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna?

3 Hvað heitir hinn sextán ára gamli mexíkóski fótboltamaður sem er talinn geta orðið „næsti Ronaldinho“?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Verðmæti sjávarafla janúar-júlí 2005:

# Rækjuaflinn milljarði minni

**SJÁVARÚTVEGUR** Verðmæti rækjuaflans dróst saman um tæpan milljarð á fyrstu sjö mánuðum ársins ef miðað er við sama tíma í fyrra, um 66 prósent, að því er fram kemur í tölum frá Hagstofu Íslands. Verðmæti síldaraflans jókst hins vegar um rúman milljarð, 76 prósent, og nam 2,5 milljörðum króna.

Aflaverðmæti íslenskra skipa af öllum miðum jókst um 100 milljónir á tímabilinu ef miðað er við verðlag hvors árs fyrir sig. Aflaverðmætið var 4,8 milljarðar króna og jókst því um 0,2 prósent. Verðmæti botnfiskaflans nam 28,4 milljörðum króna og jókst um rúmar 400 milljónir frá fyrra ári, eða 1,5 prósent. Verðmæti þorsks dróst saman um 15,2 milljarða króna, um ellefu prósent, verðmæti úthafskarfa dróst saman um 31 prósent, eða 600 milljónir en verðmæti karfa jókst hins vegar um 45 prósent á tímabilinu, um 1,1 milljarð.

Verðmæti ýsuaflans nam 5,2 milljörðum og hefur verðmæti hans aukist um tæpan þriðjung eða 1,2 milljarða króna. Verðmæti úthafskarfaaflans var 1,3 milljarðar króna og hefur dregist saman um 600 milljónir króna frá sama tímabili í fyrra, eða tæpan þriðjung. Verðmæti loðnuaflans jókst um rúmar 800 milljónir, 22 prósent, en verðmæti kolmunnaaflans dróst saman um 600 milljónir. - sda



**FISKISKIP Á KARFAVEIÐUM Á REYKJANESHRYGG** Verðmæti úthafskarfa dróst saman um tæpan þriðjung en verðmæti karfa jókst um tæpan helming á fyrstu sjö mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra.

Hafnarfjarðarbær:

# Funda með Sól um ræstingar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, útilokar ekki að bærinn taki aftur við ræstingum í þeim stofnunum sem hafa verið í verkahring fyrirtækisins Sólar. Fyrirtækið sagði upp samningi sínum við Hafnarfjarðarbæ í síðustu viku.

„Þetta er svo nýtilkomið að engin ákvörðun hefur verið tekin í þessu máli,“ segir Lúðvík en hann mun eiga fund með forsvarsmönnum Sólar á morgun.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, vonast til að bærinn taki aftur við ræstingunum. - jse








**PHU TIÉN NGUYÉN** Ákærður fyrir að hafa orðið Vu Van Phong að bana í matarboði í Kópavogi í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Taldi sig vera í lífshættu

**Phu Tién Nguyén segir áfengi og reiði yfir vanvirðingu hafa valdið því að hann stakk landa sinn Vu Van Phong til bana í samkvæmi í vor.**

**DÓMSMÁL** Phu Tién Nguyén er ákærður fyrir að hafa orðið Vu Van Phong að bana, en aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Með aðstoð túlks sagði Phu hvernig hann fór ásamt fjölskyldu sinni í fjölmennt matarboð í Kópavogi í lok maí. Við komuna í Kópavoginn sagðist Phu hafa verið með stóran eldhúshníf vafinn inn í dagblöð í jakkavasanum til að nota sem vernd fyrir þriggja mánaða gamlan son sinn, en samkvæmt víetnamskri hefð rekur hnífur undir dýnu í barnarúmi illa anda burt. Ekki hefðu aðrir gestir vitað um hnífinn.

Hann sagði dómurum að hann hefði verið töluvert drukkinn þetta kvöld, og sagði þá Vu hafa rifist um aldur, en samkvæmt víetnömskum sið ber yngri mönnum að sýna sér eldri mönnum virðingu. Vu var þremur árum yngri en hinn ákærði og sagðist Phu hafa orðið reiður yfir dónaskap Vu. Þeir sættust þó, en þegar Phu fór á salernið elti Vu hann þangað inn. Phu sagði Vu hafa ráðist á sig og barið sig í andlitið. Hefði Phu þá orðið mjög óttasleginn og dregið fram hnífinn í sjálfsvörn.

Í lögregluyfirheyrslu sagðist húsráðandi hafa komið inn á baðherbergið í þann mund sem Phu stakk Vu. Maðurinn reyndi að stía þeim í sundur, en í átökunum stakk Phu húsráðanda í læri. Phu mundi ekki eftir þessum hluta atburðarásarinnar og jafnframt mundi hann ekki eftir því að hafa hótað Vu lífláti eftir að aðrir matargestir höfðu tekið hnífinn af honum, sem vitni sögðu hann hafa gert. Þó mundi hann eftir að hafa farið inn í eldhús í leit að öðrum hníf, því hann taldi sig vera í lífshættu.

Við handtöku var Phu með mikla áverka á höfði. Sigurður Páll Pálsson geðlæknir sagði að þó Phu væri sakhæfur væri ekki hægt að útiloka að sakhæfi hans væri eitthvað skert því hann væri viðkvæmari fyrir höfuðáverkum vegna heilahristings sem hann hlaut í bílslysi fyrir rúmu ári. Til væri í dæminu að ofsinn sem hann sýndi væri vegna skertrar meðvitundar, en þegar hann var spurður um þetta kannaðist Phu ekki við það.

Alls voru sautján gestir í matarboðinu og báru fjölmargir þeirra vitni í gær með aðstoð túlks. Vu lét eftir sig unga barnshafandi eiginkonu og þriggja ára dóttur þeirra. Dómur fellur í málinu á næstu vikum.

smk@frettabladid.is



**KONA OG BARN HINS LÁTNA** Vu Van Phong lét eftir sig barnshafandi eiginkonu og þriggja ára son.





„Við hlökkum til að fá hann heim.“
Hörður sonur okkar er í uppsetningarsveit Hive. Hann heimsækir fólk sem hefur verið lokað inni árum saman með mjög takmarkaða tengingu og frelsar það með margfalt meiri hraða og niðurhali á aðeins 3.990 kr. á mánuði. Þó svo að frelsisbaráttan sem hófst fyrir nokkrum mánuðum sé langt komin eru enn margir sem bíða þess að losna. Vonandi verður það sem fyrst svo við sjáum Hörð um jólin. Þangað til viljum við að hann viti hvað við erum stolt af honum.
GOTT FÓLK McCANN
3.990*
Hive Lite
Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími
*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is
Hive
*M.v. 12 mánaða samning.



**SKÝRSLUNNI HAFNAÐ** Tugþúsundir Sýrlendinga mótmæltu í gær skýrslu rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna um morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, en stjórnvöld í Damaskus eru sökuð um að hafa látið ráða hann af dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konur í forystu skráðra fyrirtækja á árunum 1999 til 2004:

# Konum hefur lítið fjölgað í toppstöðum

**JAFNRÉTTI** Hlutfall kvenkyns stjórnarformanna íslenskra fyrirtækja hefur ekkert breyst á fimm árum, að því er fram kemur í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Þá hefur hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra aukist úr rúmum fimmtán prósentum árið 1999 í tæp átján prósent árið 2004 en sú fjölgun er sögð aðallega fyrir tilstuðlan nýrra fyrirtækja.

Árið 2004 voru konur átján prósent framkvæmdastjóra og 22 prósent stjórnarformanna starfandi fyrirtækja sem skráð eru í hlutafélagaskrá. Hlutfall kvenna miðað við karla er hæst í minnstu fyrirtækjunum og minnkar eftir því sem fyrirtækin stækka. Þá er hlutfall kvenna hæst í yngsta aldurshópi framkvæmdastjóra og stjórnarformanna. Einnig kemur fram að konur starfi í ríkari mæli í verslun og þjónustu en karlar.

Ef fyrirtækjum er skipt upp eftir atvinnugreinum kemur í ljós að hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra í byggingastarfsemi og fjármálastarfsemi var á bilinu sjö til átta prósent. Aðeins í veitustarfsemi og námugreftri var hlutfallið lægra, en þar starfaði engin kona sem framkvæmdastjóri.

Hlutfallið var hins vegar hæst í því sem kallast önnur samfélagsþjónusta, 41 prósent. Næsthæst var hlutfallið í fræðslustarfsemi, 38 prósent, og um þrjátíu prósent í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem og hótel- og veitingahúsarekstri. - sda



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Valgerður hefur margoft vakið athygli á lágu hlutfalli kvenna í stjórnum fyrirtækja og sent út bréf til stjórnenda þar sem þeir eru hvattir til að veita þessu athygli.



**SVEINATUNGA RIFIN** Ekki hefur verið ákveðið hvað verður byggt á lóðinni.

Bæjarskrifstofur í Garðabæ:

## Sveinatunga jöfnuð við jörðu

**SKIPULAGSMÁL** Gömlu bæjarskrifstofurnar í Garðabæ hafa nú verið jafnaðar við jörðu. Síðastliðinn áratug hafa listhneigðir grunnskælingar í Flataskóla haft aðstöðu í Sveinatungu, eins og húsið var nefnt.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það hvað byggt verði á Sveinatungulóðinni. Þó eru uppi hugmyndir um nýjan miðbæ í Garðabæ og þar er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum á svæðinu. - jse

# Barnahjólið er fyrir fullorðna

**Samtök um akstursíþróttir hafa reynt að fá fimmtíu kúbika smábifhjól leyfð hér á landi. Erfitt hefur reynst að skrá hjólin og mörg hundruð þúsund krónur kostar að tryggja þau. Löglega keppnisbraut vantar.**

**BIFHJÓL** Evu Dögg Þórsdóttur, upplýsingafulltrúa Sniglanna, var brugðið er hún las um sex ára dreng á fimmtíu kúbika smábifhjóli í Fréttablaðinu á laugardag.

„Hafa þarf skellinöðrupróf til að keyra svo kraftmikil hjól á götum úti, klæðast leðurfatnaði og vera með móturhjólahjálm," segir Eva Dögg. „Svona hjól má aðeins nota á lokuðum svæðum. Þau mega ekki vera á götunum þar sem þau eru bæði númerslaus og ljóslaus."

Brynhildur Georgsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs hjá Umferðarstofu, staðfestir að prófskírteini þurfi til að nota hjól sem þetta á götunum. Tólf ára börn megi nota þau á lokuðum svæðum. Hún segir öll vélknúin götuhjól sem fari hraðar en fimmtán kílómetra á klukkustund skráningarskyld. „Tryggingafélögin meta þessi hjól einnig stranglega. Ef menn skrá þau fá þeir iðgjöld upp á nokkur hundruð þúsund krónur."



**SEX ÁRA Á SMÁBIFHJÓLI** Félagarnir í GP Ísland segja hjól sem þessi ná frá fimmtíu til áttatíu kílómetra hraða á klukkustund.

Eva Dögg stendur ásamt Kristjáni Hafliðasyni og fleirum að félaginu GP Ísland. Markmið þess er meðal annars að setja upp og reka mótaraðir í akstursíþróttum. Eva segir félagið hafa sótt stíft í að fá leyfi til að keppa á slíkum hjólum en ekki fengið. Kristján segir að sumir hafi fengið að flytja hjólin inn sem leikföng en þá sé búið að takmarka hraða þeirra við þrettán kílómetra á klukkustund. „Reynt hefur verið að flytja þrjátíu til fjörutíu hjól inn til landsins en þau hafa verið endursend því þau hafa hvorki grindarnúmer né upprunanúmer."

Brynhildur segir málið í klemmu, því sérstök æfingasvæði þurfi svo hægt sé að nota hjólin löglega. Áhuga skorti hjá sveitarfélögum að koma upp slíkum svæðum og engin hér hafi hlotið viðurkenningu. „Samgönguráðuneytið hefur lýst yfir áhuga á að ganga í málið og taka það til heildarendurskoðunar. Slíkt þarf að gerast í samráði við tryggingafélög, lögreglu, sveitarfélög og ráðuneytin sem standa að þeim sem og vélhjólafélög sem líta á þetta sem íþrótt," segir Brynhildur og bætir við að eitt af því sem þurfi að skoða sé að lækka aldur þeirra sem megi nota hjólin.

gag@frettabladid.is






**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Var kjörin forseti Íslands árið 1980 og var fyrst kvenna í heiminum til að gegna þeirri stöðu.

Sérrit um stöðu kynjanna síðustu þrjá áratugi:

# Enn hallar á hlut kvenna

**JAFNRÉTTI** Um átta af hverjum tíu forstöðumönnum ríkisstofnana eru karlar. Fyrir þrjátíu árum voru þeir níu af hverjum tíu, að því er fram kemur í Hagtíðinum Hagstofu Íslands.

Í ritinu, sem nefnist Konur og karlar 1975 til 2004, er þess freistað að skoða með tölum hvernig staða kynjanna á Íslandi hefur þróast á síðustu þremur áratugum.

Þar kemur fram að stórt bil er enn milli atvinnutekna kvenna og karla og munur á meðaltímakaupi kynjanna meðal verkafólks og afgreiðslufólks hefur lítið breyst á tímabilinu. Laun kvenna sem hlutfall af launum karla voru árið 2004 frá 63 til 98 prósent af launum karla, mismunandi eftir hópum og launaviðmiðunum. „Konur hafa haslað sér völl víða og eru komnar til áhrifa í samfélaginu en það skortir enn á að það sé til jafns við karla," segir í ritinu.

Þegar rýnt er í tölurnar kemur í ljós að fyrir þrjátíu árum voru konur fimm prósent alþingismanna og fjögur prósent sveitarstjórnarmanna en engin kona sat þá í ríkisstjórn. Tíu árum síðar, árið 1985, voru konur orðnar fimmtán prósent þingmanna og tólf prósent sveitarstjórnarmanna og sat ein kona í ríkisstjórn. Auk þess hafði Vigdís Finnbogadóttir verið kjörin forseti Íslands fimm árum áður.

Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2002 voru konur 31 prósent sveitarstjórnarmanna og þrjátíu prósent þingmanna eftir alþingiskosningarnar 2003. Eftir breytingar á þingliði nú í haust eru þær nú nær þriðjungur þingmanna. Þá sitja þrjár konur í tólf manna ríkisstjórn.

Fyrir þremur áratugum voru konur þrjú prósent þeirra sem sátu í opinberum nefndum og ráðum en hlutfallið er nú um þrjátíu prósent. Lengst af gegndu einungis karlar störfum ráðuneytisstjóra, sendiherra og hæstaréttardómara svo fátt eitt sé talið. Árið 1995 voru konur einnig komnar í þau störf. Nú um stundir eru tvær konur ráðuneytisstjórar og aðrar tvær hæstaréttardómarar. Þá gegnir ein kona starfi sendiherra, og er hlutfallið einungis þrjú prósent. Þrjár aðrar konur hafa verið skipaðar sendiherrar en hafa ekki enn tekið til starfa. - sda

VERÐVERND • VERÐVERND •

...ekkert mál!

# VERÐVERND

**Kæru neytendur:**

Húsasmiðjan hóf í dag að bjóða viðskiptavinum sínum fyrst fyrirtækja VERÐVERND á bygginga- og heimilisvörum. VERÐVERNDIN tryggir viðskiptavinum Húsasmiðjunnar ávallt samkeppnishæft verð. Ef þú kaupir vöru í einhverri af 18 verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og sérð síðan sömu vöru auglýsta á lægra verði annars staðar á Íslandi innan 15 daga frá kaupunum þá endurgreiðum við þér mismuninn – ekkert mál! Til viðbótar færðu frá okkur 15% af verðmuninum fyrir að aðstoða okkur við að viðhalda samkeppnishæfu verði í verslunum okkar.

Reykjavík 24. október 2005

Steinn Logi Björnsson, Forstjóri

Við endurgreiðum mismuninn PLÚS 15%

**Hvergi lægra verð...**
...fyrir sömu vöru

Nánari skilmálar: www.husa.is

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## „ORÐRÉTT“

*Misskilningur*

**„Ég sagði að tungumálaörðugleikar yrðu framundan og að það þyrfti að sýna þeim góða verkstjórn og góðan aga.“**

Eiður Eiríkur Baldvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannaleigunnar 2B, í Fréttablaðinu um samskipti sín við Suðurverk á Kárahnjúkum. Hann segir það misskilning að hann hafi sagt verkstjórum að lemja Pólverjana til hlýðni.

*Bestur*

**„Og fréttastjóri Sjónvarps sagði eitt sinn að ég væri besti blaðamaður landsins.“**

Hallur Hallsson blaðamaður í Morgunblaðsgrein um samskipti sín og fréttaritstjóra Fréttablaðsins.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SÉRA BALDUR VILHELMSSON, FYRRUM SÓKNARPRESTUR Í VATNSFIRÐI

## Internetið komið í sveitina

„Það er grátt í rót og austanandvari hér í Vatnsfirði en af mér er allt gott að frétta,“ segir séra Baldur Vilhelmsson, fyrrum prestur í Vatnsfirði.

„Annars kom hingað flokkur símamanna og var einhvern skrambann að aðhafast svo nú er komið internet á hvern bæ hér í sveitinni. Það breytir nú ekki svo miklu fyrir mig því ég kann ekkert á þetta. Ég held mig bara við símann því hann er okkar öryggistæki, sérstaklega á veturna.“

Margir Ísfirðingar hafa sagt frá því hve lifnað gat yfir bænum þegar séra Baldur var þar á ferð en fer hann oft í bæinn? „Nei, ég er lítið á ferðinni. Það er best að hreyfa sig sem minnst því eins og Halldór Laxness sagði: „það grær ekki um farandi stein.“ Þó verð ég nú að gera mér ferð á Ísafjörð í næstu viku til að láta skoða bílinn. En svo er svolítil umferð hérna, menn koma og skoða kirkjuna og þá hef ég oft sagt mönnum til. Svo er búið að grafa upp landnámsbæ hér við túnfótinn hjá mér og það koma margir að skoða hann en þar er allt svo kyrfilega merkt með upplýsingaspjöldum svo þess gerist ekki þörf að ég sé að þusa yfir fólki um það sem þar er að sjá. Á þessum bæ bjó Snæbjörn nokkur, bróðir Helga magra. Hann kom með lið sitt hingað frá Írlandi. Annars er ekkert voðalega mikið framundan, ég bíð bara spenntur eftir að jólabókaflóðið skelli á. Ég hef nú þegar skrifað hjá mér tvær bækur sem ég ætla að kaupa þegar þær verða fáanlegar á Ísafirði.“




HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri hlustar

Háaleiti

Breiðagerðisskóla í kvöld kl. 20

Blesugróf, Háaleiti, Múlar, Kringlan, Bústaðir, Fossvogur og Smáíbúðahverfi

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju



Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Næsti hverfafundur:
Grafarvogur – fimmtudaginn 27. október kl. 20 í Víkurskóla

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7




**HLUSTAÐ Í ANDAKT** Á meðan fjöldi fólks beið í biðröðum fyrir utan staðina þar sem Iceland Airwaves tónleikarnir fóru fram nutu þeir tónlistarinnar sem inn komust. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

# Borgaði sex þúsund en stóð lengst af í röðum

**Fjöldi manns þurfti að hverfa frá nokkrum atburðum á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni þrátt fyrir að hafa greitt fullt verð fyrir aðgöngumiða. Aðstandendur hátíðarinnar ætla að athuga hvernig koma megi í veg fyrir að slíkt ástand skapist aftur.**



**ROKK OG RÓL** Almennt var góð stemning inni á stöðunum á Iceland Airwaves-hátíðinni og eina gagnrýnin snýr að örðugleikum við að komast inn. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Valgeir Örn Ragnarsson, sem ætlaði að fylgjast vel með Airwaves-hátíðinni sem lauk á sunnudag, segist vera mjög sár yfir því að hafa borgað um 6.000 krónur fyrir armband á hátíðina og hafa síðan þurft að dúsa í biðröðum meiripart hennar.

Fjöldi gramra tónleikagesta hefur furðað sig á löngum biðröðum sem mynduðust yfir hátíðina, sérstaklega fyrir utan skemmtistaðinn Nasa.

Árni Einar Birgisson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segir að tónlistarmenn eins og José González, Clap Your Hands Say Yeah, Ratatat og fleiri hafi fyrir nokkrum vikum síðan verið nær óþekktir hér á landi en síðan hafi myndast gríðargóð stemning fyrir tónleikum þeirra. Á meðan hafi stærri bitar á við The Zutons, International Noise Conspiracy, Juliette & The Licks og The Fiery Furnaces ekki trekkt eins marga að og menn höfðu spáð fyrir.

Helgi Hrafn Guðmundsson segir að hann hafi misst af fjölda tónleika sem hann hafi ætlað að sjá einfaldlega vegna biðraða. Hann hafi ekki einu sinni reynt við biðröðina á Nasa á laugardaginn. Sú röð náði frá Nasa og að Alþingishúsinu og myndaðist á tíma mikill troðningur fyrir framan innganginn. Biðu sumir í allt að tvo til þjá tíma í röðinni. Árni Einar segir að þegar mest var hafi verið um 280 manns í röðinni þó að aðrir vilji halda því fram að þeir hafi verið 3-400 auk þess sem um fimmtíu manns með forgangspassa hafi beðið í röð. Árni segir að röðin hafi byrjað að myndast um klukkan 21.40 og hafi ekki verið horfin fyrr en um klukkan 02.30. Hann segir hins vegar að einhverjir smá misbrestir hafi orðið á milli yfirdyravarðar þeirra og yfirmans Nasa um það hverjum ætti að hleypa inn og hverjum ekki.

Árni Einar segir að jafn margir miðar hafi verið til sölu í ár og í fyrra. „Það er mjög erfitt að spá fyrir fram hvaða tónleikar eiga eftir að vera vinsælir og hverjir ekki. Plötusala gefur yfirleitt góða mynd af því en gerði það alls ekki í ár. Flestir þeirra sem ég hef talað við hafa hins vegar ekki sett út á neitt annað hjá hátíðinni þannig að hún gekk að öðru leyti mjög vel. Spennan fyrir hátíðinni hefur verið að aukast mikið síðustu ár og það útskýrir kannski þessar biðraðir. Niðurröðun hljómsveita hjá okkur gekk hins vegar ekki upp og við munum á næstu dögum setjast niður ásamt aðilum sem koma nálægt hátíðinni og fara yfir það sem fór úrskeiðis og hvað má bæta,“ segir Árni að lokum.

steinthor@frettabladid.is



*Mazda6 MPS*

# Við erum Mazda



*Mazda2*



*Mazda3*

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavina Mazda liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.

**Við erum Mazda á Íslandi.**



*Mazda5*



*Mazda6*

Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.

**Við seljum Mazda nú þegar.**

Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.



*Mazda MX-5*

**Veldu annan stíl. Vertu Mazda.**

Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.



*Mazda RX-8*

***Vertu Mazda.***
***Mazda er á öruggum stað.***
***Komdu í Brimborg.***

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

*Greitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.mazdabrimborg.is**

## SVONA ERUM VIÐ

Skipting kynjanna í stjórn ASÍ




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ALGENGT SMIT Í GRUNNSKÓLUM LANDSINS

# *Hvernig losnar maður við höfuðlús?*

Um þessar mundir hefur nokkuð borið á höfuðlús í grunnskólum landsins. Smit er stundum þrálátt í bekkjum, því ekki þarf að nema foreldrar eins barns trassi að gera viðeigandi ráðstafanir til að lúsin berist á milli á ný.

**Hvernig á að greina lúsina?**
Leita þarf að lús í höfuðhárinu með nákvæmri skoðun, en það er best gert með kembingu með lúsakambi við góða birtu yfir hvítum fleti eða spegli. Sumum finnst best að kemba þurrt hár, en aðrir blautt og jafnvel með hárnæringu í.

Ef lús finnst þarf meðferð. Í fljótu bragði lítur nit út eins og flasa, en föst við hárið. Nit er helst að finna ofan við eyrun og við hárlínu aftan á hálsi. Lúsina sjálfa má greina með berum augum.

**Hvernig smitast lús?**
Lúsin stekkur ekki líkt og fló, en getur skriðið á milli hausa ef bein snerting verður frá hári til hárs. Þá syndir hún hvorki né flýgur.

Falli lús úr umhverfi sínu verður hún strax löskuð og veikburða og því talið ólíklegt að hún geti skriðið af fatnaði eða innanstokksmunum á milli fólks. Þó er ekki hægt að útiloka að hún gæti borist með greiðum, burstum, húfum og höfuðbúnaði sem notað er af fleiri en einum innan skamms tíma.

**Hvernig lýsir smit sér?**
Tveir af hverjum þremur sem fá lús fá engin einkenni, en þriðjungurinn fær kláða, sem sagður er stafa af ofnæmi gegn munnvatni lúsarinnar. Kláðinn getur orðið nokkuð mikill og húð roðnað og bólgnað þegar sá lúsugi klórar sér.

**Hvernig losnar maður við lús?**
Til að drepa óværuna þarf að kaupa lúsadrepandi efni, en þau eru seld án lyfseðils í apótekum. Algegnast er að mælt sé með notkun efna í alkóhóllausn, sem eru sett í þurrt hár og látin þorna og vera í hárinu í um hálfan sólarhring. Meðferðina þarf svo að endurtaka eftir viku til tíu daga. Til að koma í veg fyrir endursmit þarf að skoða alla heimilismenn og nána vini til að leita lúsar og meðhöndla alla samtímis.



## SPURT OG SVARAÐ

LANDSFUNDUR VINSTRI GRÆNNA

### *Kraftmikill fundur*

Vinstrihreyfingin - grænt framboð hélt landsfund um helgina. Á fundinum voru samþykktar fjölmargar ályktanir. Katrín Jakobsdóttir var kjörin varaformaður og Steingrímur J. Sigfússon formaður.

**Hvernig tókst til?**
Þetta tókst bara alveg frábærlega, Þetta var stærsti og kraftmesti fundur sem við höfum haldið og stemningin var mjög góð. Það sem var líka skemmtilegt var að unga fólkið fjölmennti, sérstaklega ungar konur.

**Hver var meginniðurstaðaða fundarins?**
Það sem bar hæst var samþykkt nýju kvenfrelsisstefnunnar og hvernig unga fólkið gerði sig gildandi á fundinum. Menntastefnan er einnig merkileg en við gerðum heildstæða skólastefnu fyrir öll skólastigin. Við viljum slá af samræmd próf og erum á móti styttingu náms framhaldsskóla.

**Hvert er takmarkið fyrir næstu kosningar?**
Við viljum að stjórnarandstaðan vinni betur saman. Takmarkið er ósköp einfalt - það er að ná meirihlutanum og fella stjórnina.

**Hvað ætlar þú að vera formaður flokksins lengi?**
Það er engin tímasetning komin á það. Ég tek nú bara eitt skref í einu og verð allavega næstu tvö ár og leiði flokkinn í gegnum næstu kosningar.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Formaður Vinstri grænna.

Annars þurfa flokksmenn ekki að kvíða framtíðinni því það er nóg af ungu fólki til að taka við stjórnartaumunum.




# Keppast um hylli 300.000 flokkssystkina

**„Davíðarnir tveir“ í leiðtogaslag brezka Íhaldsflokksins, David Cameron og David Davis, keppast á næstu vikum um hylli hinna 300.000 flokkssystkina sinna. Stuðningsmenn Camerons trúa honum til að geta endurnýjað flokkinn líkt og Tony Blair endurnýjaði Verkamannaflokkinn. Davis á stuðning hægri arms flokksins vísan.**



**DAVID DAVIS** Fulltrúi hægriarmsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þeir Cameron og Davis stóðu einir eftir af upprunalega fimm keppinautum um flokksleiðtogastólinn er síðasta útsláttaratkvæðagreiðslan fór fram í þingflokknum á fimmtudaginn. Af frambjóðendunum fimm dró Malcolm Rifkind sig fyrstur í hlé. Í fyrstu atkvæðagreiðslunni heltist Kenneth Clarke úr lestinni. Liam Fox var síðan sá þriðji sem féll úr leik er hann fékk færri atkvæði en þeir Cameron og Davis. Það munaði reyndar minnu á honum og Davis en búizt var við - Fox fékk 51 atkvæði en Davis 57.

Cameron fékk afgerandi mestan stuðning, 90 atkvæði. Hefði hann fengið hreinan meirihluta í atkvæðagreiðslunni hefði Davis hugsanlega dregið sig í hlé og Cameron þar með staðið uppi sem nýr leiðtogi án þess að almennir flokksmenn fengju færi á að segja sitt álit. Í skoðanakönnunum meðal flokksmanna hefur stuðningurinn reyndar mælst öllu meiri við Cameron en Davis að undanförnu og Davis mun því eiga á brattann að sækja.

**Eton og bæjarblokk**

Mikill munur er á félagslegum uppruna þeirra Camerons og Davis. Cameron, sem verður fertugur á næsta ári, er af vel þénandi menntafólki kominn, gekk í Eton-heimavistarskólann og háskólann í Oxford. Eiginkona hans er af aðalsættum.

Davis aftur á móti ólst upp hjá einstæðri móður í bæjarblokk í suðurhluta Lundúna en komst til mennta þar sem honum hlauzt styrkur frá hernum til háskólanáms. Hann þjónaði sem varaliðsmaður sérsveitar í hernum og stærir sig af því að hafa nefbrotnað fimm sinnum. Davis, sem er nú 56 ára, sótti nám í Harvard-háskóla og hóf árangursríkan feril í viðskiptum áður en stjórnmálin urðu hans aðalstarf.

Hann hefur setið á þingi síðan 1987 og vann sig smám saman upp metorðastigann innan flokksins. Árið 2001 bauð hann sig fram í leiðtogakjöri en heltist hins vegar úr lestinni strax í fyrstu umferð. Davis studdi þá Iain Duncan Smith, sem vann og gerði Davis að einum formanna flokksins. Síðan þá hefur hann beðið síns tíma. Davis er talsmaður flokksins í innanríkismálum og mikill talsmaður efldrar löggæslu og strangrar innflytjendastefnu.

Eftir að Michael Howard tilkynnti eftir kosningarnar í vor að hann hygðist hætta sem flokksleiðtogi í haust var Davis lengi talinn sigurstranglegastur. Margir flokksmenn töldu hann líklegan til að höfða til breiðari kjósendahóps vegna verkalýðsuppruna síns og þannig færan um að gera Íhaldsflokkinn samkeppnisfærari við Verkamannaflokkinn í næstu kosningum. En sú staða breyttist eftir að hann flutti frekar misheppnaða ræðu á flokksþingi flokksins í Blackpool fyrr í haust. Þar tókst Cameron aftur á móti að heilla flokksþingsfulltrúa með blaðlaust fluttri andríkri ræðu. Hann hefur líka unnið prik hjá mörgum flokksmönnum með því hvernig hann hefur tekið á tilraunum æsifréttablaða til að gera hann tortryggilegan með spurningum um hvort hann hafi einhvern tímann neytt ólöglegra fíkniefna.

**Maður nýrra hugmynda**

Stuðningsmenn Camerons hampa honum sem manni nýrra hugmynda. Honum fylgi þeir fersku vindar sem flokkurinn þurfi á að halda til að eygja möguleika á að skáka Verkamannaflokki Blairs og Browns út úr stjórnarráðinu. Hann sé fær um að endurnýja flokkinn með sambærilegum hætti og Blair gerði við Verkamannaflokkinn á sínum tíma.

Þeir íhaldsmenn sem ekki eru eins sannfærðir um ágæti Camerons benda á að hann skorti reynslu, þar sem hann hafi fyrst tekið sæti á þingi árið 2001. En Cameron er vel heima í valdataflinu í Westminster. Hann gekk til liðs við rannsóknaþjónustu Íhaldsflokksins árið 1988, þá 22 ára að aldri, vann sem sérlegur ráðgjafi Norman Lamont, þáverandi fjármálaráðherra, og aðstoðaði John Major forsætisráðherra við undirbúning þingkappræðna um miðjan tíunda áratuginn. Cameron er nú talsmaður flokksins í menntamálum og er mjög áfram um betri aðbúnað sérkennsluskóla fyrir fötluð börn. Sjálfur á hann fjölfatlaðan son.



**DAVID CAMERON** Talinn miðjumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við verðum að umbylta flokknum okkar,“ segir Cameron í stefnuyfirlýsingu sinni. „Hann verður að líta út, finna til, hugsa og hegða sér eins og alveg nýr félagsskapur. ... Það er kominn tími til að endurmóta gildi okkar í takt við þá tíma sem við lifum á,“ segir hann.

Úrslitin úr leiðtogakjörinu verða kunngjörð þann 6. desember.



FRÉTTASKÝRING
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is



JENS STOLTENBERG FORSÆTISRÁÐHERRA NOREGS „Við fylgjumst með því hvernig umræðan þróast á Íslandi því hún hefur áhrif í Noregi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Umræðan hér hefur áhrif á Norðmenn

**Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, segir að umræða á Íslandi um aðild að Evrópusambandinu geti haft mikil áhrif í Noregi. Hann situr fundi í Reykjavík ásamt öðrum forsætisráðherrum við upphaf Norðurlandaráðsþings.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hafði orð fyrir forsætisráðherrum Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á blaðamannafundi í Reykjavík í gærkvöldi.

„Viðræður okkar snerust einkum um samband Norðurlanda og Eystrasaltslandanna við Evrópusambandið og tengslin milli ES og Evrópska efnahagssvæðisins. Við ræddum einnig sambandið við Rússland og Úkraínu. Við ræðum þau mál áfram á síðari fundi hér. En einnig ræddum við tengsl Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.“

Spurðir um formlega aðild Eystrasaltsríkjanna að Norðurlandaráði sagði Halldór að slíkar aðildarumsóknir hefðu ekki borist.



Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, sagði að tengslin og samvinnan við Rússland væri afar þýðingarmikil. Svíþjóð, Finnland og Danmörk eiga aðild að Evrópusambandinu og sagði Persson að umræður um nánari samvinnu við Rússa færu fram innan þess einnig. „Hagsmunirnir liggja á orkusviðinu, framboði á eldsneyti, áætlunum um að horfa til fjölbreytilegra orkugjafa og verða ekki háðir eldsneyti frá einu eða tveimur löndum innan álfunnar. Það er margt að ræða við Rússa bæði af hálfu Norðurlandaráðs og Evrópusambandsins,“ sagði Göran Persson.

„Norðmenn vilja áfram grundvalla tengsl sín við Evrópusambandið á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,“ sagði Jens Stoltenberg, nýbakaður forsætisráðherra Noregs. Sósíalíski vinstriflokkurinn, samstarfsflokkur Verkamannaflokksins í nýrri ríkisstjórn Noregs, er andvígur inngöngu í Evrópubambandið og í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er ekki gert ráð fyrir aðildarumsókn. „Verkamannaflokkurinn áskilur sér þó frelsi til þess að fylgja stefnu sinni í Evrópumálum, taka upp málið ef og þegar sá tími kemur að Norðmenn eru reiðubúinir á ný til þess að taka afstöðu til inngöngu í Evrópusambandið,“ segir Stoltenberg. Norðmenn höfnuðu inngöngu í Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1972 og aftur árið 1994. Stoltenberg segir að ef ætlunin sé að sækja um inngöngu verði að ganga úr skugga um að það sé afdráttarlaus vilji þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Ég er viss um að ef Ísland sækir um inngöngu í Evrópusambandið mun það hafa mikil áhrif á umræðuna í Noregi. Við fylgjumst með því hvernig umræðan þróast á Íslandi því hún hefur áhrif í Noregi. En ólíkt Íslendingum höfum við í tvígang farið í gegnum samningaviðræður, sótt um inngöngu og fellt aðildina í þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði Jens Stoltenberg í samtali við Fréttablaðið.

Þing Norðurlandaráðs hefst formlega í dag með fundi forsætisráðherra Norðurlanda. Tveir þeirra, Göran Persson og Jens Stoltenberg, fara af landi brott að loknum fundinum.

Allt að 800 manns eru komnir til Reykjavíkur vegna þings Norðurlandaráðs, þar af um 100 þingmenn og ráðherrar. Nokkrir tugir fulltrúa Eystrasaltsríkjanna, blaðamenn og fleiri eru hér á landi í tengslum við þingið, sem stendur fram á fimmtudag.

johannh@frettabladid.is

FARÐU ALLA LEIÐ
Komdu í reynsluakstur strax í dag!
Með bílinn handa þér



NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3 WINDSOR kr. 5.530.000
Skoðaðu ný LAND ROVER verð á www.landrover.is
LAND-ROVER GO BEYOND™
B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

FJölmenni tók þátt í kvennafrídeginum víða um land í gær.

## Hátíðis- og baráttudagur

Það hefur verið ánægjulegt á undanförnum dögum að fylgjast með aðdraganda kvennafrídagsins í gær, þegar þess var minnst að þrjátíu ár voru liðin frá deginum mikla árið 1975. Aðdragandinn nú hefur verið með öðrum hætti en þá og ljóst fyrir nokkru að mikil þátttaka yrði í göngunni og útifundinum í Reykjavík sem haldinn var með glæsibrag í gær. Eftir því sem nær dró deginum mikla bættust svo fleiri og fleiri staðir við utan höfuðborgarinnar þar sem haldið var upp á daginn. Þar voru víða haldnar fjölmennar samkomur.

Á þeim árum sem liðin eru frá kvennafrídeginum forðum hafa orðið miklar breytingar á samfélaginu, ekki síst á allra síðustu árum. En hafa orðið jafnmiklar breytingar á högum kvenna í jafnréttisátt og á öðrum sviðum þjóðfélagsins? Það er mikið vafamál.

*Gærdagurinn var ekki bara hátíðisdagur til að minnast dagsins fyrir þrjátíu árum, heldur ekki síður baráttudagur fyrir jafnrétti karla og kvenna.*

Fyrir þrjátíu árum bar töluvert á fiskvinnslukonum í hópi baráttukvenna og þar urðu til margar hversdagshetjur, sem því miður heyrist ekki lengur í. Það má segja að bankakonurnar hafi tekið við af fiskvinnslukonunum að vissu leyti, því þeim hefur fjölgað mjög. Það eru þær sem mest ber á í afgreiðslum bankanna, líkt og vinnslusölum fiskvinnslunnar þegar landvinnslan stóð með sem mestum blóma. En þrátt fyrir að konum í starfsliði bankanna hafi fjölgað mjög ber enn lítið á konum í hópi æðstu stjórnenda þeirra. Þær eru aðeins örfáar konurnar sem sitja þar á efstu hæðum, þótt fleiri og fleiri konur gegni störfum útibús- og deildarstjóra í bankakerfinu. Þarna er verk að vinna, því ekki eru konur síður vel menntaðar á viðskiptasviðinu en karlar.

Aðeins örfáar konur hafa komist til æðstu metorða á sínu sviði hér á landi, þrátt fyrir að við höfum átt fyrsta kvenforsetann í heiminum sem kosinn hefur verið beinni kosningu. Þar ruddi Vigdís Finnbogadóttir brautina svo eftir var tekið og enn er hún í fararbroddi þegar um er að ræða baráttu fyrir jafnrétti kvenna og karla.

Allir eru sammála um að jafna þurfi hlut kynjanna á mörgum sviðum, ekki síst hvað varðar launamál, en þrátt fyrir það miðar hægt í rétta átt. Margir hafa haft uppi hástemmd orð um launajafnrétti en það er eins og þar sé einhver stífla sem erfitt er að losa. Félagsmálaráðherra varpaði fram þeirri hugmynd hér í Fréttablaðinu í gær að komið yrði á svokallaðri gæðavottun á laun. Þá yrðu fyrirtæki að opna launabókhald sitt fyrir sérstökum matsmönnum, sem gæfu þá út vottorð um hvort í viðkomandi fyrirtæki ríkti launajafnrétti. Þetta er athyglisverð hugmynd og einnig það að ráðherrann hefur tekið til í eigin garði varðandi launajafnrétti og mættu fleiri fylgja í fótspor hans í þeim efnum.

Skilaboðin frá hátíðarhöldum gærdagsins rata vonandi rétta leið, því þrátt fyrir að við undirbúning dagsins hafi konur verið hvattar til að hafa hátt er alvarlegur undirtónn í þessu öllu. Gærdagurinn var ekki bara hátíðisdagur til að minnast dagsins fyrir þrjátíu árum, heldur ekki síður baráttudagur fyrir jafnrétti karla og kvenna. Verum minnug þess.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### „Meiriháttar mannamót“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra víkur að nýafstöðnum landsfundi Vinstri grænna með þessum orðum á vefsíðu sinni, bjorn.is: „Það var sagt frá því í fréttum, að aðeins hefði munað tveimur atkvæðum á landsfundi vinstri/grænna, að samþykkt yrði að leggja niður þjóðkirkjuna. Mátti heyra á Steingrími J. Sigfússyni, formanni flokksins, að honum var brugðið vegna þessa litla munar. Það kom mér hins vegar á óvart, að heyra tölurnar, því að þær sýndu, að fundarmenn voru innan við 100 en Steingrímur J. hefur talað um fundinn eins og um meiriháttar mannamót væri að ræða, en fjöldinn nær ekki einu sinni þeim fjölda, sem tekur þátt í störfum nefndar á landsfundi okkar sjálfstæðismanna.“

### Ameríkanisering?

Velferðarkerfinu á Íslandi verður ekki haldið upp með amerískum sköttum, sagði Steingrímur J. Sigfússon á landsfundinum. Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, svarar fyrir framsóknarmenn á vefsíðu sinni, bjorningi.is: „Í hverju birtist ameríkanisering velferðarkerfisins? Birtist hún í lengsta og fullkomnasta fæðingarorlofskerfi á Vesturlöndum? Birtist hún í gjaldfrjálsum skólum allt frá grunnskóla og upp háskólastigið og hugmyndum um gjaldfrelsi í leikskólum að auki? Birtist hún í mismunun á spítulum eftir efnahag? Birtist hún í kaupmáttaraukningu sem á sér ekki líka á Vesturlöndum, eða um 60% á tíu árum?“



### Besta og versta

Björn Ingi heldur áfram: „Steingrímur J. Sigfússon grætur norræna velferðarmódelið. Af hverju gerir hann það? Við Íslendingar höfum tileinkað okkur margt það besta úr norræna módelinu, en reynt að skilja eftir það versta. Við trúum því að flestir eigi að hafa vinnu og hér á landi er atvinnuleysi miklu minna en á Norðurlöndum og atvinnuþátttaka almennt meiri. Við trúum því að skattpíning sé letjandi og höfum því ekki tekið upp ofurskattastefnu. Við viljum heldur að launin hækki og almenningur ráði því sjálfur í hvað aukin fjárráð fara, þegar tekið hefur verið tillit til reksturs hina sameiginlega velferðarkerfis, öryggisnets okkar allra.“

gm@frettabladid.is

# Af rápi í borgarstjórn

Í DAG
PÓLITÍK



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Mér finnst pólitík merkileg og mikilsverð. Kannski hef ég skrifað það áður í þessum pistlum, ef svo er ætla ég ekki að biðja lesendur velvirðingar á endurtekningunni, ég er nefnilega vís með að segja það einhvern tímann aftur og ég er þeirrar skoðunar að kona eigi ekki að afsaka athafnir sínar nema að hún ætli að gera sitt besta til að endurtaka þær ekki.

Polis er gríska orðið fyrir borgríkið og pólitík snerist um hvernig haga skyldi málum í borgríkinu – nú til dags í landinu, þjóðfélaginu, í okkar tilfelli lýðveldinu. Pólitík er síður en svo eitthvert einkamál stjórnmálamanna, eða eitthvað sem kemur venjulegu fólki bara við á kosningadaginn. Flest sem snertir daglegt líf okkar er pólitík. Vinnutíminn, skattarnir, skólarnir, matarverðið, skólamáltíðirnar, strætó, allt er þetta pólitík. Einu sinni var meira að segja pólitík hvort bæjarstarfsmenn eða verktakar hirtu sorpið. Fólk á ekki að leyfa sér að halda því fram eða láta sem því komi pólitík ekki við.

Ég veit ekki hver það var sem sagði að rónarnir kæmu óorði á brennivínið, en það var sniðuglega sagt og einhver bætti við að stjórnmálamenn kæmu óorði á pólitíkina. Því miður finnst þessari konu stundum svolítið til í því. Nú sér hún t.d. í flenniauglýsingum í blöðunum að borgarstjórinn hafi fengið eyru. Borgarbúar eru hvattir til að flykkjast á hverfafundi þar sem borgarstjórinn ætlar að hlusta. Stjórnmálamenn fá eyru og hlusta á fjögurra ára fresti – það er kannski ekkert athugavert við það. Hitt er frekar athugavert að stjórnmálamenn virðast almennt mjög gleymnir, nema það sé svo að þeir hlusti bara en heyri ekki neitt.

Þegar kosningar eru ekki á næstu grösum eru stjórnmálamenn ekki mikið fyrir að hlusta, þá eru þeir meira fyrir að útskýra. Þá segja þeir okkur og skýra út fyrir okkur hvernig hlutirnir eru, ef einhver mótmælir eða stingur upp á annarri leið þá er fólki gerð góð grein fyrir því að það skilji ekki hlutina hvort heldur það er nú borgarskipulag eða eitthvað allt annað. Þegar langt er í kosningar hafa stjórmálamennirnir einir hinn rétta skilning.

*„Ég veit ekki hver það var sem sagði að rónarnir kæmu óorði á brennivínið, en það var sniðuglega sagt og einhver bætti við að stjórnmálamenn kæmu óorði á pólitíkina. Því miður finnst þessari konu stundum svolítið til í því.“*

Ég játa fúslega að það er ýmislegt sem ég ekki skil. Eitt af því er rápið sem virðist vera á borgarstjórnarfundum, ef marka má fundirgerðir af þeim fundum. Gaman væri að fá skýringu einhverra borgarfulltrúa á þessu rápi öllu saman. Þetta er úr seinni hluta fundargerðar frá 6. september:

- **Kl. 16.55** var umræðum utan dagskrár lokið og reglulegum fundi fram haldið, umræðum um framtíð Vatnsmýrar.
- **Kl. 17.30** tók Kjartan Magnússon sæti á fundinum og Benedikt Geirsson vék af fundi.
- **Kl. 17.35** tók Hanna Birna Kristjánsdóttir sæti á fundinum og Jórunn Frímannsdóttir vék af fundi.
- **Kl. 18.30** var gert fundarhlé.
- **Kl. 19.04** var fundi fram haldið og viku þá Stefán Jón Hafstein og Dagur B. Eggertsson af fundi og Helgi Hjörvar og Stefán Jóhann Stefánsson tóku þar sæti

4. Rætt um nýtt leiðakerfi Strætó bs.

- **Kl. 19.25** vék Björn Bjarnason af fundi og Jórunn Frímannsdóttir tók þar sæti.

5. Rætt um starfsmannamál leikskóla og frístundaheimila.

- **Kl. 20.23** vék Anna Kristinsdóttir af fundi og Marsibil Sæmundsdóttir tók þar sæti.
- **Kl. 20.35** tók Stefán Jón Hafstein sæti á fundinum og Helgi Hjörvar vék af fundi.
- **Kl. 21.17** tók Helgi Hjörvar sæti á fundinum og Sigrún Elsa Smáradóttir vék af fundi.

Þegar ég sá þessar tímafærslur allar saman þá datt mér nú fyrst í hug hvort ekki væri einfaldara fyrir borgarstjórn að fá sér bara stimpilklukku. En svo áttaði ég mig á því að auðvitað hlýtur eitthvað mjög mikilsvert að liggja þarna að baki, þ.e.a.s. annars vegar rápinu og hins vegar því að færa það svo skilmerkilega til bókar.

Ef rápið er til að fjölga þeim sem koma að málum þá er það hið besta mál, hreinlegra og betra væri samt að fjölga borgarfulltrúum. Kannski er rápið til að útvega varaborgarfulltrúm kaup, því þeir fá 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund sem þeir sitja. Átta varaborgarfulltrúar sátu fundinn 6 september – það eru samtals 32% af þingfararkaupi sem við borgararnir virðumst hafa borgað aukalega fyrir einn fund í borgarstjórn sem stóð frá 14.00 til 22.22. En ég hef nú örugglega misskilið þetta eitthvað.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Ótrúlegt verð
## á vetrardekkjum



**Hágæða ónegld og negld vetrardekk. Mikið skorin með grófu munstri og nöglum sem henta vel í snjó og hálku.**

## Dekkjastærðir

### Fólksbíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 155/80R13 | 4.499,- | 5.499,- |
| 155/70R13 | 4.499,- | 5.499,- |
| 165/70R13 | 4.699,- | 5.699,- |
| 175/70R13 | 4.699,- | 5.699,- |
| 175/65R14 | 5.499,- | 6.499,- |
| 185/65R14 | 5.499,- | 6.499,- |
| 175/70R14 | 5.499,- | 6.499,- |
| 185/70R14 | 5.999,- | 6.499,- |
| 185/65R15 | 6.299,- | 7.299,- |
| 195/65R15 | 6.299,- | 7.299,- |
| 205/55R16 | 9.199,- | 9.999,- |

### Jeppadekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 205/75R15 | 8.999,- | 10.999,- |
| 235/75R15 | 9.999,- | 11.999,- |
| 30X9,50R15 | 9.999,- | 11.999,- |
| 31X10,50R15 | 10.999,- | 12.999,- |
| 32X11,50R15 | 12.999,- | 14.999,- |
| 33X12,50R15 | 13.999,- | 15.999,- |
| 35X12,50R15 | 14.999,- | 16.999,- |
| 225/70R16 | 10.699,- | 12.699,- |
| 235/70R16 | 10.999,- | 12.999,- |
| 255/70R16 | 12.999,- | 14.999,- |
| 265/75R16 | 13.999,- | 15.999,- |
| 265/70R17 | 13.999,- | 15.999,- |

### Sendibíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 195/70R15 | 7.999,- | 8.999,- |




**Afsláttarmiði**

Chaparral Jeppadekk — www.vdo.is — SUNNY Fólksbíladekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun
á fólksbíl á aðeins kr 3.999,-
Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk — Fljót og góð þjónusta

Borgartún 36 s:588-9747

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*




ABI-Burstamottur

ABI-burstamotturnar henta einkar vel við íslenskar aðstæður þar sem allra veðra er von við innganginn – hreinsa bleytu og óhreinindi undan skónum.

NOTRAX gólfmottukerfið

Fjarlægir u.þ.b. 85% af bleytunni og óhreinindunum áður en þau berast inn. Ræsti- og viðhaldskostnaður lækkar verulega.

Á tilboði í október 2005
Gólfmottur fyrir alla innganga

Skemmtilegri aðkoma
– forvörn í ræstingum



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


# Guðmundur Andri og Ödipusarduldin

UMRÆÐAN
SVAR TIL GUÐMUNDAR ANDRA



SIGURJÓN MAGNÚSON
RITHÖFUNDUR

Guðmundur Andri virðist einn þeirra manna sem skrifa fyrst og hugsa svo, eins og ráða má af grein hans í Fréttablaðinu þann 20. október. Þar viðurkennir hann fúslega að fyrri fullyrðing hans um bræðralag mitt og Hannesar Hólmsteins séu staðlausir stafir, hann hafi gasprað þetta að gamni sínu, svona án þess að vita neitt eða meina neitt. Gott og vel - en það var nú einu sinni þetta gaspur Guðmundar sem knúði mig til að birta blaðagreinina Hundurinn og Guðmundur Andri þann 14. október, ekki einhver píslarvættislöngun eins og hann gefur í skyn.

Og líkt og ég frábað mér aðdróttanir Guðmundar Andra í áðurnefndri grein þá frábið ég mér nú allt hans tal um píslarvætti og bið hann að minnast þess að hann hóf þetta orðaskak en ekki ég og miklu veldur sá er upphafinu veldur.

Það er svo einnig alrangt sem Guðmundur heldur þar fram að ég hafi eftir útkomu bókar minnar, Borgir og eyðimerkur, árið 2003 reynt að vekja fólki geðshræringu með kjallaragrein í DV. Þessi fullyrðing kom mér reyndar verulega á óvart því þótt Guðmundur virðist kunna kjallaragrein mína utanbókar þá var hún undirrituðum ekki fastari í minni en svo að ég varð að grafa hana upp úr gömlu blaðadrasli hér á heimilinu til að rifja upp efni hennar.

Og hvað kemur í ljós? Jú, eins og mig minnti var ég að bregðast við aldeilis kostulegri umfjöllun Sigríðar Albertsdóttur um Borgir og eyðimerkur. Sigríður virtist finna bókinni helst til foráttu að einhverntíma hefði verið gerður sjónvarpsþáttur þar sem vikið væri að samskiptum Kristmanns Guðmundssonar við íslenska kommúnista - og því væri bókin óþörf, svo gáfulega sem það nú hljómar. En í kjallaragreininni gagnrýndi ég einmitt það viðhorf Sigríðar að frásagnir af mönnum og málefnum yrðu óþarfar við það eitt að um efnið hefði verið fjallað á öðrum vettvangi. Og það mætti í þessu sambandi velta því fyrir sér hversu margar skáldsögur væru skrifaðar á Íslandi ef einungis mætti skrifa um efni sem ekki hefði verið fjallað um áður. Í hugann koma strax bækur eins og Gerpla eftir Halldór Laxness, Öxin og jörðin eftir Ólaf Gunnarsson og jafnvel Íslandsför Guðmundar Andra ef út í þá sálma er farið - og þessi upptalning gæti orðið miklu lengri.

Það er síðan í lok þessarar tveggja ára gömlu kjallaragreinar sem ég vík að viðskiptum þeirra Kristmanns og Thors Vilhjálmssonar og bendi ég á að þar eð Thor sé nú sjálfur tekinn að reskjast þá skilji hann kannski betur en áður hvernig Kristmanni hafi liðið þegar lætin í kringum þá tvo voru sem mest á sjöunda áratugnum og fyndist mér þögn hans um mál þeirra benda til þess.

Og við þetta stend ég. Þegar Thor Vilhjálmsson ungur að árum var að brjótast til fátæktar eins og stundum var sagt um þann mann þá var Kristmann Guðmundsson kominn á sjötugsaldur og hafði um nokkurra ára skeið setið á friðarstóli í íslensku menningarlífi. Því pólitíska gerningaveðri sem geisaði á fjórða og fimmta áratugnum hafði að mestu slotað og Kristmann, þá nýkvæntur Steinunni Briem, var að lifa sín mestu og kannski fyrstu hamingjuár á Íslandi eftir heimkomuna aldarfjórðungi áður. En sá friður var nú skyndilega rofinn þegar nýliðinn Thor taldi sig þurfa að sanna hollustu sína við gömlu kommaklíkuna, sem enn hafði tögl og hagldir í menningarlífinu, og réðst að erkióvininum frá eftirstríðsárunum, Kristmanni - enda vissi hann sem var að þar yrði fátt um varnir.

Ég fæ hins vegar ekki orða bundist yfir því hversu blygðunarlaust Guðmundur sjálfur vekur athygli á fautaskapnum í garð Kristmanns Guðmundssonar sem hefur æ síðan verið ljótur blettur á mannorði föður hans - og læðist óneitanlega að manni sá grunur að þarna sé um einhvers konar síðsprottna Ödipusarduld að ræða hjá syninum. En það fær maður víst aldrei að vita með sanni.

Að endingu vil ég segja þetta: Í lok greinar sinnar Tilkall til píslarvættis vænir Guðmundur mig beinlínis um ósannsögli þegar hann fullyrðir að enginn af þeim sem næst honum standa hafi skoðun á því hvort ég njóti starfslauna rithöfunda eða ekki. Ég vil þá á móti skora á hann að ganga nær þessu sama fólki. Dólgurinn leynist vissulega þar.

*„Og líkt og ég frábað mér aðdróttanir Guðmundar Andra í áðurnefndri grein þá frábið ég mér nú allt hans tal um píslarvætti og bið hann að minnast þess að hann hóf þetta orðaskak en ekki ég og miklu veldur sá er upphafinu veldur.“*





Þú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.

Fiton/SÍA F1014471

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FRJÁLSI
Hagstæðasta bílalánið
Lægri vextir og ekkert lántökugjald
Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lágmúla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is

Himinn og haf

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.625 **+0,74%**

**Fjöldi viðskipta:** 239
**Velta:** 2.836 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Össur** | +1,63% |
| **Landsbankinn** | +1,38% |
| **KB banki** | +1,01% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Atorka Group** | -0,89% |
| **HB Grandi** | -0,54% |
| **Bakkavör** | -0,46% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,40 +1,00% ... Bakkavör 43,50 -0,50% ... FL Group 14,10 +0,70% ... Flaga 3,60 +0,00% ... HB Grandi 9,25 -0,50% ... Íslandsbanki 15,00 +0,30% ... Jarðboranir 21,50 +0,00% ... KB banki 600,00 +0,80% ... Kögun 54,00 +0,00% ... Landsbankinn 22,10 +1,40% ... Marel 64,00 +0,30% ... SÍF 4,47 +0,00% ... Straumur 13,20 +1,20% ... Össur 93,50 +1,60%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðmætin gætu fimmfaldast

## Sterling skilar hagnaði á næsta ári.

„Við erum að leggja undir til að hagnast en ekki að tapa á því. Það er náttúrlega okkar hlutverk að finna þannig tækifæri," segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, um kaup fyrirtækisins á norræna lággjaldaflugfélaginu Sterling fyrir tæpa fimmtán milljarða króna.

Hannes gerir ráð fyrir að Sterling muni skila hagnaði á næsta ári en mikill taprekstur hefur verið á Sterling og Maersk Air undanfarin ár.

Hann telur að verðmæti fjárfestingarinnar í Sterling geti fimmfaldast á tólf mánuðum miðað við þær forsendur sem kaupin byggjast. „Það er alveg ljóst miðað við að félagið skili 3,5 milljarða EBITDA á næsta ári."

Kaupverðið miðast við að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – svokallað EBITDA-hlutfall – verði um 3,5 milljarðar króna árið 2006. Leiðrétt kaupverð er því gert á 3,5-földu EBITDA.

**- eþa**



**HANNES SMÁRASON** FL Group margfaldar fjárfestinguna ef rekstraráætlanir Sterlings ganga eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SPÁ UM AFKOMU ÍSLANDSBANKA Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI**
(í milljónum króna)

| | |
|---|---|
| KB banki | 4.400 |
| Landsbankinn | 4.055 |
| Meðaltalsspá | 4.228 |

# Græðir á verðbólgunni

Íslandsbanki birtir afkomutölur sínar á morgun – fyrst fjármálafyrirtækja – og gera markaðsaðilar ráð fyrir að góðum hagnaðartölum. Samkvæmt spám verður afkoma hans jákvæð um 4,2 milljarða króna. Það er röskum 1,1 milljarði meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra.

Gert er ráð fyrir að bankinn auki hreinar vaxtatekjur sínar verulega á milli ára, einkum vegna hárrar verðbólgu á þriðja ársfjórðungi. Útlán bankans hafa einnig aukist mikið á árinu.

Hagnaður Íslandsbanka nam um 10,6 milljörðum á fyrri hluta árs.

**- eþa**



**ALAN GREENSPAN OG BEN BERNANKE** Bernanke tekur við starfi seðlabankastjóra þegar Alan Greenspan lætur af störfum í janúar.

# Arftaki Greenspans fundinn

George Bush Bandaríkjaforseti hefur ráðið Ben Bernanke, einn af efnahagsráðgjöfum Bush-stjórnarinnar, í starf seðlabankastjóra Bandaríkjanna. Bernanke gaf út yfirlýsingu fljótlega eftir að tilkynnt hafði verið um ráðninguna. Sagðist hann muna gera allt til að tryggja áframhaldandi hagsæld og stöðugleika efnahags Bandaríkjanna.

Alan Greenspan, núverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sest í helgan stein 31. janúar næstkomandi eftir 18 og hálft ár í starfi.

**- hhs**

# EasyJet hækkar á ný

Gengi í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet hækkaði í gær um fimm prósent sem rekja má til væntinga um áframhaldandi kaup FL Group á hlutabréfum í fyrirtækinu. FL Group, sem á um þrettán prósenta hlut í easyJet, ætlar að selja nýtt hlutafé fyrir 44 milljarða á næstunni þannig að eigið fé félagsins verður 65 milljarðar.

Er ljóst að FL Group ætlar að nýta sér sterka eiginfjárstöðu til frekari verkefna.

Markaðsvirði easyJet hefur lækkað að undanförnu og stendur nú í 120 milljörðum króna.

**- eþa**


# Hluthafafundur FL GROUP hf.

## Fundarboð

Hluthafafundur FL Group hf. verður haldinn þriðjudaginn 1. nóvember 2005 á Nordica Hotel að Suðurlandsbraut 2 og hefst hann kl. 14:00.

### Dagskrá fundarins:

1. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
2. Kjör stjórnar.
3. Önnur mál.

Stjórn FL Group hf. leggur fyrir fundinn eftirfarandi tillögur, sem fela í sér breytingar á samþykktum félagsins:

1. Að heimilisfang félagsins verði að Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík.
2. Að hlutafé félagsins verði hækkað með eftirfarandi hætti:
   a. Að hlutafé félagsins verði hækkað um allt að 3.400.000.000 kr. með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem seldir verða í lokuðu hlutafjárútboði. Áskriftir skulu háðar því skilyrði að hver einstakur áskrifandi kaupi hlutafé fyrir a.m.k. 5 milljónir króna. Áskriftargengi hinna nýju hluta skal vera 13,6. Skal heimilt að greiða fyrir hlutina með reiðufé eða með hlutabréfum í Actavis Group hf., Bakkavör Group hf., HB Granda hf., Íslandsbanka hf., Kaupþingi banka hf., Landsbanka Íslands hf., Marel hf., SÍF hf., Straumi - Burðarási Fjárfestingabanka hf. og Össuri hf. miðað við lokagengi þessara hluta miðað við skráð lokagengi þessara hlutabréfa í Kauphöll Íslands hf. síðasta viðskiptadag fyrir upphaf áskriftartímabils (viðmiðunardagur). Verði breyting á gengi hlutabréfa þessara félaga frá samþykkt þessari fram að greiðsludegi, þannig að gengi þeirra á greiðsludegi verði meira en 5% hærra eða lægra en það var á viðmiðunardeginum, skal stjórn FL Group hf. heimilt að hafna viðtöku viðkomandi hluta sem greiðslu og geta krafist peningagreiðslu í staðinn, en hafnað áskriftinni að öðrum kosti. Þá getur stjórn félagsins áskilið sér rétt til að hafna framangreindum hlutabréfum sem greiðslu ef það leiðir til þess að FL Group hf. eignast meira en 10% eignarhlut í viðkomandi félagi.
   b. Að stjórn félagsins verði heimilað að hækka hlutafé þess um allt að 330.000.000 kr. með útgáfu nýrra hluta. Skal gengi hinna nýju hluta verða 13,6 fyrir hverja krónu nafnverðs. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti til áskriftar, en hlutirnir skulu afhentir sem hluti kaupverðs í skiptum fyrir hluti í Sterling Airlines A/S, Sterling Icelandic ApS og Flyselskabet A/S. Skal heimild þessi gilda í 1 ár.
   c. Að stjórn félagsins verði heimilað að hækka hlutafé þess um allt að 73.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar skulu ekki njóta forgangs til áskriftar að þessum nýju hlutum, sem nýttir skulu til að uppfylla kaupréttarsamninga við starfsmenn. Útboðsgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins eða forstjóri gera við hlutaðeigandi starfsmenn. Skal heimild þessi gilda í 5 ár.
3. Að stjórnarmönnum verði fækkað úr sjö í fimm.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundinum skulu vera komnar í hendur stjórnar félagsins með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur, endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir árið 2004, svo og árshlutauppgjör fyrir tímabilið frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2005, áritað um könnun endurskoðanda félagsins, munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir hluthafafund. Enn fremur verður hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins, www.flgroup.is eða á aðalskrifstofu FL Group hf. frá sama tíma.

Fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 13:30 á fundardegi.

Reykjavík, 23. október 2005

Stjórn FL Group hf.

FL GROUP

**GEOFFREY CHAUCER (1343-1400)**
lést þennan dag.



*„Fólk getur hreinlega dáið úr ímyndunarveiki.“*

***Geoffrey Chaucer var breskur heimspekingur, diplómat og skáld. Hann er hvað þekktastur fyrir Kantaraborgarsögurnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 25. OKTÓBER 1944

# *Fyrsta kamikaze-sjálfsmorðsárásin*

Á þessum degi árið 1944 notuðu Japanar í fyrsta sinn kamikaze-sjálfsmorðsflugvélar gegn bandaríska heraflanum. Undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar í stríðinu um Kyrrahaf fóru Japanar halloka fyrir her Bandaríkjamanna. Þá fengu Japanar þá hugmynd að láta flugmenn fljúga flugvélum sínum beint á hernaðarlega mikilvæg skotmörk til að valda sem mestum skaða og töldu það einu leiðina til að snúa stríðinu sér í vil.



**KAMIKAZE-ÁRÁS**

Kamikaze þýðir á japönsku guðlegur vindur og vísar til hvirfilbyls sem samkvæmt þjóðsögnum bjargaði Japan frá innrás Mongóla árið 1281.

Alls tóku 24 japanskir flugmenn þátt í fyrstu sjálfsmorðsárásinni en 23 þeirra voru flugnemar að ljúka námi. Skotmörkin voru bandarísk flugmóðurskip á Leyte-flóa við Filippseyjar. Eitt þeirra, skipið St. Lo, sökk á innan við klukkutíma en 100 bandarískir sjóliðar fórust.

Í lok síðari heimsstyrjaldar höfðu um 2.500 japanskir flugmenn týnt lífi í sjálfsmorðsárásum. Samkvæmt opinberum tölum Japana sökktu þeir 81 skipi og skemmdu 195. Þá var talið að um áttatíu prósent allra sigra Japana í lokahluta stríðsins við Kyrrahaf hefðu verið sjálfsmorðsárásum að þakka. Samkvæmt bandarískum tölum sökktu kamikaze-flugmenn hins vegar aðeins 34 skipum og skemmdu 368. Þá hafi 4.900 sjómenn týnt lífi og 4.800 særst vegna sjálfsmorðsárása Japana.

## MERKISATBURÐIR

**1852** Barnaskólinn á Eyrarbakka er settur í fyrsta sinn. Hann er elsti barnaskólinn sem enn er starfræktur.

**1875** Fyrsta borgaralega hjónavígslan fer fram hér á landi í Vestmannaeyjum.

**1881** Listmálarinn Pablo Picasso kemur í heiminn.

**1918** Hátt í 400 manns látast þegar kanadíska gufuskipið Princess Sophia sekkur úti fyrir ströndum Alaska.

**1919** Doktorsvörn fer fram í fyrsta sinn við Háskóla Íslands þegar Páll Eggert Ólason ver rit sitt um Jón biskup Arason.

**1947** Kvikmyndasýningar hefjast í Austurbæjarbíói.

**1983** Bandaríski herinn ræðst inn í Granada.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Esther Á. Laxdal**

**frá Tungu, Svalbarðsströnd,**

verður jarðsungin frá Svalbarðsstrandarkirkju föstudaginn 28. október kl. 15.30.

**Helgi Laxdal** **Inger Lise Laxdal**
**Haukur Laxdal**
**Birgir Laxdal** **Kristjana Kristjánsdóttir**
**Jóhannes Laxdal**
**Máni Laxdal** **Áslaug Helga Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,*

**Árni Hinrik Jónsson**

**áður Suðurgötu 44, Keflavík,**

lést á sjúkrahúsi Keflavíkur laugardaginn 22. október.

**Ólafur Kr. Árnason** **Kate Árnason**
**Jórunn H. Árnadóttir** **Birgir D. Sveinsson**
**Auður J. Árnadóttir** **Sæmundur Hinriksson**
**Ingveldur J. Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Árni Bjarnason**

**Fögruhlíð 7, Hafnarfirði,**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 25. október kl 13.00.

**Ruth Árnadóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Ása Bjarney Árnadóttir** **Jón Örn Pálsson**
**Guðný Hildur Árnadóttir** **Guðleifur Guðmundsson**
**Haraldur Árnason** **Valgerður Bjarnadóttir**
**Árni Özur Árnason** **Díana Ósk Pétursdóttir**
**Reynir Bjarnason** **Guðný Bernhards**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




## ANDLÁT

**Anton Sigurgeir Gunnlaugsson,** skipstjóri, Reynihólum 10, Dalvík, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 19. október.

**Ásgerður Jóhannsdóttir,** áður til heimilis í Laugarbóli, Skagafirði, Víðigrund 6, Sauðárkróki, lést þriðjudaginn 11. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðný Jóhanna Óskarsdóttir,** Birkimel 8, Reykjavík, lést á Spáni 22. október.

**Gylfi Jónsson,** vélvirki, Fannafold 116, lést á Landspítalanum Fossvogi 21. október.

## JARÐARFARIR

13.00 **Árni Bjarnason**, Fögruhlíð 7, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 **Hanna Ágústa Ágústsdóttir,** Melgerði 22, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Þorbjörg Bergmann Jónasdóttir** frá Helgavatni, Vatnsdal, verður jarðsungin frá Þingeyrarkirkju.

13.30 **Kjartan Guðmundsson,** Víðilundi 24, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

## AFMÆLI

**Ingibjörg Þorbergs** tónskáld er 78 ára.

**Ása Helga Ragnarsdóttir** leikkona er 56 ára.

**Guðrún G. Bergmann** ferðamálafrömuður er 55 ára.

**Jóhann Sigurjónsson,** forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, er 53 ára.

**Skúli Gautason** leikari og tónlistarmaður er 46 ára.

**Þorfinnur Ómarsson** fjölmiðlamaður er fertugur.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1825** Johann Strauss tónskáld



**1838** George Bizet tónskáld



**1881** Pablo Picasso listmálari



**1888** Richard Byrd pólfari




## ÞORSTEINN BACHMANN LEIKARI ER FERTUGUR Í DAG

# Óskar sér heimsfriðar á fertugsafmælinu

Þorsteinn Bachmann leikari er staddur í New York á fertugsafmæli sínu og ætlar að halda upp á það með því að fara út að borða með vinum sínum sem búa í borginni sem aldrei sefur. „Þetta er lifandi og skemmtileg borg og hana einkennir mikill fjölbreytileiki og kraftur,“ segir Þorsteinn, sem hefur komið til New York í nokkur skipti. Ferðin í þetta sinn er þó ekki aðeins skemmtiferð heldur slæðast viðskiptin með sem Þorsteinn þarf að sinna. Hann hóf störf sem pródúsent hjá kvikmyndafyrirtækinu Pegasus fyrir einum mánuði og tengist ferðin kvikmyndaiðnaðinum. „Það er leyndarmál,“ segir Þorsteinn þegar hann er spurður nánar út í verkefnið.

Þorstein þekkja margir úr kvikmyndum Robert Douglas en hann hefur leikið í myndunum Íslenski draumurinn, Maður eins og ég og nú síðast Strákarnir okkar. Hann starfaði sem leikhússtjóri Leikhúss Akureyrar á árunum 2002 til 2004 en hefur nú snúið sér alfarið að kvikmyndabransanum. „Þar er meiri hraði og kvikmyndir ná til fleiri,“ segir hann, ánægður með nýja starfið.



**PRÓDÚSENT** Þorsteinn Bachmann starfar sem pródúsent hjá kvikmyndafyrirtækinu Pegasus.

Þorsteinn er ekki ókunnur kvikmyndastarfinu og starfaði nú síðast að verkefni í leikmyndagerð stórmyndarinnar Flags of Our Fathers sem Clint Eastwood leikstýrir og var tekin upp á Reykjanesi í lok sumars. „Það var mjög fróðlegt að vinna að svo stóru verkefni enda er þetta það stærsta sem komið hefur til Íslands,“ segir Þorsteinn, sem rakst nokkrum sinnum á Eastwood á tökustað en alls unnu um 1100 manns við myndina hér á landi. „Það er skemmtileg og góð reynsla að vinna með svo mörgum,“ segir Þorsteinn, sem fannst það erfiðasti hluti verkefnisins þegar leikmyndin fauk í burtu viku fyrir fyrstu tökurnar. „Það gerði storm og einhver 800 tonn af sandi sem búið var að moka til fuku í burt,“ segir Þorsteinn en bætir við að það sé alltaf eitthvað óvænt sem hendi í þessum bransa.

„Friður í heiminum,“ svarar Þorsteinn kíminn þegar hann er spurður að því hvort hann eigi sér einhverja afmælisósk. Hann segist ekki vera mikið afmælisbarn þó hann hafi vitanlega haft mjög gaman að því að fá pakka á sínum yngri árum.

## FYRSTA STARFIÐ: ÞORBJÖRG S. GUNNLAUGSDÓTTIR

# Dúkkuleikurinn öðlaðist líf

„Fyrsta starfið mitt var barnagæsla þegar ég var tólf ára gömul,“ segir Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir lögfræðingur. „Þetta var góður og duglegur strákur sem var rétt rúmlega eins árs.“ Þorbjörg hafði mjög gaman af starfinu. „Ég held það sé draumur margra stelpna að fá að passa góð og lítil börn. Dúkkuleikurinn öðlaðist líf.“

Það sem henni þótti verst við starfið var að skipta á drengnum. „Hann var mjög afkastamikill á því sviðinu.“

Þorbjörg fékk starfið í gegnum vinkonu sem var þá að passa dreng á svipuðum aldri fyrir nágrannana. Hún gætti drengsins hluta úr degi í einn mánuð. „Mig minnir ég hafi verið með 130 krónur á tímann. Það þótti fínt. Eða kannski 150 krónur.“

Árið eftir fór hún í unglingavinnuna og var í henni næstu sumur. Á menntaskólaárunum vann hún í íþróttaversluninni Hreysti á sumrin og í jólafríum og eftir það var það Ríkisskattstjóri sem hún vann hjá.



Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag
Reykjavík 8.49 13.12 17.34
Akureyri 8.41 12.56 17.11
*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt



heilsa o.fl.
**DAGVISTUN**
Stressar börn
bls. 2





heilsa o.fl.
**TANNBURSTUN**
Réttu handtökin mikilvæg
bls. 3





FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL


*Góðan dag!*
**Í dag er þriðjudagur 25. október, 298. dagur ársins.**





## SMÁAUGLÝSINGAR
**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Karl Ágúst fer allra sinna ferða innan Reykjavíkur á hjóli.

# Á hjóli í strætó

*Karl Ágúst Úlfsson tekur hjólið með sér hvert á land sem er.*

Hinn landsfrægi spaugari Karl Ágúst Úlfsson leysir samgönguvanda höfuðborgarinnar á skemmtilegan hátt.

„Stundum hjóla ég úr Garðabænum en oftast tek ég hjólið með mér í strætó og hjóla það sem ég þarf að fara innanbæjar í Reykjavík," segir Karl Ágúst. „Ég myndi feginn hjóla úr Garðabænum ef ég treysti umferðinni til að hleypa mér heilum á leiðarenda. Þetta er ekki góð hjólaleið eins og hún er núna og það er mjög flókið að komast í bæinn án þess að leggja sig í stórhættu með því að hjóla Hafnarfjarðarveginn." Karl Ágúst segist aldrei hafa stundað hjólreiðar sem hobbí. „En ég hef lengst af átt hjól og notað það töluvert og hjólaði mikið á árum áður. Hjólreiðarnar eru mín aðal líkamsrækt núna, því miður þá hef ég ekki getað fundið mér tíma í að gera mikið meira eins og stendur. Hjólreiðar eru praktísk líkamsrækt því þannig sameinar maður hreyfingu og samgöngur og svo er útiveran sem gerir hjólreiðarnar mikið hollari en að hjóla á þrekhjóli." Karl Ágúst segist aldrei hafa verið það harður hjólreiðamaður að hann fari á nagladekk svo þegar fer að kólna verulega þá er hjólinu lagt í bili. „En annars er veðurfarið að breytast svo mikið hérlendis að það gerir aldrei neina verulega vetur svo það er aldrei að vita nema ég verði á hjóli í allan vetur."

Karl Ágúst segir miklu minna mál en hann hélt að fara með hjólið í strætó. „Ég byrjaði á þessu í haust því ég var að kenna vestur í Háskóla og það var löng leið að fara snemma á morgnana svo ég ákvað að nýta mér strætó og það reyndist vera sáralítið mál. Þá er ég bara með hjólið aftast. Svo fjárfesti ég í miklu þarfaþingi sem er hjólastatíf aftan á bíl þannig að ef ég þarf einhverntíma að miðjum degi að skipta um samgöngutæki og nota bílinn þá er ég aldrei í neinum vanda að kippa hjólinu með."

# Samvera skilar sjálfstrausti

***Rannsóknir sýna að sameiginlegur matmálstími fjölskyldunnar getur gert gæfumuninn fyrir sjálfstraust barna.***



Bandarísk rannsókn sýnir að þeim fjölskyldum sem borða saman líður betur með sjálfar sig og gengur betur í lífinu en þeim fjölskyldum sem leggja enga áherslu á samverustundir við matarborðið. Marshall Duke frá Emery-háskóla í Bandaríkjunum stóð fyrir rannsókninni sem stóð yfir í þrjú ár og náði til 40 fjölskyldna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að náin samvera fjölskyldu skilaði sér í meira sjálfstrausti barna. Ef fjölskylda var vön að ræða saman um tilfinningar, ágreiningsefni og erfiða atburði í lífi hver annars hafði það jákvæð áhrif á börnin. Nú er sífellt minni áhersla lögð á sameiginlegar máltíðir og segir Marshall Duke að matmálstímar ættu að vera regla innan hverrar fjölskyldu. Sérstaklega þar sem slíkar samverustundir geti gert gæfumuninn fyrir viðkvæm börn eða þau sem þjást af kvíða.

## LIGGUR Í LOFTINU
### HEILSA

**Ofbeldi** getur haft áhrif á tilfinningalegan og lífeðlislegan þroska unglinga. Verði unglingar vitni að ofbeldi eða verða fyrir því getur það haft áhrif á tilfinningalíf unglingsins í mörg ár á eftir. Unglingar þessir virðast upplifa það sama og þeir sem verða fyrir stöðugri langvarandi streitu. Þetta eru meðal niðurstaðna sem birtust í rannsókn Annals of Behavioral Medicine.

**Sjálfsvígum** hefur fækkað eftir að hópur á vegum landlæknisembættisins hóf vinnu gegn sjálfsvígum fyrir þremur árum. Farið var í verkefnið Þjóð gegn þunglyndi eftir mikinn fjölda sjálfsvíga árið 2000. Það ár var virkilega slæmt en þá svipti 51 sig lífi. Árangurinn mælist meðal annars í því að fólk sé meðvitaðra um áhrif þunglyndis. Verkefnið hefur nú staðið í tæp þrjú ár og hefur sjálfsmorðum fækkað töluvert síðan en á síðasta ári féll 31 fyrir eigin hendi. Verkefninu er hvergi nærri lokið.



**Göngudeild** barna- og unglingageðdeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss stendur frammi fyrir miklum biðlistum. Um eitt hundrað börn bíða nú eftir mati og álagið er mikið á starfsfólk, sérstaklega í ljósi þess að húsnæði göngudeildarinnar er löngu sprungið utan af starfseminni. Vonast er til að ástandið lagist með fyrirhugaðri stækkun húsnæðisins en verklok eru fyrirhuguð árið 2008. Komum á deildina hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og má það að einhverju leyti rekja til framfara í greiningu og meðferð geðraskana.




**Járn**
má fá úr rauðu kjöti, kjúklingi, fiski og eggjum. Dökkgrænt laufmikið grænmeti eins og spínat er járnríkt og líka þurrkaðir ávextir eins og sveskjur, fíkjur og rúsínur.



# Dagvistun veldur streitu hjá litlum börnum

***Þýsk rannsókn hefur leitt í ljós að börn sem eru að hefja dagvistun þjást af streitu vegna þessa. Streitan gerir enn vart við sig mánuðum seinna þegar flestir telja að áhrifum umskiptanna ætti að vera lokið.***

Nýlega var gerð rannsókn í Berlín sem náði til 70 barna sem voru um fimmtán mánaða gömul. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að streita aukist til muna í lífi barna þegar þau eru sett í dagvistun, til dagmömmu eða á leikskóla. Niðurstöðurnar bentu enn fremur til að þessi streituaukning væri mikil og að streitan væri enn til staðar mörgum mánuðum seinna þegar talið væri að áhrif breytinganna ætti að vera lokið. Rannsakendur draga þá ályktun að börn eigi erfitt með að yfirgefa foreldra sína og eru lengi að aðlagast slíkum breytingum.

Rannsóknin fór þannig fram að streita var mæld með því að mæla hormónið cortisol í munnvatni barnanna. Streitan var mæld áður en dagvistun hófst, í upphafi dagvistunar og loks aftur eftir nokkra mánuði. Niðurstöðurnar sýndu að streitan jókst þegar dagvistunin hófst og þrátt fyrir að streitan hafi minnkað lítillega eftir nokkra mánuði í vistun þá náði magn hormónsins ekki fyrra jafnvægi hjá börnunum.



Prófessor í Háskólanum í Cambridge segir það mikinn streituvald fyrir börn að ganga í gegnum þessa breytingu, Börnin finna sig í nýju, ókunnugu og hávaðasömu umhverfi fjarri foreldrum sínum. Þó svo að gráturinn og öskrin hætti í kveðjustundunum og aðlögunartíma sé lokið virðist streitan enn hrjá börnin.

Þessa streitu má minnka með því að hafa börnin ekki of lengi í dagvistun hvern dag. Einnig má gera umhverfið heimilislegra og gefa barninu meira af einstaklingsmiðuðum tíma í vistuninni.

Niðurstöður rannsóknarinnar minna okkur einnig á að börn geta upplifað streitu þó svo að þau sýnist sátt, ánægð og róleg. Því er mikilvægt fyrir foreldra að gefa börnunum tíma á kvöldin, tali við þau og sýni þeim umhyggju og hlýju.



Börn upplífa streitu í breyttu umhverfi.

# Staðbundin pest alltaf til staðar

***Á Íslandi er ætíð einhver pest að ganga, hvort sem það er niðurgangur, hósti eða hitafaraldur.***

Þórður Ólafsson, yfirlæknir læknavaktarinnar, segir að enginn inflúensufaraldur sé í gangi þessa stundina. Hin staðbundna pest sé hins vegar alltaf til staðar. Þessa stundina er það barkabólga sem er algengust og henni fylgir hósti og hæsi. Með þessum kvillum kemur oft upp smá hitavella. Þórður segir að það sé lítið við þessu að gera, ekki sé hægt að meðhöndla þetta með neinum lyfjum. Hann segir það eina sem hægt sé að gera að taka því rólega heima fyrir, sérstaklega ef fólk er með hita. Margir lenda líka í erfiðum hósta og þá er málið bara einfaldlega að hvíla röddina. Þórður talar einnig um að reykingamenn eigi sérstaklega að taka sér hvíld frá óþverranum ef þeir fái slíka pest. Að lokum segir Þórður að fólk þurfi litlu að kvíða, sú pest sem nú gangi yfir lagist með rólegheitunum.



Barkabólga og hósti er algeng pest nú um stundir.



Margir þeir sem glíma við svefnvandamál hafa verið greindir þunglyndir.

## Svefnvandamál ranglega greind

EINKENNI ÞUNGLYNDIS OG SVEFNLEYSIS ÁLÍK.

Dr. Daniel J. Schwartz við Tampa Sleep Center í Flórída segir að margir þeir sjúklingar sem greindir hafa verið með þunglyndi geti í raun verið með svefnvandamál en ekki þunglyndi. Dr. Schwartz segir að margir sjúklingar sem glíma við svefnvandamál, sem einkennast af öndunartruflunum í svefni, hafi verið settir á þunglyndislyf að óþörfu.

Dr. Schwartz segir einkenni þunglyndis og svefnleysis geta verið áþekk. Mikil þreyta, andleysi og minni lífsgleði séu hvort tveggja einkenni þunglyndis og líka einkenni slæms svefns. Hann telur það bæði mikilvægt og einfalt að skoða möguleg svefnvandamál áður en einstaklingur er greindur þunglyndur. Svefnleysi og þunglyndi fá ólíkar meðferðir og því nauðsynlegt að sjúklingar séu rétt greindir.


LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefst 1. nóvember n.k
Tímar fyrir byrjendur
þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
Tímar fyrir lengra komna
þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
Klippikort fyrir framhaldshópa
Jóna H. Bjarnadóttir, Stafgönguþjálfi, sími 694 3571
Guðný Aradóttir, Stafgönguþjálfi, sími 616 8595
www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar

Gallerý fiskur
Ný ýsuflök daglega
Ferskir og fljótlegir fiskréttir s.s. satay, montreal, karrý, pönnukökur, saltfiskréttir omfl.
Ath nýr opnunartími í veitingahúsi
mán.-fös.: 11:30-15:00
fim.-lau.: 18:00-22:00
Verslun mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

FERSKAR OG NÁTTÚRULEGAR





LUSH
LAUGAVEGUR 11 552-2030
KRINGLAN 553-2002
WWW.LUSH.IS

LUTEIN EYES 24mg
Styrkir augnbotnanna og gott fyrir sjónina
Sendum í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.

Lokað 8 vikna námskeið! Persónuleg þjónusta aðeins 5-7 í hóp!
Rope Yoga í Vesturbæ
Hagamelur 19
Námskeiðin hefjast 31 október!!!
Skráning er hafin í s.694 5595
Kennsla fer fram á ensku!

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24



## Offita vegna sjónvarpsgláps

SJÓNVARPSGLÁP ER HELSTI ÁHRIFAÞÁTTUR Á HOLDAFAR BARNA.

Nú hafa vísindamenn fundið tengsl milli sjónvarpsáhorfs og offitu hjá börnum. Samkvæmt nýlegri rannsókn frá Nýja-Sjálandi er 41 prósent þeirra sem þjást af offitu þeir sömu og horfðu mest á sjónvarp. Rannsóknin gaf einnig til kynna að tengslin væru sterkari hjá stelpum en strákum.
Niðurstöðurnar sýna ekki að sjónvarpsgláp leiði beint til offitu heldur er hér um mikilvægan áhrifaþátt að ræða og út frá niðurstöðunum var ályktað að börn ættu ekki að horfa meira á sjónvarp en í tvær klukkustundir á dag til að vernda heilsu þeirra. Einstaklingar sem horfðu mikið á sjónvarp sem börn eru líklegri til að reykja, hafa hærra kólesteról og glíma við offitu.

# Tannburstanum beitt af stakri fimi

*Hinn gullni meðalvegur gildir í tannburstun sem öðru.*

Hinn gullni meðalvegur er heppilegastur í tannburstun eins og á öðrum sviðum. Ef of sjaldan er burstað vill myndast tannsteinn og sýklarnir eiga þá líka greiðan aðgang að tönnunum. Fólk getur hins vegar einnig verið of iðið með tannburstann og með því skaðað tannhold og valdið sliti á glerungi tannanna.

Hér á eftir fylgja þrjú ráð til að tannburstunin nýtist sem best til að bæta tannheilsuna.

**Mjúk burstun:**
Ýmislegt bendir til að margir bursti tennurnar helst til fast, sérstaklega getur þetta verið bagalegt ef tannburstinn er harður. Þetta getur valdið skaða á tannholdi og óæskilegu sliti á glerungi.

Í rannsókn sem gerð var við háskólann í Newcastle var sýnt fram á að hinn fullkomni þrýstingur á tannburstanum er 150 g.

**Góður tannbursti:**
Flestir tannlæknar mæla með mjúkum tannbursta. Rafmagnstannburstar eru einnig góð viðbót við hina hefðbundnu og með honum næst iðulega betur til ýmissa staða í munnholinu sem sá gamli góði nær illa til.

Í sumum gerðum tannkrema er slípiefni sem vissulega gera tennurnar hvítari en hafa þann galla að valda sliti á glerungi. Það borgar sig því að vera vel meðvitaður um það hvort slíkt efni sé í tannkreminu.



Það skiptir máli hvernig burstanum er beitt. GETTY IMAGES

**Staður og stund:**
Gott er að bursta tennurnar í nokkrar mínútur í senn en muna þó eftir því að ýta ekki of fast á burstann. Burstinn þarf að fara um allan munn, ekki bara aftur fyrir jaxla heldur er einnig ágætt að bursta létt yfir tunguna, í hana safnast heilmikið af sýklum sem svo geta valdið tannskemmdum. Best er að bursta tennur kvölds og morgna.

Hafa ber í huga að matur sem er ríkur af sýru, eins og appelsínusafi, veikir glerunginn. Þess vegna er heppilegt að láta líða góða stund frá því að slíkra matvæla er neytt þar til tannburstinn fer á loft. Gott er hins vegar að fá sér sykurlaust tyggjó til að örva munnvatnsframleiðsluna og ná réttu sýrustiginu.



Kaffis ætti að neyta í hófi á meðgöngu.

# Fósturlát af kaffi

*Ekki meira en tvo kaffibolla á dag á meðgöngunni.*

Óléttar konur ættu alls ekki að drekka meira en tvo kaffibolla á dag. Koffín getur nefnilega valdið fósturláti. Sérstaklega er hætta á því á fyrsta þriðjungi meðgöngu.

Þetta er niðurstaða rannsóknar sem norræna ráðherranefndin lét gera. Óléttar konur ættu líka að forðast aðra drykki sem innihalda koffín eins og kók og te.



# Verðlækkun á lyfjum

*Lækkun á lyfjaverði skilar sér ekki til neytenda.*

Undanfarna mánuði hefur lyfjaverð lækkað umtalsvert og er um háar upphæðir að ræða. Ef lyfjaverð myndi fylgja háu gengi krónunnar yrði lækkunin þó enn meiri.

Lyfjavöruhópur Samtaka verslunar og þjónustu segja viðskiptavini greiða óbreytt verð þótt heildsöluverð hafi lækkað. Það má útskýra með því að hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði er oftast föst krónutala sem er ákveðin með reglugerð. Apótekin hafa því þurft að lækka álagningu sína umtalsvert og kemur það niður á þjónustu apótekanna.

Haft er eftir Sigurði Jónssyni, framkvæmdastjóri Samtaka viðskipta og þjónustu, af heimasíðu doktor.is, að hagnaðurinn fari fyrst og fremst til Tryggingarstofnunar ríkisins þar sem endurgreiðsla þeirra minnkar við hátt gengi krónunnar og lækkunin skilar sér því ekki til neytenda.


Futurebiotics
KOLVETNABLOKKARI
Minnkar sykurlöngun og virkar vatnslosandi
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI


2 hylki fyrir kolvetnaríka máltíð
Fæst í apótekum,heilsubúðum og matvöruverslunum

Futurebiotics
NÆTURBRENNSLA
Undraverður árangur


3 hylki fyrir svefn
Fæst í apótekum,heilsubúðum og matvöruverslunum




Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta

Þú borðar þær með uppáhalds álegginu,
kannski ylvolgar úr ofninum,
ristaðar, með hvítlauksolíu,
stundum eins og pizzur
... eða eins og Strandamenn, glænýjar
með íslensku smjöri.

Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í
næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.

Plokkfiskur 650 kr. / kg.
Fjölbreyttir fiskréttir
Fiskbúðin Álfheimum
Álfheimum 4
553 8090
Fiskbúðin Reykjavíkurvegi
Reykjavíkurvegi 68
564 2783


Ný húð Á aðeins 5 dögum með Green peel, herbal peeling.
Notað til meðferðar á:
Óhreinni húð • Stækkun svitahola
Ótímabærrar öldrunar á húð
Hrukkum • Örum • Húðsliti
Appelsínuhúð • Minnkandi
sveigjanleika húðar á maga,
upphandleggjum og lærum
SPA fegurð
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
S. 511 6660 Laugarvegi 96 (hjá Toni&Guy)

Eflum einbeitingu og þrek!


Fjörefni er nýtt kjarnmikið bætiefni sem inniheldur auk vítamína og steinefna, öflugan skammt af ginkgo og ginseng.
náttúrulega
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi
KRAFTAVERK

Einstaklingsmiðuð líkamsrækt
- leið til langtímaárangurs
Einstaklingsmiðað átaksnámsskeið þar sem geta og áhersla einstaklingsins er höfð að leiðarljósi. Árangursríkt þjálfunarferli, persónulegur stuðningur og ráðgjöf. Framkvæmanleg markmið, fámennir, lokaðir hópar í einstöku umhverfi.
Meðal leiðbeinenda er einstaklingur frá síðasta námsskeiði sem náð hefur góðum árangri og heldur ótrauður áfram að settum markmiðum.
Námsskeiðin hefjast 1. nóvember.
Skráning og nánari upplýsingar hjá Svövu í síma 899-8596

Rope Yoga
Lokað heilsunámskeið
í hug- og heilsurækt.

Rope Yoga er ólíkt öðrum æfingakerfum eins og t.d. hlaupum og þolfimi sem reyna mikið á liði og stoðkerfi, sérstaklega þá sem eru eldri og þyngri. Rope Yoga er einstaklega góð og heilbrigð leið til bættrar heilsu. Hreyfingarnar eru framkvæmdar í láréttri stöðu og kraftinn í kviðnum er nýttur til að framkvæma þær.
Rope Yoga er fyrir alla – konur og karla á öllum aldri.
Skráning og allar nánari upplýsingar í s. 899 8596 Svava.




[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

brimborg – Taktu bíl

Opel Zafira 7 manna, skrd. 12/2002, e. 60.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.750.000 kr. Tilboð 1.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus Trend Collection, skrd. 09/2004, ek. 12.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.780.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Lexus LS-430, skrd. 08/2003, ek. 19.000 km, 4300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. Tilboð 3.990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Laguna, skrd. 04/2001, ek. 80.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Sierra skrd. 5/89 ek. 143.000 km, 1600 cc, beinskiptur. Ásett verð 190.000 kr. Tilboð 99.000 kr. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 09/2004, ek. 36.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.190.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Honda Civic skrd. 12/97 ek. 153.000 km, 1400 cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg – Taktu bíl

Ford Focus C-Max, skrd. 09/2004, ek. 10.000 km. 1600cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr. Tilboð 1.790.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Mercedes Benz ML-350, skrd. 03/2003, ek. 28.000 km, 3724cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.690.000 kr. Tilboð 4.190.000 kr. S. 515 7000.

Hyundai Accent, skrd. 05/1996, ek. 152.000 km, 1500cc, beinskiptur. Ásett verð 220.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

VW Golf station, skrd. 12/2001, ek. 79.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.060.000 kr. Tilboð 960.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Dodge Caravan, skrd. 01/1996, ek. 146.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Toyota Land Cruiser 100 VX, skrd. 10/2000, ek. 81.000 km, 4200cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 4.690.000 kr. Tilboð 4.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

MMC Pajero GLS, skrd. 06/2003, ek. 44.000 km. 3500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.200.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford F-350 Lariat DRW, skrd. 06/2004 ek. 21.000 km. 6000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.850.000 kr. Tilboð 3.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg – Taktu bíl

Daihatsu Applause, skrd. 07/2000, ek. 107.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 550.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 10/2002, ek. 51.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr. Tilboð 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus H/S station, skrd. 10/2001, ek. 85.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo V70 Diesel, skrd. 02/2002, ek. 152.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr. Tilboð 2.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Nissan Patrol GR, skrd. 04/2003, ek. 67.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 3.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Megane Scenic, skrd. 08/1998, ek. 98.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 680.000 kr. Tilboð 550.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Hyundai H-1, skrd. 07/2000, ek. 122.000 km, 2351cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Multispace, skrd. 08/2002, ek. 42.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg – Taktu bíl

Ford Ranger CrewCab XL, skrd. 06/2000, ek. 96.000 km, 2500cc, diesel, 31" breyting, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 04/2003, ek. 51.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.350.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

MMC Lancer GLXi 4x4 stw., skrd. 09/1996 ek. 165.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 460.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daewoo Lanos, skrd. 11/1999, ek. 126.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 370.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daihatsu Gran Move, skrd. 06/2000, ek. 75.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 710.000 kr. Tilboð 499.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Explorer XLT, skrd. 03/2004, ek. 32.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.520.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

VW Golf Sport-line, skrd. 03/2004, ek. 17.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 2.380.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Citroen C5, skrd. 02/2004 ek. 22.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr. Tilboð 1.850.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg – Taktu bíl

Ford Fusion Trend, skrd. 06/2004 ek. 17.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 06/2004, ek. 21.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.850.000 kr. Tilboð 3.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Econoline, skrd. 10/2001, ek. 96.000 km, 5900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daewoo Nubira stw., skrd. 10/2000, ek. 83.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Opel Vectra, skrd. 12/1999, ek. 113.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Citroen Picasso, skrd. 11/2001, ek. 57.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus H/S stw, skrd. 11/2001, ek. 71.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Honda CR-V, skrd. 07/1999, ek. 84.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.340.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg – Taktu bíl

Ford Mondeo Ghia diesel station, skrd. 05/2005, ek. 12.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. Tilboð 2.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Hyundai Accent, skrd. 8/1995, ek. 92.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 350.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Explorer XLT, skrd. 07/2003, ek. 61.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Citroen Xsara SX, skrd. 02/2002, ek. 27.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.170.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Fiesta Flair, skrd. 05/1998 ek. 128.000 km, 1250cc, beinskiptur. Ásett verð 360.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Nissan Terrano II. 12/1999, ek. 102.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.490.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Toyota Avensis Executive, skrd. 11/2003, ek. 70.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.320.000 kr. Tilboð 2.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 05/2003, ek. 61.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Subaru Forester CS, skrd. 07/2000, ek. 123.000 km, 2000 cc, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. 100% lán möguleiki. S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

BMW 120D nýskr. 04/2005, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár. Ekinn 18 þ. Verð 2.990.000. SX-205 B & L. S. 575 1230.

BMW 520I nýskr. 07/2004, 2200cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár. Ekinn 13 þ. Verð 4.790.000. SD-326 B & L. S. 575 1230.

BMW 745I nýskr. 01/2002, 4400cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár. Ekinn 14 þ. Verð 6.690.000. NR-132 B & L. S. 575 1230.

BMW X3 nýskr. 10/2004, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár. Ekinn 5 þ. Verð 5.400.000. AM-611 B & L. S. 575 1230.

Citroen Xsara Picasso nýskr. 10/2001, 0cc, 5 dyra, 5 gíra. Ekinn 55 þ. Verð 1.050.000. RK-128 B & L. S. 575 1230.

Honda CR-V nýskr. 01/1999, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósbrúnn. Ekinn 113 þ. Verð 1.090.000. TL-879 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent nýskr. 05/2002, 1500cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósblár. Ekinn 89 þ. Verð 690.000. VB-857 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent nýskr. 08/2001, 1500cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár. Ekinn 81 þ. Verð 650.000. PM-903 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent nýskr. 05/2001, 1500cc, 3ja dyra, 5 gíra, blár. Ekinn 57 þ. Verð 650.000. NS-806 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Galloper nýskr. 07/1999, 2500cc, 5 dyra, 5 gíra, blár. Ekinn 90 þ. Verð 960.000. TI-009 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Getz nýskr. 09/2004, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, svartur. Ekinn 19 þ. Verð 1.390.000. JZ-087. B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe nýskr. 04/2004, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn / grár. Ekinn 29 þ. Verð 2.790.000. ZY-593 B & L. S. 575 1230.

Hyundai santa Fe nýskr. 06/2004, 2400cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár. Ekinn 44 þ. Verð 2.250.000. MY-337 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe nýskr. 06/2004, 2400cc, 5 dyra, 5 gíra, svartur / grár. Ekinn 71 þ. Verð 2.160.000. UH-651 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Starex nýskr. 07/2002, 2500cc, 4ra dyra, 5 gíra, hvítur - tvílitur. Ekinn 72 þ. Verð 2.290.000. US-968 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Starex nýskr. 07/2004, 2500cc, 5 dyra, 5 gíra, brúnn / grár. Ekinn 51 þ. Verð 2.640.000. BP-135. B & L. S. 575 1230.

Hyundai Starex nýskr. 08/2002, 2400cc, 4ra dyra, 5 gíra, hvítur / grár. Ekinn 42 þ. Verð 1.990.000. SD-518. B & L. S. 575 1230.

Hyundai Starex nýskr. 05/2000, 0cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, Ekinn 162 þ. Verð 1.050.000. MK-291. B & L. S. 575 1230.

HYUNDAI TRAJET Nýskr: 06/2004, 2000cc 5 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 45 þ. Verð: 1.790.000 UZ-310 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Trajet nýskr. 05/2004, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósblár, ekinn 27 þ. Verð 1.960.000 OO-368 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Discovery series II nýskr. 03/2000, 2500cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn, ekinn 120 þ. Verð 1.930.000 SH-201 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Discovery series II nýskr. 07/2003, 2500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 65 þ. Verð 2.990.000 SD-170 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Range Rover nýskr. 01/2003, 4400cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 49 þ. Verð 6.790.000 DS-238 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Range Rover nýskr. 10/2003, 4400cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 23 þ. Verð 8.490.000 PS-720 B & L. S. 575 1230.

Mazda 323 nýskr. 08/1997, 1500cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 106 þ. Verð 560.000 PV-562 B & L. S. 575 1230.

Mini Cooper nýskr. 09/2005, 1600cc, 2 dyra, 5 gíra, ekinn 53 þ. Verð 2.490.000 ZT-500 B & L. S. 575 1230.

Mitsubishi Lancer nýskr. 05/1996, 1300cc, 4 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 155 þ. Verð 370.000 KI-352 B & L. S. 575 1230.

Nissan Micra nýskr. 04/1998, 1300cc, 5 dyra, sjálfskiptur, hvítur, ekinn 91 þ. Verð 440.000 AA-933 B & L. S. 575 1230.

Nissan Vanette nýskr. 09/2001, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, ekinn 92 þ. Verð 930.000 OR-019 B & L. S. 575 1230.

Nissan X Trail nýskr. 11/2002, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 34 þ. Verð 2.090.000 MF-746 B & L. S. 575 1230.

Peugeot 307 SW nýskr. 05/2004, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, ekinn 38 þ. Verð 2.050.000 YA-198 B & L. S. 575 1230.

Porsche Cayenne nýskr. 04/2003, 4500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 48 þ. Verð 6.970.000 MO-371 B & L. S. 575 1230.

Renault Clio nýskr. 07/2003, 1100cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 73 þ. Verð 990.000 VF-855 B & L. S. 575 1230.

Renault Clio nýskr. 08/2004, 1100cc, 5 dyra, beinskiptur, rauður, ekinn 21 þ. Verð 1.340.000 MZ-209 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo nýskr. 11/2002, 1400cc, 6 dyra, 5 gíra, gulur, ekinn 130 þ. Verð 790.000 SF-437 B & L. S. 575 1230.

Renault Laguna II nýskr. 04/2004, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 11 þ. Verð 2.250.000 FL-127 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane nýskr. 07/1997, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 146 þ. Verð 390.000 DH-486 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane Classic nýskr. 05/2000, 1400cc, 4 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 52 þ. Verð 790.000 OA-630 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane II nýskr. 01/2004, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósbrúnn, ekinn 35 þ. Verð 1.420.000 VE-123 B & L. S. 575 1230.

Renault Midliner nýskr. 02/1999, 4000cc, 2 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 390 þ. Verð 1.490.000 OR-700 B & L. S. 575 1230.

Subaru Forester nýskr. 01/2003, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, ekinn 73 þ. Verð 1.650.000 YT-823 B & L. S. 575 1230.

Subaru Legacy nýskr. 05/2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, hvítur, ekinn 100 þ. Verð 1.290.000 YD-858 B & L. S. 575 1230.

Subaru Legacy nýskr. 01/1998, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkblár, ekinn 147 þ. Verð 690.000 KM-440 B & L. S. 575 1230.

Toyota Avensis nýskr. 03/2002, 1800cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 73 þ. Verð 1.350.000 JY-567 B & L. S 575 1230.

Toyota Corolla VVTI nýskr. 04/1998, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósblár, ekinn 110 þ. Verð 690.000 RZ-923 B & L. S. 575 1230.

Toyota Rav4 nýskr. 04/2001, 0cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ekinn 40 þ. Verð 1.750.000 PA-781 B & L. S. 575 1230.

VolksWagen Passat nýskr. 10/1998, 1600cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 142 þ. Verð 740.000 PF-406 B & L. S. 575 1230.

Volvo 460 nýskr. 09/1993, 2000cc, 4 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 141 þ. Verð 250.000 DX-316 B & L. S. 575 1230.

Volvo S60 nýskr. 04/2005, 0cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ekinn 17 þ. Verð 3.990.000 ZH-944 B & L. S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**



## ÓREIÐAN TAMIN
*Smart skóhirslur* SJÁ BLS. 8

## LJÓSMYNDIR ÚT UM ALLT
*Hugmyndaríkt mynstur* SJÁ BLS. 4

[ SÉRBLAÐ UM HÚSBÚNAÐ, HÚSGÖGN, GÓLF OG VEGGI – ÞRIÐJUDAGUR 25. OKTÓBER 2005 ]

# hús og heimili



## EFNISYFIRLIT


**Í húsi húsameistarans**
BLS. 2 Glæsilegt hús á Skóla-vörðustígnum

**Svart og hvítt**
BLS. 4 Tískan í sófum

**Röð og regla**
BLS. 6 Lausnir fyrir anddyri

**Smart hirslur**
BLS. 8 Komið skipulagi á skóna

**Teppin sterk inn**
BLS. 10 Gólfefni





**Stílhreint og fallegt heimili**
BLS. 12 Innlit í Kópavoginn

**Skemmtileg og spennandi**
BLS. 14 Barnahúsgögn

**Herm þú mér**
BLS. 15 Speglar

**Nýtt líf**
BLS. 16 Húsgögnin bólstruð

**Líflegir nytjahlutir**
BLS. 17 Alessi

**Segðu það með blómum**
BLS. 18 Veggfóður





Frjáls íbúðalán 4,15% vextir

100% veðsetningarhlutfall

**Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti**

Lánin eru verðtryggð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna).
Hægt er að nota lánin til íbúðarkaupa, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

| Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.* | | | |
|---|---|---|---|
| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
| 4,15% vextir | 18.485 | 5.361 | 4.273 |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

Hólmgeir Hólmgeirsson rekstrarfræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Himinn og haf

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Lágmúla 6, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is



Stofurnar hennar Guðbjargar eru stórar og bjartar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Skúffur húsameistarans geyma enn ýmsar teikningar.



Eldhúsið var ein íbúð áður fyrr.



Húsið setur svip sinn á efsta hluta Skólavörðustígs.

# Í húsi húsameistarans

Húsið við Skólavörðustíg 35 hefur yfir sér höfðinglegan blæ. Það er byggt af Samúel Jónssyni trésmið og var í áratugi heimili sonar hans, Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins. Nú býr þar Guðbjörg Þorvarðardóttir dýralæknir. Hún tók við húsinu í niðurníðslu en hefur gert á því gríðarlegar endurbætur og endurvakið virðingu þess.

Upphaflega var húsið við Skólavörðustíg 35 reist árið 1906 en varð eldi að bráð og byggt upp aftur árið 1908. Guðbjörg kveðst hafa keypt það árið 1991 ásamt vinkonu og bróður sínum Þorsteini. Nú er það að mestu í eigu þeirra systkinanna og þau leigja út gestaíbúð á neðstu hæðinni. Auk þess að skipta um glugga og lagnir og taka húsið allt í gegn að utanverðu og koma því í upprunalega mynd, hefur Guðbjörg gert miðhæðina upp, haldið trégólfunum við og betrekkt að nýju með maskínupappa sem síðan hefur verið málaður. Enda fékk húsið viðurkenningu borgarstjórans í Reykjavík árið 2003 fyrir vel heppnaðar endurbætur.

„Upphaflega voru margar litlar íbúðir í þessu húsi og hér bjó fullt af fólki en þegar við keyptum var búið að gera miðhæðina að einni íbúð. Þar var samt eiginlega ekkert eldhús, bara smá krókur sem ég breytti í baðherbergi en baðið var frammi á gangi á smá syllu,“ lýsir Guðbjörg. Ég er búin að vera með þetta verkefni í tíu ár og á enn eftir að taka forstofuna í gegn og gestaherbergið þar sem skúffurnar hans Guðjóns eru,“ segir hún og sýnir hirslu sem fellur undir stigann á efri hæðina. Þegar efsta skúffan er dregin út blasa við teikningar eftir húsameistarann. Þótt einangrun hússins sé meira og minna í molum segir Guðbjörg aldrei kalt þar. „Ég sleppi því að kynda allt sumarið og fram á haust,“ segir Guðbjörg brosandi og kveðst alsæl í þessu aldargamla húsi á besta stað í bænum.



Horft eftir eldhúsinu út í stofurnar.



Gangurinn inn í gestaherbergið er með stöllum eins og Guðjón var þekktur fyrir.



Stigapallurinn. Á syllunni við gluggann var klósett þegar Guðbjörg keypti húsið.



Gamli skorsteinninn er vinalegur og hillan yfir ofninum er greinilega handverk Guðjóns.


ÚTSALA

10 - 60% afsláttur



local

Skeifan 3A • 108 Reykjavík

Sími 517 3600 • Fax 517 3604

mylogo@mmedia.is • www.local1.is



Vinsælu borðin komin aftur!

544 5588 • 660 1940

Ný áklæðis- og gluggatjaldaefni ásamt miklu úrvali af veggfóðri

Vefur
Hagaflöt 2, 210 Garðabær
Sími 544-8001. Fax 544-8002
Tölvupóstur: vefur@centrum.is
Heimasíða: www.vefur-efh.is

allt heimili
Alla fimmtudaga





Húsgögn í barnaherbergi þurfa að vera falleg og notadrjúg til að heilla litla notendur.

# Húsgögn fyrir minnsta fólkið á heimilinu

Notagildi og útlit þarf að fara saman þegar kemur að barnahúsgögnum.

Minnstu fjölskyldumeðlimirnir þurfa líka húsgögn við sitt hæfi. Barnahúsgögn þurfa að uppfylla ýmsar gæðakröfur og það borgar sig að vanda vel til kaupa á þeim til að forðast slysin. Margar húsgagnaverslanir hérlendis hafa til sölu falleg og skemmtileg barnahúsgögn enda er hönnun þeirra ekki síður mikilvæg þar sem skemmtilegt útlit og notagildi þarf að fara saman til að heilla smávaxna notendur. Húsgögnin í barnaherberginu þurfa nefnilega oft að verða að skipum, hellum eða fjöllum og geta þegar minnst varir umbreyst í ævintýraheim.



Tripp Trapp barnastólinn vex með barninu sem getur farið að nota hann strax og það er fært um að sitja óstutt. Stóllinn veitir barninu fullkominn stuðning á hvaða aldri sem er, enda má hækka og lækka bæði sæti og fótafjöl eftir þörfum. Fæst í Epal og Baby Sam.



Hundafjölskyldan nýtur vinsælda hjá ungu kynslóðinni og fæst hún bæði hvít og græn. Hundarnir eru heppilegir reiðskjótar fyrir lítil börn og þau hafa líka gaman að veltast með þá þótt þeir séu ekkert sérstaklega mjúkir viðkomu. Fjölskyldan býr í Epal.





Trioli má nota sem rugguhest og líka er hægt að stilla honum upp þannig að stólsetan er mishátt frá gólfi svo stóllinn hentar börnum á ýmsum aldri. Hann fæst í Epal.

Þessi fallegu gamaldags skemla, bekki og rúm má fá í Tekkhúsinu.



# Meira en kassalaga hlutir sem notaðir eru þegar hárið er greitt

Það hefur færst sífellt í aukana á undanförnum árum að fólk noti spegla til yndisauka á heimilum. Margt fólk lætur skreyta speglana á meðan aðrir nota þá til að stækka rými.

Sigurjón Már Guðmansson eigandi Gler og spegla í Dalshrauni segir að speglar séu löngu hættir að vera bara einhverjir kassalagðir hlutir á veggjum sem fólk noti til að greiða á sér hárið. „Í dag getum við líka beinlínis gert allt sem okkur lystir við speglana. Hægt er að skera út mynstur, sandblása þá og ýmsilegt fleira. Þá má eiginlega segja að við getum gert allt nema að beygja þá.“ Sigurjón segir að vinsælast sé að láta sandblása eitthvert munstur á speglana, til dæmis rós eða eitthvað slíkt, þá er strax kominn einhver karakter í spegilinn.

„Í litlum rýmum hefur fólk áttað sig á því að það getur nær tvöfaldað rýmið með því að hafa stóran spegil á veggnum, allavega í augum þeirra sem þangað koma.“ Það sem hefur verið að koma hvað sterkast inn segir er að láta skera út í spegilinn fyrir flúorljósi. Hægt sé að mynda ljósramma í spegilnn þannig að lýsingin gefur fullkomna birtu þegar fólk vilji spegla sig, enda elski allir að skoða sjálfan sig. Sigurjón bætir við að vaxandi eftirspurn sé eftir móðufríum speglum. Aðspurður segir Sigurjón að enn hafi ekki litaðir speglar rutt sér til rúms á íslenskum heimilum. Slíkir speglar séu nær eingöngu að finna á veitingahúsum og skemmtistöðum þar sem þær tengjast heildarmynd staðanna. Sigurjón segir að svipað sögu megi segja um glerið og speglana. Sandblásun er vinsæ og þá í gler í borð, handrið og síðan í eldhúsinnréttingar á milli borðplötu og skápa.

„Eins og með speglana þá er nánast allt hægt að gera. Fólk getur bara kíkt í heimsókn og þá er örugglega hægt að finna einhverja lausn á vandamálum þeirra,“ segir Sigurjón að lokum.



Sigurjón Már hjá Gler og speglum í Hafnarfirði segir fá vandamál óleysanleg FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



## Andlitið á bakinu

STÓLAR MEÐ MYNDUM FORNASETTIS.



Stólarnir Tattochairs eru með mynstri eftir ítalska listamanninn Piero Fornasetti sem skapaði um 11 þúsund listaverk á æviferli sínum. Sonur hans Barnaba hefur tekið myndir hans og þá hluti sem voru vinsælastir og endurskapað í nýjum hlutum. Þar á meðal eru stólar, bindi, skyrtur, regnhlífar og margt fleira. Upplýsingar um Fornasetti er hægt að nálgast á heimasíðunni www.fornasetti.com.



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

## Nú er það svart

HVÍTUM VEGGJUM SAGT STRÍÐ Á HENDUR.

Í stað þess að sækja alltaf í ljósa liti á veggina, er skemmtileg tilbreyting að notast við svartan lit. Hann getur verið flottur á einn stóran vegg og jafnvel hægt að mála einhverskonar mynstur. Þá er hann fyrst málaður möttum lit og sami liturinn með hærri glans notaður til að mála mynstur. Smart er að hafa húsgögn, púða, gardínur eða ljós í sterkum eða ljósum litum sem skera sig frá svarta litnum. Svarti liturinn getur einnig verið mjög flottur á eldhúsinnréttingar eða inni á baðherbergi með stórum speglum.







allt
heimili
Alla fimmtudaga


# Mublur í nýjum klæðum

Bólstrarinn ehf. er staðsettur við Langholtsveg og hefur síðan árið 1944 bólstrað stóla og önnur húsgögn svo þau hafa gengið í endurnýjun lífdaga.

Hafsteinn Gunnarsson hjá Bólstraranum segir bólstrun húsgagna vera þeirra aðalstarf en einnig selur Bólstrarinn gluggutjaldaefni og húsgagnaáklæði. Hjá Bólstraranum er hægt að fá allskyns efni á „nýja" gamla stólinn allt frá ekta leðri og niður í gerviefni. „Það er mikið um að fólk komi með gömul húsgögn til að láta endurnýja þau," segir Hafsteinn. „Við sinnum líka sérverkefnum fyrir hótel, gistiheimili og veitingahús en erum oft í því að endurlífga upp á eldri húsgögn. Klæðum sófasett, stóla, borðstofustóla og fleira." Bólstrarinn er einnig með sérpöntunarþjónustu á gluggatjöldum og húsgagnaáklæðum. Efnin eru að vísu í dýrari kantinum en mjög falleg. Öll efnin má sjá á heimasíðu fyrirtækisins, www.bolstrarinn.is, þar sem hægt er að velja um þúsundir gerða. Pöntunin er lögð inn hjá Bólstraranum og það tekur um viku að fá efnin. Hafsteinn segir þessa þjónustu mikið nýtta. „Við vísum svo á saumakonu sem saumar gardínur en við erum sjálfir í að einbeita okkur að bólstrun og sérverkefnum."



Rókkokó stóll frá árinu 1970. Svart leður með hnöppum á baki.



Stóll frá árinu 1940. Dökkbrúnt leður.



Borðstofustóll frá árinu 1910. Rauð mohair geitaull.



Stóll frá árinu 1980. Grátt leður.


# Allt fyrir gluggann

Í Álnabæ færðu meira úrval fyrir gluggann. Jólavörur í miklu úrvali. Þú gerir aldrei betri kaup á dúkum, því dúkaútsalan er enn í fullum gangi.





Síðumúla 32 Reykjavík S: 588 5900 / Tjarnargötu 17 Keflavík S: 421 2061
Glerárgötu 32 Akureyri S: 462 5900

Álnabær




FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Vekur upp ímyndunaraflið og hleypur fjöri í heimilið

VEGGFÓÐUR Á LÍFLAUSA VEGGI GETUR BREYTT LITLAUSU HEIMILI Í GLEÐRÍKAN STAÐ, ÞAR SEM LITIR OG DANSANDI MYNSTUR ERU ALLSRÁÐANDI.

Ef þú ert orðin leið/ur á að sitja og stara á hvítan vegginn er tilvalið að veggfóðra hann með líflegu og litsterku mynstri. Næst þegar þú sest niður og starir á vegginn, mun mynstrið koma ímyndunaraflinu í gang, og aldrei að vita nema skemmtilegar myndir birtist á veggnum. Það getur verið yfirþyrmandi að veggfóðra alla íbúðina, því er ágætt að byrja á einum vegg og sjá hvað setur. Einnig getur verið gaman að veggfóðra skápa að innan. Það getur verið dásamlega skemmtilegt að opna fataskápinn sinn á morgnana og við manni blasir litfagurt og skemmtilegt veggfóður sem kemur manni í gott skap. Fataskápurinn virðist þá ekki eins tómur, auk þess sem það verður kannski ekki svo slæmt að skilja skáphurðina eftir opna.

nytjahlutir }

# Líflegir nytjahlutir

ALESSI GJAFAVÖRUR OG BORÐBÚNAÐUR ERU HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA.



Sniðugur og líflegur dósaopnari frá Alessi.

Ítalska fyrirtækið Alessi á sér áralanga sögu en Alessi-fjölskyldan segir að átta ættliðir hennar hafi hannað og selt hinar ýmsu vörur. Fyrirtækið var þó formlega stofnað á þriðja áratug síðustu aldar en síðan þá hafa vörur fyrirtækisins skipað sér í fremstu röð á sviði hönnunar ýmissa gjafavara eins og til dæmis borðbúnaðar, eldhúsvara, raftækja og fleira.
Alessi sker sig úr fjöldanum með einkar frumlegri og skemmtilegri hönnun þar sem leitast er við að gefa nytjahlutum líf með bæði persónugervingu og litum. Einfaldleiki og notagildi er einnig smáatriði sem Alessi-fyritækið leggur mikið upp úr. Alessi-vörurnar fást meðal annars í Mirale á Grensásvegi.




**Sóthreinsikubbar fyrir reykrör og skorsteina, kamínur og arna.**

Sóthreinsikubbar fyrir reykrör og skorsteina, kamínur og arna.

Þegar viður er brenndur í eldhólfi þá safnast upp tjara og creosote í skorsteininum en það er einn helsti valdur skortsteinsbruna.

Hreinsikubbarnir hindra og fjarlægja creosote- og tjörumyndun.

í skorsteinum og eldstæðið verður öruggara og eldurinn í arninum nýtur sín miklu betur.

ARINVÖRUR Krókhálsi 10 • sími: 898 1931




NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

## Gólfin tekin í gegn

FALLEG VIÐARGÓLF GERA GÆFUMUNINN.

Það getur borgað sig að pússa upp og lakka illa farið viðargólf, í stað þess að skipta því út fyrir nýtt. Gólf sem eru úr gegnheilum viði er hægt að pússa oftar en einu sinni upp, á meðan önnur viðargólf er aðeins hægt að pússa einu sinni. Þegar gólfið er pússað er borið á það lakk eða olía og þá er kjörið tækifæri að breyta útliti gólfsins með því að hafa smá hvítan lit í lakkinu eða olíunni sem lýsir gólfið. Ef gólfið er olíuborið þarf að bera nýja olíu á gólfið á tveggja ára fresti á meðan lakkið dugar í fjöldamörg ár.



## Æpandi gleði

UNGLINGAHERBERGIÐ ER KJÖRINN STAÐUR TIL AÐ LEIKA SÉR MEÐ LITI OG MYNSTUR.

Bjartir litir ásamt hvítum lit lífga upp á herbergið og gera það glaðlegt og skemmtilegt. Sixtís-tískan hefur verið að láta á sér kræla upp á síðkastið, sem er leikandi og lifandi með ótal litaafbrigðum og mynstri. Auðvelt er að taka gömul húsgögn og lakka þau með skipalakki í fallegum lit og nota stensla á veggina til að mála mynstur. Best er að velja fáa liti sem tóna vel saman, sem setur fallegan heildarsvip á umhverfið. Hugmyndir er hægt að fá úr gömlum kvikmyndum, tímaritum og ljósmyndabókum.





**...Einstaka tilboði!** Þegar keypt er Ego rafmagnsrúm, fylgir gafl og rúmgrind í kaupbæti á meðan birgðir endast.







**Opið virka daga: 10-18 og laugard. 11-15**

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954






Stór og falleg blóm á vegginn frá Harlequin. Til í mörgum litum.





Virðulegt frá Zoffany.

# Segðu það með blómum

Hver vill ekki fylla heimilið af blómum? Veggfóður með blómamynstri lífga svo sannarlega upp á hvert heimili. Einföld mynstur eða flókin, marglit eða mínimalísk. Allt er til og allt er í tísku.

Í örfá ár þegar einfaldleikinn réð algjörum ríkjum og litagleði sjöunda og áttunda áratugarins voru víðsfjarri þótti veggfóður lítið smart. Annað er uppi á teningnum í dag. Veggfóður er aftur inni, það er löngu komið aftur og úrvalið hefur sjaldan verið jafn mikið. Hvort sem einfalt mynstur eða stórgert er á óskalistanum þá er hægt að finna flott fóður á vegginn.

Að ýmsu er þó að huga þegar veggfóður er valið, til dæmis hvernig það passar við húsgögn og aðra hluti á heimilinu. Flott getur verið að veggfóðra einungis einn til tvo veggi í herbergi og mála hina. Afar smart er að velja gardínuefni í stíl við veggfóður.

Í versluninni Vef er úrval af hvoru tveggja mikið. Allt er þó sérpantað en stórar og myndarlegar möppur bíða væntanlegra viðskiptavina. Þegar blöðum þeirra var flett kom í ljós að af ýmsu er að taka – en það nýjasta eru stór og mikil blómamynstur. Og litadýrðin er mikil.



Austurlenskur blær er á þessu veggfóðri frá Harlequin.



Haustlegt frá Harlequin.

Þessi blóm fara vel í eldhúsinu. Designers guild.





Fínlegt og fallegt frá Zoffany.





Klassískt mynstur hannað af William Morrison á 19. öld.



ÁRÍÐANDI!

# EKKI GLEYMA AÐ SKOÐA BESTU RÚMIN ÁÐUR EN ÞÚ TEKUR ÁKVÖRÐUN



Komdu í Epal og njóttu ráðgjafar sérfræðinga okkar við val á vönduðum rúmum.



HÆGT AÐ ÞVO... ... OG SNÚA MÝKRI UNDIR ÖXLUM STYRKTIR KANTAR

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is



Svífðu inn í svefninn í RB rúmi
Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.
74.100,-
án fylgihluta
Nolte rúm
Verð frá kr.
58.000,-
án dýna
160x200 cm
Úrvalið er hjá RB
Hjá okkur er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þú velur það sem þér hentar: Springdýnur, tvöfaldar fjaðradýnur, sérhannaðar sjúkradýnur með varmaklæðningu eða Super deluxe og Grand deluxe springdýnur með tvöföldum mjúkum yfirmottum.
Sælurúm
Verð frá kr.
160.000,-
Stærðir: 80-90-1.20,-1.30 cm.
Opið á laugardögum kl. 10-14
RAGNAR BJÖRNSSON ehf.
Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.
Sængurfatnaður og fylgihlutir
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, lök, dýnuhlífar, náttborð, kommóður og margt fleira.
Dalshrauni 8
220 Hafnarfirði
Sími: 555 03 97
Fax: 565 17 40
www.rbrum.is

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 FM 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Vörulisti Odda 2006 er kominn út.
Útgáfutillboð og skrifstofuleikur.
Pantanasími 515-5100.
**Oddi skrifstofuvörur.**

Nú færðu gouda 26% í sérmerktum kílóastykkjum með 20% afslætti í næstu verslun.
**Osta- og smjörsalan**

Hleðslurafhlöður.
**Rafborg.**

Hamborgarabúllan.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Allt fyrir kaffistofuna.
**Kerfi**
**564-1400**

Gaman, Gaman.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Gallabuxur, ný sending.
**Ralph Lauren**
**Laugavegi 40**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

Safaríkur í hádeginu.
**Grillhúsið Tryggvagötu.**

Hafnarfjörður, Hafnarfjörður.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Safaríkur í hádeginu.
**Grillhúsið Tryggvagötu.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Álfabikarinn.
**Móðurást Hamraborg.**

Komdu að gramsa.
**Skransalan Skipholti 29A**

GP-alkaline.
**Rafborg.**

Ný sending af peysum.
**Ralph Lauren**
**Laugevegi 40**

Vörulisti Odda 2006 er kominn út.
Verslun Odda, Höfðabakka 3.
**Verslun Odda,**
**Borgartúni 29.**

Hamborgarar rokka feitt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Góður matur.
**Grillhúsið Tryggvagötu.**

Carters ungbarnafatnaður.
**Móðurást Hamraborg.**

Stígvél í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Rafhlöður.
**Rafborg.**

Íbúðargisting á Ísafirði í Faktorshúsinu, Hæstakaupstað.
**sími 456-3868.**

Kuldafatnaður.
**Dynjandi.**

Allt fyrir mömmuna og litla krílið.
**Móðurást Hamraborg.**

Vörulisti Odda er kominn út.
Útgáfutilboð í báðum verslunum Odda.
**Oddi skrifstofuvörur.**

Tilboð á Gouda 26% í sérmerktum kílóastykkjum í næstu verslun, 20% afláttur!
**Osta- og smjörsalan.**

Kynntu þér KB tekjuvernd. –pantaðu ráðgjöf á kbbanki.is eða hringdu í síma 444-7000.
**KB banki.**

Prúttsala
**Húsgagnaverslunin il Tucano Tryggvagötu**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ


## ÞJÓNUSTA

### Til bygginga




**vidur.is**
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, nótuð vatnsklæðning, nótaður panill og fræst gluggaefni. Gæði á góðu verði. Nánar sjá vidur.is Magnús sími 561 1122 & 660 0230.

### Ýmislegt




SuDoku Frístund Talna- og stafag. 9x9, 16x16 og 25 x 25. 553-8200/fristund.net

### Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

### Garðyrkja

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur til sölu, frí heimkeyrsla. Steini. S. 663 6666 & 663 7666.

### Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

### Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

### Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Hasso Ísland. Ertu að flytja? Höfum til leigu ýmsar stærðir af sendibílum sem henta þér, á verðum sem koma á óvart. Síminn er 555 3330 Hasso Ísland

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

### Húsaviðhald










Þök, rennur, gluggar, hurðir, veggir, gólf. Smíðalausnir Jósep 899 3011.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s málun, múrun, flísa-& parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Húsaviðhald.**
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

Ert þú að fara að flísaleggja? Get bætt við mig verkefnum. Uppl. í s. 867 4510.

### Stífluþjónusta







Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

### Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.


# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fiton/SÍA F014416




pósthúsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**

**101-16** Grettisgata, Vitastígur
**101-20** Framnesvegur
**101-21** Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-36** Vesturgata
**101-37** Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
**101-45** Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-46** Baldursgata
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
**101-54** Spítalastígur, Týsgata, Óðinsgata
**101-56** Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata
**101-58** Garðastræti
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-26** Dalbraut, Selvogsgrunn, Sporðagrunn
**105-02** Flókagata, Hrefnugata, Kjartansgata
**105-03** Grettisgata, Karlagata, Njálsgata, Skarphéðinsgata, Þverholt
**105-06** Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-12** Langahlíð, Skaftahlíð
**105-13** Reynihlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð
**105-21** Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð
**105-37** Bólstaðarhlíð, Langahlíð, Úthlíð
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**105-47** Flókagata, Skeggjagata
**107-01** Hringbraut
**107-10** Fálkagata
**107-11** Fornhagi, Hjarðarhagi
**107-13** Ægisíða
**107-14** Faxaskjól, Sörlaskjól
**107-17** Kaplaskjólsvegur, Nesvegur
**107-20** Boðagrandi, Fjörugrandi, Keilugrandi
**107-22** Bárugrandi, Flyðrugrandi, Álagrandi
**107-23** Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
**107-25** Flyðrugrandi, Meistaravellir
**107-30** Dunhagi, Smyrilsvegur, Þrastargata
**108-35** Sléttuvegur
**110-18** Birtingakvísl, Bleikjukvísl
**111-17** Vesturberg
**112-36** Bakkastaðir
**112-51** Grasarimi, Hvannarimi, Mururimi, Rósarimi
**112-56** Ljósavík
**113-02** Maríubaugur
**113-05** Ólafsgeisli
**113-08** Gvendargeisli
**170-09** Lindarbraut, Vallarbraut
**200-06** Borgarholtsbraut
**200-08** Kársnesbraut
**200-10** Holtagerði
**200-11** Hraunbraut, Kársnesbraut
**200-57** Bakkabraut, Hafnarbraut, Vesturvör
**210-01** Haukanes, Þrastanes
**210-02** Hegranes, Tjaldanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-06** Marargrund, Sjávargrund, Ægisgrund
**210-15** Garðaflöt, Smáraflöt, Stekkjarflöt
**210-18** Garðaflöt, Lindarflöt
**210-25** Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur
**210-26** Dalsbyggð, Hæðarbyggð
**210-28** Garðatorg, Heiðarlundur, Hofslundur, Kirkjulundur
**210-32** Holtsbúð
**210-41** Engimýri, Fífumýri, Krókamýri, Langamýri
**220-33** Hringbraut, Strandgata
**220-34** Hringbraut, Selvogsgata
**220-39** Háabarð, Móabarð, Svalbarð
**221-18** Blómvellir, Burknavellir
**225-01** Blátún, Hátún, Skólatún
**225-07** Lambhagi, Miðskógar
**225-11** Austurtún, Smáratún, Suðurtún
**230-01** Bragavellir, Gígjuvellir, Ránarvellir, Sjafnarvellir, Týsvellir, Ægisvellir, Þórsvellir
**230-11** Faxabraut, Háholt, Lyngholt, Skólavegur
**230-12** Baugholt, Krossholt, Þverholt
**230-13** Hafnargata, Hringbraut, Suðurgata
**230-14** Austurgata, Framnesvegur, Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesvegur
**230-20** Garðavegur, Kirkjuvegur, Klapparstígur
**260-07** Kirkjubraut, Kópubraut, Njarðvíkurbraut, Njarðvíkurvegur, Thorkellsgata
**270-01** Akurholt, Arkarholt, Álmholt, Ásholt
**270-03** Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt, Þverholt
**270-06** Bjargartangi, Borgartangi, Bugðutangi
**270-07** Bjarkarholt, Dalatangi, Grundartangi, Hlaðhamrar
**270-08** Leirutangi
**600-15** Byggðavegur, Grænamýri, Hamarstígur, Rauðamýri, Þingvallastræti
**800-15** Birkivellir, Hrísholt, Merkiland, Vallholt, Víðivellir
**800-16** Austurvegur, Grænamörk, Heiðmörk, Þórsmörk
**800-18** Engjavegur, Mánavegur, Seljavegur, Sigtún, Sléttuvegur, Tryggvagata, Tunguvegur
**800-19** Austurvegur, Fagurgerði, Grænuvellir, Hörðuvellir
**810-05** Heiðmörk, Reykjamörk

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

## OPIÐ ÚTBOÐ

### Loftræsikerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.) óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í opnu útboði vegna loftræsikerfa í norðurbyggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Verkið felst í útvegun og uppsetningu loftræsikerfa vegna stækkunar norðurbyggingar til suðurs og endurgerðar 2. hæðar. Helstu magntölur eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Kantaðir loftræsistokkar: | 19.000 kg |
| Sívalir stokkar: | 1.200 m |
| Loftræsisamstæður: | 2x13 m3/s |
| Flæðistöðvar og hitarar: | 165 stk |
| Áætlað upphaf verks: | 24.11.2005 |
| Verklok 1. áfangi: | 30.05.2006 |
| Verklok 2. áfangi: | 26.02.2007 |

Útboðsgögn liggja frammi á skrifstofu Flugstöðvarinnar svo og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 26. október 2005. Gögnin eru á rafrænu formi og verða seld á 5.000 kr.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu FLE hf. á 3. hæð byggingarinnar eigi síðar en fimmtudaginn 10. nóvember 2005 fyrir kl. 11.00.
Útboðið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

235 Keflavíkurflugvöllur | Sími 425 0680 | Fax 425 0690 | www.airport.is

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

## OPIÐ ÚTBOÐ

### Rafkerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.) óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í opnu útboði vegna rafkerfa í norðurbyggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Verkið felst í útvegun og uppsetningu rafkerfa, lág- og smáspennu, vegna stækkunar norðurbyggingar til suðurs og endurgerðar 2. hæðar. Verktaki tekur að sér að útvega og leggja almennar og sérstakar raflagnir, útvega og setja upp rafbúnað auk tenginga við ýmis fasttengd tæki. Helstu kennitölur eru:

| | |
|---|---|
| Stærri aflstrengir: | 1.000 m |
| Smærri aflstrengir: | 6.000 m |
| Fortengdir aflstrengir: | 2.000 stk |
| Afldreifitöflur: | 6 stk |
| Lampar: | 1.200 stk |
| Netbakkar og strengstigar: | 3.700 m |
| Brunakerfisstrengir: | 1.500 m |
| Brunaskynjarar: | 240 stk |
| Hljóðkerfisstrengir: | 3.800 m |
| Hátalarar: | 310 stk |
| Loftnetstrengir: | 2.100 m |
| Tölvu- og símastrengir: | 10.000 m |

Útboðsgögn liggja frammi á skrifstofu Flugstöðvarinnar svo og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 26. október 2005. Gögnin eru á rafrænu formi og verða seld á 5.000 kr.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu FLE hf. á 3. hæð byggingarinnar eigi síðar en fimmtudaginn 10. nóvember 2005 fyrir kl. 11.00.
Útboðið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

235 Keflavíkurflugvöllur | Sími 425 0680 | Fax 425 0690 | www.airport.is

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

## OPIÐ ÚTBOÐ

### Lagnakerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.) óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í opnu útboði vegna lagna í norðurbyggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Verkið felst í útvegun og uppsetningu lagnakerfa vegna stækkunar norðurbyggingar til suðurs og endurgerðar 2. hæðar. Helstu magntölur eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Steypujárnslagnir: | 650 m |
| Álplastlagnir: | 1.050 m |
| Hitalagnir (stál): | 2.300 m |
| Vatnsúðalagnir: | 7.000 m |
| Áætlað upphaf verks: | 24.11.2005 |
| Verklok 1. áfangi: | 30.05.2006 |
| Verklok 2. áfangi: | 26.02.2007 |

Útboðsgögn liggja frammi á skrifstofu Flugstöðvarinnar svo og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 26. október 2005. Gögnin eru á rafrænu formi og verða seld á 5.000 kr.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu FLE hf. á 3. hæð byggingarinnar eigi síðar en fimmtudaginn 10. nóvember 2005 fyrir kl. 11.00.
Útboðið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

235 Keflavíkurflugvöllur | Sími 425 0680 | Fax 425 0690 | www.airport.is


ATVINNA


Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður

**Áslandsskóli**
(585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Enskukennsla í unglingadeildum
Almenn kennsla á yngsta stigi

**Stekkjarás**
(517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða þroskaþjálfi óskast til starfa við stuðning á eldri deild.

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**


FASTEIGNIR


DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is

**GENGUR ILLA AÐ SELJA EIGNINA ÞÍNA?**

**MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR Á SKRÁ**

**-Mikil sala hefur verið hjá okkur að undanförnu og vantar allar gerðir eigna á skrá.**

**-Skoðum og metum samdægurs þér að kostnaðarlausu.**

**-Enginn kostnaður fellur á seljanda ef eignin selst annars staðar.**

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

### Safamýri 28 - 32

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Álftamýri/Safamýri vegna lóðanna Safamýri 30 og 32.
Tillagan gerir ráð fyrir því m.a. að lóðirnar nr. 30, gæsluvallarlóð, og 32, leikskólalóð, verði sameinaðar, núverandi leikskólabygging verði rifin, gæsluvallarhús fjarlægt og nýr leikskóli reistur á sameinuðum lóðum. Innkeyrsla á bílastæði færist 3 metra til suðurs og nýtingarhlutfall breytist úr 0,15 í 0,2. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Nauthólsvík - veitingaskáli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nauthólsvík.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að byggingareitur breikkar um 1,5 metra til norð – vesturs, hæðartakmörkun innan sérreits á norð – vesturhluta byggingarreits hækkar úr 5 metrum í 6,15, verður þó áfram á einni hæð og stærð byggingar má vera allt að 350m². Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 25. október til og með 6. desember 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 6. desember 2005.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 25. október 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090



BLINDRAVINNUSTOFAN

*Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er í eigu Blindrafélagsins. Frá stofnun hefur hún verið ómissandi hlekkur í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu Blindravinnustofunnar er að veita blindum og sjónskertum atvinnu. Hjá vinnustofunni starfa 25, þar af 20 blindir eða sjónskertir.*

*Helstu verkefni Blindravinnustofunnar eru að merkja og pakka hreingerningarvörum sem seldar eru í Bónus, Hagkaupum og 10-11. Auk þess sinna starfsmenn Blindravinnustofunnar pökkunarverkefnum af öllu tagi.*

**Blindravinnustofan leitar eftir:**

## Starfsmanni á lager

Viðkomandi mun starfa á lager, sjá um útkeyrslu ásamt öðrum tilfallandi störfum. Leitað er að starfsmanni sem er glaðlyndur, hefur ríka þjónustulund og hefur gaman af að starfa með fólki.

## Starfsleiðbeinanda

Viðkomandi mun sjá um starfsþjálfun og starfsleiðbeiningu. Leitað er að þroskaþjálfa, iðjuþjálfa, kennara, leiðbeinanda eða aðila sem er vanur eða hefur áhuga á að vinna með fötluðum.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Margrét Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri í síma 695-4113 eða mg@blind.is.
Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsóknir fyrir 31. október á mg@blind.is eða til Blindravinnustofunnar, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.



Drumbabót við Fljótshlíð, skógurinn sem varð hamfarahlaupi að bráð.
Mynd: Vilhelm



**ÞORSTEINN MAGNÚSSON,**
sviðsmaður hjá Sjónvarpinu.

# HVUNNDAGURINN

## *Alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi*

**Í hverju felst starf þitt?**
Ég hef umsjón með upptökuverum Ríkissjónvarpsins.
**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvað gerir þú?**
Misjafnt. Stundum vakna ég á hádegi og stundum klukkan níu. Reglulega rútínan er að tannbursta sig, fá sér að borða og drulla sér svo af stað.
**Hvað er skemmtilegast við vinnuna?**
Fjölbreytileikinn, það er alltaf eitthvað nýtt að gerast á hverjum degi.
**En erfiðast?**
Þegar mikið álag er á manni. Til dæmis þegar maður þarf að skipta út leikmynd á núlleinni.
**Hvað gerir þú eftir vinnu?**
Ekkert sérstakt svo sem. Bara hitta vinina eða gera eitthvað skemmtilegt.
**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?**
Já, ég held að það sé fínt djobb að vera forseti Bandaríkjanna.















**HUNDUR Í GRÍMUBÚNINGI** Árlegi hundadagurinn var haldinn á Times-torgi í New York um helgina og tók fjöldi manna og hunda þátt í deginum. Þessi enski bolabítur sigraði í grímubúningakeppninni og þótti leigubílabúningurinn ansi snjall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mataræði og holdafar

Hafrún Eva Arnardóttir flytur fyrirlestur um mataræði og holdafar níu og fimmtán ára Íslendinga í stofu 158 í VR-II húsnæði Háskóla Íslands í dag klukkan 12.20.

Hafrún Eva útskrifaðist með BS-próf í líffræði frá Háskólanum árið 1998 og stundaði nám í næringarfræði við Háskólann í Osló frá hausti 2001 til desember 2002. Árið 2003 hóf hún nám til meistaraprófs í næringarfræði, en rannsóknarverkefnið var unnið á rannsóknarstofu í næringarfræði við Landspítala - háskólasjúkrahús og matvælafræðiskor Raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn í dag er um meistaraprófsverkefnið.



**BRÚIN YFIR KOLGRAFARFJÖRÐ** Leiðin milli Grundarfjarðar og Stykkishólms styttist um sjö kílómetra með nýju brúnni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kolgrafarfjörður opnaður umferð

Vegurinn yfir Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi var opnaður með formlegum hætti á föstudag þegar samgönguráðherra ók yfir nýju brúna sem liggur þvert yfir fjörðinn.

Með nýja veginum styttast vegalengdir milli fjölmargra staða á Snæfellsnesi og sjá heimamenn og aðrir fram á að Nesið allt geti orðið eitt þjónustu- og atvinnusvæði. Vegurinn milli Grundarfjarðar og Stykkishólms styttist um sjö kílómetra og eykur öryggi vegfarenda sem nú eiga kost á að aka Snæfellsnesið á láglendisvegi.



**RAUFARHÖFN** Hið gróskumikla menningarlíf á Raufarhöfn er í algleymi þessa dagana.

# Menningarhátíð á Raufarhöfn

Menningarhátíð hófst á Raufarhöfn á sunnudag og stendur fram á föstudag. Yfirskrift hennar er sem fyrr Bjart er yfir Raufarhöfn og er hátíðinni ætlað að lífga upp á tilveru bæjarbúa og gesta þeirra og sýna um leið fram á hve gróskumikið menningarlíf er í bænum.

Í dag verður meðal annars línudans fyrir börn og fullorðna og unga fólkið reynir með sér í Idol-keppni. Á morgun verður Jónasarkvöld þar sem fluttir verða söngtextar Raufarhafnarskáldsins Jónasar Friðriks og á fimmtudag kemur Vigdís Grímsdóttir rithöfundur í heimsókn. Þá verður einnig kvikmyndin Kaldaljós sýnd en hún var gerð eftir samnefndri bók Vigdísar.

Á föstudag verður þrautakóngur fyrir hressa krakka, Jónasarsyrpa og harmonikkuveisla, villibráðakvöld, dansleikur og flugeldasýning.



FISKBÚÐIN ÁRBJÖRG HRINGBRAUT 119
við JL-Húsið
Opið 08:00-18:30
S: 552 5070
Ný ýsuflök
460kr kg
Þar sem fiskurinn stoppar stutt

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ömurlega séð

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ER HRIFNARI AF EINFÖLDU MÁLI.



Íslenskulega séð er ég ekkert sérstakur. Kann að stafa og beygja nafnið mitt en á það til að skipta út orðinu kýr fyrir belju þegar ég lendi í vandræðum. Ég verð því seint talinn vera með þeim mönnum sem munu hafa áhrif á íslenskt mál eða þróun íslenskrar tungu. Fegurðarlega séð veit ég þó að það er ljótt að bæta alltaf endingunni –lega og orðinu séð aftan við, að því er virðist, hvaða orð sem er.

Ég veit ekki alveg hvaðan þessi séða lega kemur. Hún hefur svo sem lengi tíðkast í íþróttalýsingum, samanber varnarlega og sóknarlega séð, en svo virðist vera sem hún sé einnig farin að teygja sig yfir í daglegt mál. Síðustu vikur hef ég heyrt eða lesið setningar á borð við arkitektalega séð er þetta falleg bygging, matarlega séð er þetta vondur matur, tölvulega séð er þetta gamalt stýrikerfi, fatalega séð ertu illa klæddur, innréttingalega séð er þetta ljótt og tískulega séð ertu ekki flottur, svo fáein dæmi séu tekin. Tilfinningalega séð verð ég alveg ótrúlega pirraður þegar ég les um allar þessar –legur að svona ofbeldislega séð liggur við að mig langi til að slá einhvern. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki af hverju fólk er að flækja málið svona rosalega. Hvað er að einföldum setningum eins og falleg hönnun, góður matur, úreld tölva, illa klæddur og ljótar innréttingar?

Þótt endingin -lega sé að mörgu leyti ágætis ending, sbr. lummulegur og púkalegur, á hún ekki alltaf við. Hún á til dæmis ekki við með ofantöldum orðum og ennþá síður með orðinu lega. Legulega séð liggur þessi maður illa. Það gengur ekki upp. Maðurinn liggur frekar bara asnalega, ja eða í óþægilegri stellingu.




## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 8 |
| 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |
| 2 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 4 | 5 | 1 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 9 | | | | | |
| | 8 | | | 7 | 6 | | 2 | 1 |
| | | 6 | 5 | 4 | | 8 | | |
| | 9 | | | 6 | | 5 | | 2 |
| | 6 | 2 | 4 | | 8 | 7 | 1 | |
| 7 | | 1 | | 3 | | | 4 | |
| | | 9 | | 2 | 5 | 3 | | |
| 8 | 7 | | 6 | 1 | | | 9 | |
| | | | | | 4 | | 5 | |



... mmmmmmmóna!
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
Ljósir dropar:
Dropar úr ekta rjómasúkkulaði. Frábærir sem skraut á kökur og eftirrétti eða með kaffinu.
Skeljar:
Skeljar úr ekta rjómasúkkulaði. Frábærar sem skraut á kökur og eftirrétti eða með kaffinu.
Dökkir dropar:
Dropar úr ekta suðusúkkulaði. Ómissandi ofan á spesíur, frábærir í allan bakstur.
Ljós súkkulaðispænir:
Kjörinn á ísrétti, í kökur og kaffidrykki.
Dökkur súkkulaðispænir:
Tilvalinn í kökur, eftirrétti og kaffidrykki.
Ljós tertuhjúpur:
Fallegur ljós súkkulaðihjúpur á kökur. Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
Lúxus suðusúkkulaði:
Frábært í allan bakstur og tilvalið í heitt súkkulaði með rjóma.
Súkkulaðibitar:
Helltu súkkulaðibitunum beint út í deigið þegar þú bakar ekta súkkulaðibitakökur. Einnig tilvalið út á ísinn.
Dökkur tertuhjúpur:
Fallegur dökkur hjúpur á kökur. Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
Bragðauki suðusúkkulaði:
Suðusúkkulaði með appelsínubragði. Gefur skemmtilega möguleika í bakstrinum.
Ljósir spænir
Dökkir spænir
Ljós TERTU HJÚPUR
Dökkur TERTU HJÚPUR
BRAGÐAUKI SUÐUSÚKKULAÐI
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**!** **Kl. 17.00**
*Janette Land Schou, danskur listamaður sem vinnur með myndbönd og ljósmyndir, flytur fyrirlestur um vídeólist í Danmörku og um eigin verk í Listaháskólanum, Skipholti 1, stofu 113.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Skáldaspíran Þorsteinn

Þorsteinn frá Hamri verður konungur Skáldaspírukvöldsins sem haldið verður í bókaverslunninni Iðu við Lækjargötu.

Þorsteinn er eitt af virtustu skáldum landsins og les að þessu sinni úr glænýrri ljóðabók sinni sem heitir Dyr að draumi. Allt frá því að hann gaf út sína fyrstu ljóðabók, tvítugur að aldri, hefur hann mótað og fágað ljóðstíl sinn. Í þessari nýju bók leitar hann á fornar slóðir og mörg ljóðanna eru í senn jarðbundin og rómantísk.

Upplesturinn verður að venju á jarðhæð bókaverslunarinnar. Gestir geta haft hressingu með sér frá kaffihúsinu á annarri hæð og jafnframt gefst tækifæri til að spjalla við skáldið um verk hans.

Einnig ætla þeir Guðmundur Björgvinsson og Gunnar Randversson að leika nokkur sígild lög á gítar.

Skáldaspírukvöldið í kvöld er hið 42. í röðinni. Hinn fjölhæfi Benedikt Lafleur, sem er í senn rithöfundur, myndlistarmaður, bókaútgefandi og sjósundmaður, hefur undanfarin misseri skipulagt regluleg Skáldaspírukvöld þar sem jafnt þekktum sem óþekktum skáldum gefst tækifæri til að kynna verk sín.



Í vetur eru Skáldaspírukvöldin haldin í bókaverslunninni Iðu við Lækjargötu á hverju einasta þriðjudagskvöldi. Í stað þess að nokkur skáld lesi úr verkum sínum á hverju Skáldaspírukvöldi hefur í vetur verið farin sú leið að eitt skáld lesi upp hverju sinni.

## > Ekki missa af ...

... kvikmyndinni **Árshátíð slökkviliðsmannanna** eftir **Milos Forman**, sem Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíó í Hafnarfirði í kvöld klukkan átta.

... tónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói á fimmtudaginn þar sem stórsöngkonan **Barbara Bonney** stígur á svið og syngur lög eftir Grieg.

... sýningum þeirra **Þorbjargar Þorvaldsdóttur** og **Karenar Óskar Sigurðardóttur** í Listasafni ASÍ við Freyjugötu í Reykjavík.

# Brot af því nýjasta

Í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu var um síðustu helgi opnuð sýningin Aðföng 2002-2005. Á sýningunni má sjá nokkur þeirra verka sem safnið hefur keypt eða fengið að gjöf á síðustu árum.

Markmiðið með sýningunni að minna á þennan grunnþátt starfseminnar, söfnunina sjálfa. Alls eru það 390 verk sem safnið hefur eignast á þessum árum eftir 83 listamenn.

Á þessu tímabili hefur safnið fengið nokkrar mjög stórar gjafir eins og á verkum Guðmundu Andrésdóttur, Brian Griffin og verkum Nínu Sæmundsen. Einnig hafa verið sett upp nokkur útilistaverk á þessum tíma, en sérfjárveiting til kaupa og kostnað við uppsetningar þeirra hefur verið um 2,5 milljónir á ári.

Eðli málsins samkvæmt er aðeins unnt að sýna brot af þessum verkum á einni sýningu. Þar á meðal má nefna verk eftir Sigurð Guðmundsson, Eggert Pétursson og Hrafnkel Sigurðsson.

Listasafn Reykjavíkur hefur hins vegar brugðið á það ráð að gera öll nýju verkin aðgengileg á sérstökum gagnagrunni sem er opinn gestum við sýningarsalina. Þar er að finna upplýsingar um sérhvert verk, listamennina, hvort um gjöf eða kaup er að ræða og ýmislegt fleira.

Listasafn Reykjavíkur setur reglulega upp sýningar sem byggjast á safneigninni. Á Kjarvalsstöðum hefur mátt sjá verk Kjarvals á sýningum sem ýmist eru unnar úr safneigninni eingöngu eða einnig með lánsverkum frá öðrum söfnum og einstaklingum. Í Hafnarhúsinu eru tveir salir ætlaðir til sýninga á verkum Errós. Þar hafa verið gerðar árlega tvær sýningar úr Errósafninu þar sem verkin hafa verið valin út frá tímabilum eða unnar þemasýningar þar sem áherslan hefur verið á inntak og efnistök. Það sama á við um Ásmundarsafn. Þar hafa verið gerðar sýningar árlega eða á tveggja ára fresti þar sem sjónum hefur verið beint að ýmsum þáttum í list Ásmundar Sveinssonar.

Sýningin Aðföng 2002-2005 stendur til áramóta. Á sýningartímabilinu verður boðið upp á leiðsagnir á sunnudögum klukkan 15.



**HRAFNKELL SIGURÐSSON** Hrafnkell er meðal þeirra myndlistarmanna sem eiga verk á sýningu Listasafns Reykjavíkur á nýjum aðföngum safnsins í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN






**JÓN ATLI JÓNASSON RITHÖFUNDUR**

# Fegurðarskynið breytist

**Eitt fremsta leikskáld þjóðarinnar hefur sent frá sér sína fyrstu skáldsögu þar sem hann fjallar um drungalegan hversdagsveruleika einstæðrar móður, sem þvælist stefnulítið milli skylduverka sinna og skemmtanalífsins.**

„Þetta er bara beint upp úr íslenskum veruleika í dag,“ segir Jón Atli Jónasson rithöfundur um fyrstu skáldsögu sína, Í frostinu, sem nú er nýkomin út.

„Bókin fjallar um unga konu sem er tæplega þrítug. Hún vaknar á morgnana, fer með son sinn á leikskóla og síðan í vinnuna. Svo fer hún út að skemmta sér með vinum sínum á kvöldin.“

Líf hennar virðist óskaplega stefnulaust en stutt er í háskalega atburði sem skyndilega umhverfa veruleika hennar. Óttinn magnast í hverju skrefi og óvissa um framhaldið nær tökum á lesendum bókarinnar, þrátt fyrir hversdagslegt yfirborðið.

Jón Atli er eitt fremsta leikskáld þjóðarinnar um þessar mundir. Árið 2004 hlaut hann Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, og verk hans hafa verið sviðsett víða um heim. Hann hefur einnig sent frá sér smásögur og skrifað kvikmyndahandrit, þar á meðal handritið að Strákunum okkar sem frumsýnd var fyrir skemmstu.

Jón Atli er sjálfur aðeins fáeinum árum eldri en söguhetjan og segir bókina að mörgu leyti skrifaða fyrir sína kynslóð.

„Fólk er farið að meta hlutina á svolítið öðrum forsendum en áður,“ segir Jón Atli og á þar við að fagurfræðin sé farin að gegna stærra hlutverki í því hvernig yngra fólk metur kvikmyndir, tónlist, bækur og annað það sem það hefur sér til afþreyingar og endurnæringar.

„Fólk sér fegurð í allt öðrum hlutum en það gerði áður,“ segir hann og nefnir sem dæmi bíómyndir á borð við Seven og Matrix-myndirnar.

„Það sem gerist í þessum myndum er í sjálfu sér alveg hrikalegt, en í þeim er ákveðið andrúmsloft sem höfðar til fólks. Það er í þeim einhver drungi en í honum sér fólk ákveðna fegurð sem það kann að meta. Fólk metur þessar myndir vegna þess að þær eru flottar, þær eru fallegar.“

Annars segist Jón Atli ekki vera mikið fyrir að tala um verkin sín eða útskýra þau. „Mér finnst að það eigi að vera í höndum annarra.“

Svolítil nýbreytni er í því að aðalpersónan er kona. Jón Atli hefur til þessa einbeitt sér mikið að heimi karlmennskunnar í verkum sínum.

„Kannski er ég að koma einhverjum ballans á það núna,“ segir hann en tekur þó fram að hann hafi hreint ekki sett sér neitt markmið um að koma á einhvers konar jafnvægi kynjanna. „Þetta gerist bara, ég fór að skrifa þessa bók og hún varð svona.“

Þessi fyrsta skáldsaga Jóns Atla kemur strax út í kilju en þar fer útgefandinn, JPV útgáfa, óvenjulega leið því hingað til hefur það ekki tíðkast hér á landi að bækur komi út í kilju fyrr en búið er að metta jólagjafamarkaðinn með innbundnum harðspjaldaútgáfum.

„Hugmyndin var bara sú að hún yrði ekki allt of dýr til þess að fólk af minni kynslóð gæti keypt hana án þess að það þyrfti að vera einhver meiri háttar fjárfesting. En það var ekkert sjálfgefið að þetta yrði svona. Ég þurfti að berjast svolítið fyrir því að hún kæmi bara út í kilju.“

# Uppáhaldsmyndir Friðriks

Kvikmyndasafn Íslands sýnir næstu þrjár vikurnar þrjár af uppáhaldskvikmyndum Friðriks Þórs Friðrikssonar kvikmyndaleikstjóra.

Fyrsta myndin í röðinni er Árshátíð slökkviliðsmannanna eftir Milos Forman sem verður sýnd í kvöld klukkan átta og aftur á laugardaginn klukkan 16. Þetta er grínmynd frá árinu 1967 og segir frá því þegar slökkviliðsmenn í tékkneskum smábæ halda samkvæmi til heiðurs fyrrverandi slökkviliðsstjóra. Allir bæjarbúar eru boðnir í veisluna sem fer úr böndunum.

Þessi mynd vakti athygli heimsins á Forman og var jafnframt sú síðasta sem hann gerði í Tékkóslóvakíu áður en hann flúði til Ameríku eftir innrás Varsjárbandalagsins í landið 1968 til að stöðva vorið í Prag. Myndin var bönnuð í Tékkóslóvakíu, þótti vera þjóðfélagsádeila en því hefur höfundurinn ávallt neitað. Myndin er sýnd með sænskum texta.

Hinar uppáhaldsmyndir Friðriks eru íranska myndin Gabbeh frá árinu 1996 og franska myndin Themroc frá 1973.

Sýningar Kvikmyndasafnsins fara fram í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Ný mynd er tekin til sýninga í hverri viku. Sjá www.kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is.



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI OG FRAMLEIÐANDI** Ein af uppáhaldsmyndum hans er Árshátíð slökkviliðsmannanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29767 10/2005

## Fimm stjörnu öryggi

Avensis fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið í árekstrarprófi Euro NCAP eða heilar fimm stjörnur fyrir öryggi. Þar vógu þungt öflugir loftpúðar og sterk yfirbygging.
En sérstaða Avensis er ekki aðeins bundin við öryggi. Hann var líka kosinn bíll ársins í flokki fjölskyldubíla af tímaritinu WhatCar?

Avensis Wagon er hágæða fjölskyldubíll, ríkulega búinn og rúmgóður. Eftirtektarverður kostur sem sker sig úr hvar sem hann fer.

**Prófaðu verðlaunagripinn Avensis Wagon og sjáðu hvort hann smellpassi ekki fyrir fjölskylduna þína.**

**Verð frá 2.340.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>KÓPAVOGUR<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |




# Ólæsi og óbeit á nýjungum

Hverjir nutu ekki góðs af framförum á 18. öld? spyr Þórunn Guðmundsdóttir sagnfræðingur í samnefndu erindi í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, „Hvað eru framfarir?“ sem hún flytur í dag.

Í erindi sínu leitast Þórunn við að bregða ljósi á hvort það hafi verið hagur einhverra að halda þekkingu frá þeim sem gátu nýtt hana til framfara fyrir almenning og beinir sjónum að menntun ljósmæðra í þeim tilgangi. Fyrirlesturinn byggir hún á meistaraprófsritgerð sinni frá árinu 2002, en þar skoðaði hún menntun og störf ljósmæðra á 18. öld, sérstaklega í Rangárvallasýslu.

„Áhugi minn á því að rannsaka sögu og þróun heilbrigðismála er tvíþættur,“ segir Þórunn. Önnur ástæðan er sú að ég starfaði sem röntgentæknir árum saman og þekki því til í heilbrigðiskerfinu. Hins vegar er hluta íslenskrar kvennasögu að finna í störfum kvenna að velferðarmálum.“

En telur Þórunn að nytsamlegri þekkingu hafi verið haldið frá ljósmæðrum á 18. öld? „Nei, ég held að þekkingu og menntun hafi ekki verið haldið frá þeim en sú þekking á meðgöngu og barnaeldi sem var til víða í Evrópu náði ekki hingað.“ Það telur hún mega rekja að hluta til þess að fram til 1760 var menntun og eftirlit með störfum ljósmæðra í höndum sóknarpresta. „Þegar Bjarni Pálsson tók við stöðu landlæknis það ár kom það í hans hlut að mennta ljósmæður og kynna starfandi ljósmæðrum nýjungar. Þá hafði hann um það að velja að starfa innan gamla kerfisins eða búa til nýtt.“

Bjarni lýsir í bréfi að ljósmæður hafi andstyggð á nýjungum og hluti þeirra var ólæs og óskrifandi. „Ólæsið var alltaf vandræðamál varðandi útbreiðslu þekkingar,“ segir Þórunn en bendir á að á 18. öld þurftu ljósmæður ekki að skila skýrslum um störf sín og börn voru ekki skráð við fæðingu heldur skírð. „Það er því ekkert víst að ólæsið hafi háð þeim í starfi. Sá möguleiki að ljósmæður gætu framfleytt sér af störfum sínum var hins vegar aldrei ræddur og konur höfðu engan fjárhagslegan ávinning af því að leita sér þekkingar í ljósmæðrafræðum.“

Þórunn flytur erindi sitt í Þjóðminjasafni Íslands í dag og hefst það klukkan 12.10.

bergsteinn@frettabladid.is



**ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR** Ólæsið var alltaf vandræðamál varðandi útbreiðslu þekkingar en það er ekki víst það hafi háð ljósmæðrum við störf þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Klippimyndir frá Danmörku

Konunglegi danski ballettinn verður með tvær gestasýningar í Þjóðleikhúsinu á sunnudaginn kemur. Ballettinn sýnir Klippimyndir, ævintýralega barnaballetsýningu byggða á verkum H.C. Andersens, á Stóra sviðinu klukkan 14 og 16. Höfundur ballettsins er Pär Isberg.

Í sýningunni er haldið í ævintýralega ferð með H.C. Andersen, sem dansar aðalhlutverkið og leiðir okkur í gegnum vinsæl ævintýri á borð við Litlu stúlkuna með eldspýturnar, Nýju fötin keisarans, Næturgalann og Ljóta andarungann. Klippimyndir ævintýraskáldsins verða smám saman til eftir því sem líður á sýninguna, vaxa og fylla loks allt leiksviðið.

Tuttugu og sjö börn dansa í sýningunni og fara sum þeirra með veigamikil hlutverk, enda er aðeins einn fullorðinn dansari í sýningunni. Óhætt er að segja að það sé einstök upplifun þegar svo mörg börn koma að því að skapa sviðslistaverk.



**ÚR KLIPPIMYNDUM** Konunglegi danski ballettinn sýnir í Þjóðleikhúsinu um helgina.

BORGARLEIKHÚSIÐ
SALKA VALKA

Stóra svið

Salka Valka
Su 30/10 kl. 20 Græn kort Fi 3/11 kl. 20 Blá kort Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/11 kl. 20 Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 2

Woyzeck
Fi 27/10 kl.20 Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 Gul kort Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort Fi 10/11 kl. 20 Græn kort
Fö 11/11 kl. 20 Blá kort

Kalli á þakinu
Su 30/10 kl. 14 UPPSELT Su 6/11 kl. 14
Su 13/11 kl. 14 Su 20/11 kl. 14

Id - Haustsýning
Wonderland e. Jóhann Frey Björgvinsson
Critic ´s Choice? e. Peter Anderson
Pocket Ocean e Rui Horta Fö 4/11 Frums.
Su 6/11 Su 13/11 Su 20/11 Mi 23/11
Aðeins þessar 5 sýningar

Nýja svið/Littla svið

Lífsins tré
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT Fi 3/11 kl. 20 UPPSELT Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20
Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Þr 25/10 kl. 20 UPPSELT Lau 29/10 kl.20 UPPSELT Su 30/10 KL. 20 UPPSELT
Su 6/11 kl. 20 UPPSELT Su 13/11 kl. 20 AUKASÝING Su 20/11 kl. 20 AUKASÝNING

Manntafl
Lau 12/11 kl. 20:00

Forðist okkur
Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense.
Allra síðustu sýningar!
Lau 29/10 kl. 18 Lau 29/10 kl. 21
Su 30/10 kl. 20 Má 31/10 kl. 20
Þr 1/11 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 3/11 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11, nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00.
EDITH PIAF
Sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt. Aukasýningar sun. 20/11 örfá sæti laus, sun. 27/11, sun 4/12 - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
KLIPPIMYNDIR - Ballettsýning frá Konunglega danska leikhúsins
Sun. 30/10 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Mið. 26/10 uppselt, lau. 29/10 kl. 16:00, sun. 30/10 örfá sæti laus.
Aðeins þessar þrjár sýningar eftir..

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11.
Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 27/10 kl. 21:00 Óperan í öðru ljósi. Menningarkvöld Íslensku óperunnar
Fös. 28/10 kl. 23:00 Pörupiltar - "Strákarnir" sem allir eru að tala um!
Lau. 29/10 kl. 21:00 Ljóðakvöld í umsjón Helgu E. Jónsdóttur
Lau. 29/10 kl. 23:00.Pörupiltar - "Strákarnir" sem allir eru að tala um!
Sun. 30/10.Sunnudagsjass. Múlinn -Patagonia. Latin og brasilísk jasstónlist

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN
25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning - 4. nóv. kl. 20 - 4. sýning
6. nóv. kl. 20 - 5. sýning - 12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning
Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUDAGINN 1. NÓV. KL.12.15
„Leyndardómar í draumum og sögum”
Hanna Dóra Sturludóttir, sópran og Kurt Kopecky, píanó
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN




HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
13. sýn fös 28. okt
14. sýn lau 29. okt
15. sýn fös 4. nóv
16. sýn lau 5. nóv
17. sýn fös 11. nóv
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
3. sýning - Sun. 30. okt. kl. 17.00
4. sýning - fim. 3. nóv. kl. 20.00
5. sýning - lau. 5. nóv. kl. 17.00
örfá sæti laus
VÍSIR
Sýnt í Iðnó, miðasala í síma: 562-9700, á idno@xnet.is og á midi.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Tómas nýrra tíma

[ BÓKMENNTIR ]

UMFJÖLLUN

Árið 1966 kom skáldsaga Guðbergs Bergssonar, Tómas Jónsson metsölubók, út. Þetta er margslungið niðurrifsverk og það er ekki gott að átta sig á honum Tómasi hans Guðbergs. Hann er sundurtætt og útblásið sjálf, einhvers konar gróteskt skrímsli, sem ekki er nokkur leið að festi hendi á. Bók Guðbergs er tímamótaverk og hristi hressilega upp í samtíma sínum.

Árið 2005 sprettur svo fram nýr Tómas Jónsson og sá ekki síður brýnt erindi við samtíma sinn en forverinn. Það er rithöfundurinn Kristjón Kormákur Guðjónsson sem dregur Tómas nýrrar aldar fyrir almenningssjónir og þó þessi bók hans muni sjálfsagt ekki marka jafn djúp spor og Tómas Jónsson anno 1966 er hér komin hressileg þjóðfélags- og samtímaádeila sem vert er að gefa gaum.

**Raunveruleg skáldsagnapersóna**

Bókin um þennan nýja Tómas heitir Frægasti maður í heimi og það er einmitt þannig sem Tómas sér sig. Hann er því vitaskuld snargeðveikur en þó sjálf hans sé sundurtætt er hann þó heilsteyptari persóna en gamli Tómas. Það leikur lítill vafi á því að Tómas Jónsson er geðsjúklingur sem segir sögu sína en það sem gerir bókina jafn áhugaverða og raun ber vitni er að innan ramma hennar eru mörkin milli skáldskapar og raunveruleika jafn óljós og í huga aðalpersónunnar.

Tómas hefur nefnilega lifað sjálfstæðu lífi og gengið laus í raunheimum og hefur verið í sambandi við þjóðþekkta einstaklinga (í alvöru).

Kristjón Kormákur gaf Tómasi fyrst líf á bloggsíðu (www.raunveruleiki.blogspot.com/) sem var eignuð persónunni fyrir nokkrum mánuðum og þar rakti hann raunir sínar og leyfði almenningi að fylgjast með tilraunum sínum til þess að ná fyrrverandi eiginkonu sinni og tveimur dætrum frá nýjum sambýlismanni. Sjálfur bjó Tómas einn með yngstu dóttur sinni sem eiginkonan hafði snúið baki við.

Þessi listræna blekking Kristjóns gekk fullkomlega upp og fólk vissi ekki betur en Tómas væri raunverulegur maður af holdi og blóði. Kristjón lét Tómas jafnframt hafa samband, með tölvupósti, við ekki ómerkari einstaklinga en Einar Bárðarson, Jakob Frímann Magnússon, Steinar Braga, Karl Sigurbjörnsson biskup, Dr. Gunna, Stefán Karl Stefánsson leikara og fleiri. Þessir menn vissu ekki betur en Tómas væri „alvöru“ og svöruðu bréfum hans á þeim forsendum. Tölvupóstarnir eru svo birtir óbreyttir í bókinni þannig að allir þessir heiðursmenn verða í raun persónur í skáldverki og viðbrögð þeirra við umleitunum Tómasar hafa áhrif á þróun persónuleika hans.

**Raunveruleikaskáldskapur**

Það er ekki hægt að segja annað en þetta sé bráðsnjallt uppátæki hjá Kristjóni um leið og það lýsir ákveðinni ófyrirleitni og dirfsku. Hann hefði til dæmis ekki þurft að kemba hærurnar ef hann hefði komið Tómasi í samband við Jónínu Ben. Þessi raunveruleikatenging er hryggjarstykki skáldsögunnar og þarna fellur efni og umgjörð saman í eina þétta heild sem steinliggur. Það vill nefnilega svo skemmtilega til að Tómas, í geðveiki sinni, telur sig vera aðalpersónu í raunveruleikaþættinum Fallegasti maður í heimi. Hann er svona íslensk sjónvarpsútgáfa af Jim Carrey í kvikmyndinni The Truman Show. Þetta er bráðsnjöll lausn hjá Kristjóni þar sem þessi ranghugmynd býður upp á endalaust rými fyrir geðveiki Tómasar og gerir firrta tilveru hans mjög trúverðuga enda er allt sem við sjáum á skjánum raunverulegt. Ekki satt?

Það er ekki gott að koma bókmenntalegum merkimiðum á skáldsögu Kristjóns frekar en niðurrifsverk Guðbergs en sennilega má segja að hér sé komin fram á sjónarsviðið raunveruleikaskáldsaga. Það má því segja að hér svari gamla góða skáldsöguformið þeirri lágkúrudellu sem nú tröllríður dagskrárgerð sjónvarpsstöðva úti um allan heim. Munurinn er sá að Frægasti maður í heimi á erindi við fólk og kjarni hennar er vitrænn á meðan raunveruleikasjónvarpið er eins innantómt og andlaust og hugsast getur.

**Firring, eina ferðina enn**

Frægasti maður í heimi er frekar stutt og auðlesin skáldsaga sem vekur lesandann til umhugsunar um þann kengruglaða heim sem við búum í. Fyrir einhverjum áratugum var það orðið að klisju að tala um firringu en það breytir því ekki að mannskepnan hefur aldrei verið firrtari en einmitt núna. Við þessu ástandi bregðast þeir Kristjón og Tómas á snaggaralegan og skemmtilegan hátt og það er óhætt að mæla með bókinni við alla þá sem hafa áhuga á samtíma sínum og þeim raunveruleika sem við búum við.

Kristjón hefur með þessu verki sínu gert áhugaverða tilraun með skáldsagnaformið og tekst býsna vel upp. Það mætti helst fetta fingur út í frágang bókarinnar en á köflum virðist yfirlestri hafa verið ábótavant þar sem nokkuð er um stafsetningar- og málfarsvillur. Þetta gæti þó hæglega átt að vera svona enda sér maður ekki Tómas fyrir sér sem mann sem hirðir um réttritun auk þess sem raunverulegir tölvupóstar eru oftar en ekki morandi í villum. Villurnar falla því grunsamlega vel að byggingu bókarinnar og gera hana „raunverulegri“. Það myndi eiginlega stinga meira í stúf ef textinn væri villulaus.

**Þórarinn Þórarinsson**




**FRÆGASTI MAÐUR Í HEIMI**
*Höf:* Kristjón Kormákur Guðjónsson
*Útg:* Ísabella



KRISTJÁN KORMÁKUR GUÐJÓNSSON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

22 23 24 **25** 26 27 28

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir **Árshátíð slökkviliðsmannanna** eftir **Milos Forman** í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Myndin er sýnd með sænskum texta.

20.00 Íslandsdeild Amnesty International sýnir heimildamyndina „Too Flawed to Fix“ í Alþjóðahúsi, Hverfisgötu 18. Heimildamyndin skoðar og afhjúpar brotalamir í bandarísku réttarkerfi.

### FYRIRLESTRAR

12.10 **Þórunn Guðmundsdóttir** flytur erindi í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni Íslands. Erindið nefnir hún „Hverjir nutu góðs af framförum á 19. öld?“

17.00 **Janette Land Schou**, danskur listamaður sem vinnur með myndbönd og ljósmyndir, flytur fyrirlestur um vídeólist í Danmörku og eigin verk í Listaháskólanum, Skipholti 1, stofu 113.

### BÆKUR

20.00 **Þorsteinn frá Hamri** les úr glænýrri ljóðabók á Skáldaspírukvöldi, sem haldið verður í Iðu við Lækjargötu. **Guðmundur Björgvinsson** og **Gunnar Randversson** leika nokkur sígild lög á gítar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




Haust tilboð fyrir 8 manns og fl.

Haust veisla

*Misosúpa með grænmeti og sesam*
*Sushi - Maru: 10 bitar sushi og maki*
*Rétt verð kr. 2.950 Tilboð kr. 2.650.-*
*að viðbættri heitri súkkulaðiköku*
*Tilboð kr. 3.450.-*

MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is



Wild Sushi from land and sea

Villibráðadagar á Maru

*Misosúpa með villisveppum og blóðbergi*
*Dádýra nigiri*
*Maki með gæsabringu og rjómaosti*
*Hrefnukjöt „tataki“ með wasaby eða hrefnu nigiri*
*Þorsk Sashimi „new style“*
*Verð kr. 5.300.-*

MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

...bara á
flugfelag.is
26. okt - 1. nóv.

Verð miðast við flug **aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is** Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og **AKUREYRAR 5.999 kr.**

Milli Reykjavíkur og **BÍLDUDALS 5.999 kr.**

Milli Reykjavíkur og **EGILSSTAÐA 6.999 kr.**

Milli Reykjavíkur og **SAUÐÁRKRÓKS 5.999 kr.**

Milli Reykjavíkur og **ÍSAFJARÐAR 5.999 kr.**

Milli Reykjavíkur og **GJÖGURS 5.999 kr.**

Milli Reykjavíkur og **HORNAFJARÐAR 6.499 kr.**

Milli Reykjavíkur og **VESTMANNAEYJA 4.999 kr.**

Minnum á krónufargjald fyrir börnin 15. okt. - 15. nóv. 2005 á alla áfangastaði Flugfélags Íslands.
- Verð án skatta og tryggingargjalds aðra leið 1 kr.
- Verð með sköttum og tryggingargjaldi aðra leið 440 kr.

flugfelag.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Kaupglaðar konur í Köben

Það var frísklegur hópur kvenna sem lagði af stað til Kaupmannahafnar í síðustu viku með það að yfirskini að kanna kauphegðun íslenskra kvenna á erlendri grundu. Ferðin var farin á vegum Stöðvar 2 og með í ferð var hluti af Stelpunum sem skemmta landsmönnum á laugardagskvöldum. Um leið og flugvélin lenti á Kastrup-flugvelli var hópurinn búinn að ákveða hvert ætti að halda. Flestar kusu að byrja í Hennes & Mauritz þar sem þær dressuðu sig upp fyrir litla peninga, aðrar létu það eftir sér að fá sér ekta danskt smurbrauð meðan einhverjar þræddu hverja hliðargötuna á fætur annarri í leit að ómótstæðilegu góssi. Kaupmannahafnartískan er lífleg og skemmtileg og auðvelt að hnjóta um skemmtilegt skart, skó, töskur og allt þar á milli. Eftir að hafa labbað miðbæ Kaupmannahafnar þveran og endilangan var farið út að borða á Restaurant Prémisse sem er við Dronningens Tværgade 2. Þar var boðið upp á framúrstefnulega og girnilega rétti. Upphaflega átti máltíðin að vera sexrétta en endaði í tíurétta. Á meðan á borðhaldi stóð var farið í ýmsa skemmtilega leiki að frumkvæði Stelpnanna sem héldu uppi stuðinu í ferðinni. ■



SYNGJANDI GLAÐAR Agnes Ósk Sigmundardóttir hjá Ingvari Helgasyni og Baldvina Snælaugsdóttir, markaðsstjóri Og Vodafone.



Á RESTAURANT PRÉMISSE Elísabet Austmann Ingimundardóttir hjá Ölgerðinni, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Guðrún Ólöf Hrafnsdóttir frá KB banka skemmtu sér konunglega.



STELPUFJÖR Halldóra Tryggvadóttir, markaðsstjóri Emmess, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona og Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona.



SKÁL! Lísa Björk Óskarsdóttir, Gerður Björk Guðjónsdóttir og Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir.



EGGJANDI! Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, markaðsfulltrúi Stöðvar 2, og Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðsstjóri Spron.



COSMÓ! Það er ekki hægt að fara í stelpnaferð án þess að dreypa á Cosmó!



BROSMILDAR Á LEIÐ Í BÆINN Theodóra Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, Hulda Haraldsdóttir og Rannveig Jónsdóttir hjá Danól.



KÍKT Á LOÐJAKKANA María Árnadóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, var ekki viss um að þetta væri jakkinn sem hana dreymdi um.




VINKONUR Lísa Björk Óskarsdóttir, markaðsstjóri IKEA, og Gerður Björk Guðjónsdóttir hjá VÍS gerðu góð kaup í Hennes & Mauritz.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Svala Björgvinsdóttir gaf út sína aðra geislaplötu, Bird of Freedom, í gær. Hún óskaði þess sérstaklega að útgáfudagurinn yrði 24. október en eins og alþjóð veit var Kvennafrídagurinn í gær og Svala vildi með þessu sýna jafnréttisbaráttunni stuðning. Svala gaf út sína fyrstu sólóplötu, The Real Me, árið 2001 og seldist hún í um það bil 7.000 eintökum. Biðin eftir annarri plötu hennar hefur því verið nokkuð löng. Faðir Svölu, sjálfur Björgvin Halldórsson, stjórnaði upptökum plötunnar en feðginin sáu um útsetningar saman



Leikarinn og prentsmiðurinn Magnús Ólafsson greinir frá því í Fjarðarpóstinum hvers vegna hann hætti við að gefa kost á sér í fyrsta sæti prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði um næstu helgi. Það kom mörgum á óvart þegar hann gaf kost á sér í fyrsta sætið þar sem hann hefur ekki komið að störfum Sjálfstæðisflokksins áður. Daginn sem framboðsfrestur rann út hafði Magnús hins vegar ekki safnað meðmælendum úr röðum flokksmanna. Fjarðarpósturinn hefur eftir Magnúsi að hann ætli að gefa sér tíma til að kynnast innviðum flokksins áður en hann klífur metorðastigann. Hann kveðst finna fyrir mikilli deyfð í Sjálfstæðisflokknum og greinilegt sé að það þurfi ný andlit til að hressa hann við. Sjálfsagt eru fáir til þess betur fallnir en Bjössi Bolla. Annars er fleira sem vekur eftirtekt í Fjarðarpóstinum, til dæmis er því slegið upp á forsíðu að hinn 24. október séu 20 ár liðin frá fyrsta kvennafrídeginum árið 1985. Spyrja menn sig hvort Hafnfirðingar styðjist ekki við gregoríska tímatalið.



Innlit/Útlit
Á þriðjudögum, kl. 21!



ENNEMM / SÍA / NM18850



**MATTHÍAS MATTHÍASSON** Hljómsveitin Dúndurfréttir heldur ferna tónleika í Austurbæ í kvöld og á fimmtudaginn.

# Eiga fjórar óútgefnar plötur

Hljómsveitin Dúndurfréttir heldur upp á tíu ára afmælið sitt um þessar mundir. Af því tilefni heldur sveitin ferna tónleika í Austurbæ. Fyrstu tveir tónleikarnir verða í kvöld klukkan 20.00 og 23.30 þar sem bestu lög hljómsveitarinnar Pink Floyd verða á boðstólnum.

Aðspurður segir Matthías Matthíasson, söngvari Dúndurfrétta, í léttum dúr að hljómsveitin hafi orðið til svo að þeir félagar gætu komist í reikning hjá Gauki á Stöng. „Ég og Pétur [Örn Guðmundsson] sátum á efri hæð á Gauknum, sem þá var helmingi minni en í dag, og vorum að spjalla um hvaða tónlist við fíluðum. Það var dálítið það sama hjá okkur báðum og okkur datt þá í hug að safna í góða hljómsveit sem væri í því að spila uppáhaldslögin. Ekki væri verra að komast í reikning á Gauknum,“ segir Matthías. „Þá labbaði Óli Hólm inn og við spurðum hann hvort hann væri ekki til í þetta. Hann var heldur betur til og síðan var þessi hljómsveit í smá stund að myndast.“

Matthíast segir að ekki sé á stefnuskránni að fara með dagskrána til útlanda þrátt fyrir að sveitin hafi meðal annars fengið frábæra dóma í tímaritinu Rolling Stone. „Ef einhver vill fá okkur út og gera þetta fyrir okkur erum við til í það en við erum svo latir í því að koma okkur á framfæri. Enginn okkar hefur þannig drifkraft en þessi hugmynd kemur samt upp á pallborðið svona fimm sinnum á ári,“ segir hann. Bætir hann því við að Dúndurfréttir eigi eina frumsamda plötu og þrjár tónleikaplötur til á lager sem geri ekkert annað en að safna ryki vegna iðjuleysis þeirra félaga.

Seinni tveir tónleikar Dúndurfrétta verða í Austurbæ á fimmtudag klukkan 20.00 og 23.30. Þá spilar sveitin lög eftir Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep.

**freyr@frettabladid.is**

# Vilja játninguna burt

Lögfræðingar upptökustjórans Phil Spector hafa krafist þess að játning sem hann gaf lögreglu skömmu eftir að hann var handtekinn verði ekki tekin gild fyrir rétti. Segja þeir að þegar játningin var gerð hafi Spector verið haldinn fráhvarfseinkennum vegna lyfja sem hann tók.

Það var í febrúar sem lögreglu barst tilkynning um skothljóð frá heimili Phils Spector. Þegar lögreglu bar að garði var Lana Clarkson látin og Spector handtekinn á staðnum. Samkvæmt skjölum á Spector að hafa spurt lögregluna hvað væri að gerast. „Hvað er að ykkur, ég ætlaði ekki að skjóta hana, þetta var slys,“ hafði lögreglan eftir Spector.

Að sögn lögfræðinga Spectors gerði skjólstæðingur þeirra ekkert rangt og drap engan þetta örlagaríka kvöld. Þeir munu halda því fram að Clarkson hafi framið sjálfsmorð. Saksóknari í málinu mun hins vegar ætla að gera sitt til að fá að nota játninguna.

Phil Spector er álitinn frumkvöðull í hljóðupptöku og varð frægur fyrir „Wall of Sound“-tæknina. Hann hefur lýst yfir sakleysi sínu en verði Spector dæmdur sekur á hann yfir höfði sér lífstíðarfangelsi. ■



**PHIL SPECTOR** Er grunaður um að hafa valdið dauða b-myndaleikkonunnar Lönu Clarkson. Lögfræðingar hans vilja að játningu hans verði vísað frá.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES




Hjá sérverslun **Parka** að **Dalvegi 18** í Kópavogi bjóðum við upp á mjög mikið úrval af gegnheilu og fljótandi parketi ásamt parketvörum frá heimsþekktum framleiðendum.

Parki INTERIORS í húsið

Dalvegi 18
201 Kópavogur
Sími: 564 3500
Fax: 564 3501
Netfang: parki@parki.is
www.parki.is












## FRÉTTIR AF FÓLKI

Madonna settist aftur í söðul fyrir helgi í fyrsta sinn síðan hún féll af hestbaki á afmælisdaginn sinn í ágúst. Madonna var að kynna nýju plötuna sína í kvöldþætti David Letterman, sem bauð henni á með sér. Söngkonan og þáttastjórnandinn riðu svo út á sitt hvorum hestinum, vegfarendum í New York til mikillar furðu. Madonna braut fimm rifbein og brákaði viðbein þegar hún féll af hestbaki í útreiðartúr á sveitaóðali sínu í sumar og sagði fréttamönnum að hún hefði verið bæði spennt og taugaóstyrk við að fara aftur á bak. Þótt reiðtúrinn með Letterman hafi gengið snurðulaust fyrir sig býst Madonna ekki við að fara aftur á bak fyrr en hún hefur fengið grænt ljós frá plötuútgáfunni. „Þeir eru ekki sérlega hrifnir að því að ég slasi mig.“



Haft er fyrir satt að Michael Jackson hyggist flytja til Barein og setjast þar að fyrir fullt og allt. Poppkóngurinn dvaldi í Barein eftir að hann var sýknaður af barnamisnotkun fyrr á árinu og dvaldi í góðu yfirlæti hjá krónprinsi ríkisins, Sheik Salman Ibn Hamed Khalifa. Lögmaður Jackson, Thomas Mesereau, staðfestir að söngvarinn ætli að „breyta um lífsstíl“ og setjast að í Mið-Austurlöndum. „Michael á vini í Barein sem hafa stutt við bakið á honum á þrautastundum.“ Hann bætti við að dvölin ytra hefði haft hressandi áhrif á Jackson, sem væri nú eins og nýsleginn túskildingur.



# Britney að skilja

Svo virðist sem samband Jessicu Simpson og Nick Lachey sé ekki það eina sem standi höllum fæti. Breska blaðið News of the World birtir frétt í sunnudagsblaði sínu að hjónaband Britney Spears og Kevin Federline muni brátt heyra sögunni til.

Samkvæmt heimildum blaðsins er parið sagt rífast í gríð og erg. Dropinn sem fyllti mælinn var þegar Federline yfirgaf villu þeirra í miklu fússi. Hann sást síðar á skemmtistað umkringdur glæsimeyjum. Britney er sögð æf yfir þessari hegðun eiginmanns síns, sem þykir víst fátt betra en að drekka nokkra bjóra með félögunum. Hann er ekki sagður mikið fyrir að eyða tíma sínum í faðmi fjölskyldunnar. Samkvæmt heimildarmanni blaðsins finnst Britney maðurinn sinn vera ábyrgðarlaus og láta henni eftir alla erfiðisvinnuna.

Britney dró á dögunum til baka tilboð um myndatöku af þeim með nýfædda barninu en hún hefði skilað fjölskyldunni nokkrum milljónum. Rennir þetta stoðum undir þann grun að ekki sé allt með felldu. Að sögn móður Britney er Kevin sagður hafa gerst mjög stórtækur með auðævi poppdrottningarinnar. „Hann hefur fjárfest í dansskóla með pabba Michael Jackson en sú framkvæmd kemur til með að kosta sinn skilding,“ er haft eftir henni.



**SPENNTIR FORELDRAR** Þegar allt lék í lyndi virtist parið vera tilbúið í foreldrahlutverkin. Nú drekkur Federline bara bjór með félögunum en Britney á að sjá um uppeldið.

# Góðir hlutir frá Nylon

Önnur plata hljómsveitarinnar Nylon nefnist Góðir hlutir. Platan kemur út hinn 8. nóvember. Undirbúningur við gerð plötunnar hófst strax í janúar á þessu ári og fóru upptökur fram hér á landi og í London.

Flest lögin eru ný en lögin Dans, dans, dans og Einskonar ást eru endurunnin. Einvala lið manna kemur að lagasmíðum á plötunni, meðal annars Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Magnús Eiríksson.



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon gefur út sína aðra plötu í næsta mánuði.

# Algjör eftirlíking

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Jeff Who? hitaði upp fyrir hljómsveitina Franz Ferdinand á frábærum tónleikum hennar í Kaplakrika í byrjun september.

Væntanlega hefur það verið mikil upplifun fyrir þá Jeff Who?-liða því nýja platan þeirra hljómar ótrúlega líkt því sem Ferdinand hefur verið að gera á sínum farsæla ferli. Einnig koma upp í hugann hljómsveitir eins og The Bravery og The Strokes sem hafa verið framarlega í þessari diskórokkstefnu sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum.

Það er nákvæmlega ekkert frumlegt eða nýtt við Jeff Who? Söngvarinn reynir hvað hann getur til að hljóma eins og Alex Kapranos úr Franz Ferdinand og tekst það svo sem ágætlega. Best tekst Jeff Who? upp í titillagi plötunnar, Barfly og í hinu rólega Bipolar Breakdown. Sveitin gengur síðan alla leið og fer í diskóbúninginn í Puppy Eyes/Success, í lagi sem er einungis eftirminnilegt fyrir þær sakir.

Hljómurinn og hljóðfæraleikurinn á plötunni er í góðu lagi en lögin sjálf eru aftur á móti óáhugaverð og fara að mestu inn um annað eyrað en út um hitt. Kannski er Jeff Who? bara að reyna of mikið að hljóma eins og einhverjir allt aðrir.

**Freyr Bjarnason**




**JEFF WHO?**

DEATH BEFORE DISCO

***NIÐURSTAÐA:*** Jeff Who? er algjör eftirlíking af Franz Ferdinand. Tvö til þrjú lög eru í lagi en restin fer inn um annað en út um hitt.






HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 12 |
| FLIGHTPLAN VIP | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4-6 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6-8.15-10.30 | |
| CINDERELLA MAN | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8.10.30 | B.I. 14 |
| GOAL | KL. 8.15-10.30 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3.40 | |
| SKY HIGH | KL. 3.50 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3.45 | |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 8 |
| RED EYE | KL. 8 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10 |
| CINDERELLA MAN | KL. 10 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| PERFECT CATCH | KL. 6-8.15-10.30 | |
| TRANSPORTER 2 | KL. 8.15-10.15 | B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.15 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 | |
| MUST LOVE DOGS | kl. 6 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| DOOM | KL. 5.45-8-10.10 | B.I. 12 ára |
| FLIGHTPLAN | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 14 ára |
| CINDERELLA MAN | KL. 5.30-8.30-10 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8-10 | B.I. 14 ára |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 5.45 | |
| KÓRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND | KL. 6-8 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 10 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 | |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Charlize Theron kveðst hafa orðið svo hrædd við að verða vinnualki að hún hefur ekki lesið kvikmyndahandrit síðan hún vann Óskarsverðlaunin fyrir myndina Monster í fyrra. Það eina sem hún hefur samþykkt að gera eftir að hún vann styttuna gylltu er að koma fram í gestahlutverki í gamanþáttunum Arrested Developement. Skömmu fyrir Óskarsverðlaunaafhendinguna samþykkti Theron að leika í tveimur myndum, Aeon Flux og North Country, og vissi sem var að hún myndi því hafa nóg fyrir stafni næstu tvö árin. „Ég hugsa ekki bara um peninga, ég vil líka eiga mér líf og hef því hafnað nokkrum tilboðum.“ North Country var frumsýnd vestra í síðustu viku og situr í fimmta sæti yfir vinsælustu bíómyndir landsins.



Cameron Diaz kom stúdentum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum ánægjulega á óvart þegar hún mætti fyrirvaralaust í tíma og flutti fyrirlestur um umhverfisvæna hönnun. Fyrirlesturinn var kvikmyndaður og verður sjónvarpað á MTV. Fleira frægðarfólk flytur fyrirlestra í háskólum landsins í þáttunum, þar á meðal Marilyn Manson og Kanye West. Diaz er ákafur stuðningsmaður umhverfisverndar en landslagshönnuðurinn William





**JOOLS HOLLAND** Þáttastjórnandinn þekkti afhendir Antony úr hljómsveitinni Antony and the Johnsons Mercury-verðlaunin á dögunum fyrir bestu plötuna.

# Sigur Rós hjá Holland

Hljómsveitin Sigur Rós mun koma fram í sjónvarpsþættinum „Later with Jools Holland“ hinn 11. nóvember næstkomandi.

Þátturinn verður sýndur á bresku sjónvarpsstöðinni BBC2 en verður tekinn upp nokkrum dögum áður. „Later with Jools Holland“ er einn virtasti og áhrifamesti tónlistarþáttur Bretlands. Í hverjum þætti koma nokkrir gestir, bæði efnilegir og þekktir, og taka lagið.

Vegna þáttarins þurfti Sigur Rós að fresta tónleikum sínum í Tilburg í Hollandi sem áttu að fara fram 7. nóvember. Fara þeir í staðinn fram 15. nóvember.

Miðasala á tónleika Sigur Rósar í Laugardalshöll 27. nóvember hefur gengið ákaflega vel. Miðar í stúku seldust upp á nokkrum mínútum og fáir miðar eru eftir í stæði.

# Hugljúfar boltakempur

**UMFJÖLLUN**

**[KVIKMYNDIR]**

Að vera útlendingur á Íslandi hefur örugglega reynst mörgum innflytjendum erfitt. Við erum frekar lokuð þjóð, samheldin með eindæmum og þar að auki rígmontin. Við eigum enda heimsmet í öllu... ef miðað er við höfðatölu. Sem betur fer hefur þetta verið að breytast. Samfélagið okkar hefur smám saman verið að taka nýjum menningarheimum opnum örmum.

Heimildarkvikmyndin Africa United er um samnefnt knattspyrnulið sem að stærstum hluta er skipað leikmönnum utan Evrópu, að mestu leyti frá Afríku. Þjálfari þess, Zico, kom til Íslands fyrir rúmum tíu árum, fullur bjartsýni. Hann hóf sjálfstæðan fyrirtækjarekstur sem endaði með ósköpum og gjaldþroti. Þar sem hann má ekki vinna ákveður Zico að beita kröftum sínum í þágu utandeildarliðsins Africa United. Það hefur verið þátttakandi í utandeildinni í tíu ár og nú finnst Zico tímabært að þeir taki næsta skref. Hann skráir liðið því til leiks í þriðju deildina. Marókkóbúinn safnar saman öllum bestu leikmönnunum sem hann veit um. Þrotlausar æfingar hefjast enda er markið sett hátt. Upphafið á tímabilinu er þó ekki eftir bókinni því að loknum tíu leikjum hefur enn ekki tekist að landa sigri. Í stað þess að leggja árar í bát ákveður Zico að fara til Englands og á þar fund með Alan Curbishley, þjálfara Charlton. Þrátt fyrir að sá fundur standi einungis yfir í tvær mínútur fyllist Zico aftur trú á ætlunarverk sitt.

Africa United er heimildarmynd um knattspyrnulið og höfðar ekki mikið til þeirra sem ekki hafa gaman af íþróttinni. Hún setur ekki fram neinar áleitnar spurningar um innflytjendur á Íslandi, viðhorf okkar til þeirra eða öfugt. Henni er haldið á floti með stórskemmtilegum persónum, sérstaklega Zlatko sem á í töluverðum vandræðum með skap sitt auk framherjans Pauls sem heldur á köflum að hann sé guðsgjöf til knattspyrnuheimsins. Samband þeirra er, eins og gefur að skilja, mjög eldfimt.

Africa United er ekki þrekvirki á sviði heimildarmynda. Hún er fyrst og fremst hugljúf og skemmtileg mynd um skrautlegt knattspyrnulið sem vafalaust hefur sett sinn svip á þriðjudeildarkeppnina.

Freyr Gígja Gunnarsson



**AFRICA UNITED**

**leikstjóri:** ÓLAFUR JÓHANNESSON

**Niðurstaða** Africa United er fyrst og fremst hugljúf og skemmtileg mynd um skrautlegt knattspyrnulið sem vafalaust hefur gefið þriðju deildar keppninni á Íslandi nýjan blæ.


Áttu eitthvað gott fyrir línurnar?






15%

**L'ORÉAL SCULPT UP**

Stinnir og styrkir slappa húð á maga og rassi. Frábært fyrir konur til dæmis eftir barnsburð og þá sem hafa misst mikla þyngd á skömmum tíma.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

GOTT FÓLK MCCANN · 29877






# Sjónvarpsdagskráin er algjörlega á þínu valdi á Skjánum

Á Skjánum getur þú náð í bíómyndir heima í stofu þegar þér hentar. Í Gamla Bíói færðu allar gömlu klassísku myndirnar og í Nýja Bíói er úrval nýrra mynda í boði. Þú getur líka valið úr ríflega 60 sjónvarpsstöðvum, þar á meðal Disney-rásunum og Enska Boltanum í beinni útsendingu.

Komdu í næstu verslun Símans, hringdu í 800 7000 eða farðu á skjarinn.is og fáðu þér áskrift að Skjánum.





Skjárinn
– á þínu valdi!



**Heyrst hefur...**

... að körfuknattleiksdeild Keflavíkur hafi íhugað að tefla fram tveim bandarískum leikmönnum gegn Grindavík í Hópbílabikarnum til að lýsa yfir óánægju sinni með leikjaniðurröðun KKÍ í vetur. Keflavík er með tvo Kana á sínum snærum en aðeins annar þeirra er löglegur.

# sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUMAÐURINN GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐSSON: EKKI ÁNÆGÐUR MEÐ FÉLAGIÐ SITT

## *Víkingarnir eru með dónaskap*

Víkingur og Valur eru komin í hart yfir leikmönnunum Grétari Sigurðssyni og Viktori Bjarka Arnarssyni. Báðir voru þeir lánaðir frá Víkingi síðasta sumar - Grétar til Vals en Viktor til Fylkis - en þeir eru enn samningsbundnir Víkingi og ber þeim því að snúa aftur til félagsins kjósi það svo.

Báðir leikmenn höfðu lýst því yfir að þeir hefðu áhuga að vera áfram hjá þeim félögum sem þeir voru hjá í sumar og Grétar gekk skrefinu lengra og sagðist frekar vilja vera áfram hjá Val en að snúa aftur til Víkings. Víkingur neitar að sleppa honum og hefur kært Val í þeirri von að félagið láti leikmennina í friði. „Við höfðum heimildir fyrir því að Valsmenn hafi verið byrjaðir að ræða við samningsbundna leikmenn hjá Víkingi án þess það hafi verið í fullu samráði við okkur. Á þeim forsendum lögðum við fram kvörtun til KSÍ og svo sjáum við bara til hvað gerist í framhaldinu. Við ætlum okkur að halda öllum leikmönnum sem eru samningsbundnir félaginu,“ sagði Róbert Agnarsson, formaður knattspyrnudeildar Víkings, en kollegi hans hjá Val, Börkur Edvardsson, er ekki sáttur við kæruna ef marka má yfirlýsingu sem hann gaf frá sér í gær. „Knattspyrnudeild Vals hefur ekkert um þetta mál að segja. Deildin mun ekki reka þetta mál í fjölmiðlum heldur verður málið leyst hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Forráðamenn Víkings virðast hins vegar vera búnir að átta sig á því að sumir leikmenn félagsins hafa ekki áhuga á því að vera áfram hjá félaginu en beita öllum ráðum til þess að halda þeim hjá félaginu þrátt fyrir það.“



Grétar sjálfur segist vera hálfsorgmæddur yfir stöðunni sem upp sé kominn. „Víkingarnir virðast vera byrjaðir með dónaskap og það finnst mér leiðinlegt. Mér finnst þetta vera asnalegt hjá þeim að kæra Val,“ sagði Grétar, sem segist hafa fengið þau skilaboð frá Víkingi að hann verði ekki seldur. Hann vonast eftir farsælli lausn.

### > Það er gott að búa í Kópavogi

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, laug greiniega engu þegar hann lét þessi frómu orð falla. Það er nefnilega von á fjölda stúlkna í Kópavoginn sem hefur í hyggju að spila með knattspyrnulið Breiðabliks næsta sumar en sem kunnugt er þá stefna Blikar á Evrópumeistaratitil. Elín Anna Steinarsdóttir og Olga Færseth ku vera á leið í Kópavoginn frá ÍBV og svo hafa Blikar augastað á Ásthlidi Helgadóttur og Erla Steinu Arnarsdóttur sem báðar leika í Svíþjóð.




### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

22 23 24 **25** 26 27 28

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 17.35.

18.05 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum deildarinnar.

18.35 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Crystal Palace tekur á móti Liverpool.

20.40 **X-Games** á Sýn.

21.30 **Mótorsport** á Sýn.

22.00 **Olíssport** á Sýn.

22.30 **A1 kappaksturinn** á Sýn.

00.00 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Leikur Crystal Palace og Liverpool endursýndur.




**GARÐAR GUNNLAUGSSON** Garðar vonast til þess að fá samningstilboð frá Kalmar FF.

Framherji Vals til Svíþjóðar:

## Garðar til Kalmar

**FÓTBOLTI** Garðar Gunnlaugsson heldur í dag til Svíþjóðar þar sem hann mun æfa í vikutíma hjá úrvalsdeildarfélaginu Kalmar FF.

Garðar lék vel með Valsliðinu í sumar og vann sér með því sæti í U-21 landsliðinu þar sem hann var meðal annars á skotskónum gegn Svíum fyrr í mánuðinum. „Mér líst mjög vel á þetta lið og ég ætla mér að standa mig þarna úti. Kalmar FF endaði í þriðja sæti í deildarkeppninni í Svíþjóð og fékk á sig fæst mörk alla liða í deildinni. Markahæsti maðurinn í liðinu skoraði samt ekki nema fjögur mörk þannig að forráðamenn liðsins eru að leita að framherja þessa dagana.“ - mh

Iceland-Express deild kvenna:

## Fyrsti sigur ÍS

**KÖRFUBOLTI** Stúdínur unnu sinn fyrsta leik í Iceland Express-deildinni í vetur í gær þegar Blikar komu í heimsókn. Lokatölur voru 68-59 fyrir ÍS en Stúdínur leiddu í hálfleik, 33-25.

ÍS var alltaf skrefi á undan í leiknum og sigur liðsins í raun aldrei í hætti. Signý Hermannsdóttir var atkvæðamest hjá ÍS með 20 stig en þær Stella Kristjánsdóttir og Hafdís Helgadóttir komu næstar með 14. Hann Kjartansdóttir átti síðan ágætan leik með 10 stig.

Jessalyn Deveny var bókstaflega allt í öllu hjá Breiðablik en hún skoraði 40 stig í leiknum og hinar stelpurnar í Blikum skiptu síðan með sér 19 stigum. Heiðrún Hauksdóttir skoraði 5 af þessum 19 stigum. - hbg

# Nóttin alltaf dekkst rétt fyrir dögun

**Það er ekkert svartnætti hjá Guðjóni Þórðarsyni þó að lið hans, Notts County, hafi ekki unnið leik í tæplega tvo mánuði eða í síðustu tíu leikjum liðsins. Síðasti sigurleikurinn kom 29. ágúst síðastliðinn.**

**FÓTBOLTI** Þegar Guðjón Þórðarson réð sig til starfa hjá enska 2. deildarliðinu Notts County gerði hann sér grein fyrir að það tæki tíma að byggja upp sterkt lið hjá félaginu. Tímabilið byrjaði með óvæntum látum þar sem County vann hvern leikinn á fætur öðrum og Guðjón var að lokum valinn knattspyrnustjóri ágústmánaðar.

Eftir það fór að halla verulega undan fæti og síðasti sigurleikur liðsins var 29. ágúst síðastliðinn. Síðan þá hefur liðið leikið tíu leiki án sigurs – fimm hafa endað með jafntefli og fimm tapast. Markatalan í þessum tíu leikjum er 5-18.

„Þetta er töluverð brekka en ég hef lent í erfiðum brekkum áður og farið þær brattari þó þessi sé svolítið löng,“ sagði Guðjón frekar léttur við Fréttablaðið í gær. Helsta vandamál Guðjóns að mati Steve Roden, íþróttafréttamanns hjá Evening Post í Nottingham, er sú að hann er með ákaflega þunnskipaðan hóp. Guðjón er sammála því mati Rodens.

„Ég er líka með mjög ungt lið og þetta tekur sinn tíma. Sumir þessara stráka eru líka með kjúklingahjörtu og það er mitt hlutverk að styrkja sjálfstraust þessara manna. Það sem er líka að fara með okkur er að senterarnir mínir eru alveg steingeldir og hreinlega geta ekki skorað þessa dagana,“ sagði Guðjón, sem er nýbúinn að senda tvo unga lánsmenn frá félaginu en hann á von á því að fá jafnvel þrjá aðra í staðinn fljótlega. Það er Crystal Palace sem er tilbúið að lána Guðjóni þessa stráka.

Guðjón fær enga peninga frá stjórn félagsins á þessari leiktíð en að sama skapi er lítil pressa á að hann nái árangri í vetur. „Stjórnin sagði við mig um daginn að þeir yrðu sáttir með 18. sæti en það sama á ekki við um mig,“ sagði Guðjón, sem er ekki undir neinni pressu þrátt fyrir dapurt gengi síðustu vikur. „Það er mikill skilningur hjá stjórninni sem og stuðningsmönnum félagsins og Guðjón verður seint rekinn frá félaginu,“ sagði Steve Roden íþróttafréttamaður við Fréttablaðið.

Guðjón hefur oftar en ekki verið í sigurliði á sínum ferli og því vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvernig það sé fyrir sigursælan þjálfara eins og Guðjón að vera allt í einu á hinum endanum?

„Það er sko ekki auðvelt og í raun mjög erfitt. Þetta tekur í og það má segja sem svo að maður verði að passa upp á að styrkleiki manns verði ekki veikleiki manns.

Það eina sem ég get gert er að vinna með það sem ég hef í höndunum því lausnirnir eru ekki annars staðar og ég get hvorki keypt þær né sótt,“ sagði Guðjón en allir leikmenn félagsins fyrir utan einn eru samningslausir næsta sumar.

„Það er ágæt staða því þeir eru að berjast fyrir nýjum samningi.




**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Sést hér með sigurlaunin fyrir að vera knattspyrnustjóri ágústmánaðar. Guðjón er ekki af baki dottinn þrátt fyrir dapurt gengi síðustu tvo mánuði.

Það má samt ekki tapa trúnni og nóttin verður alltaf dekkst rétt fyrir dögun eins og þeir segja hérna,“ sagði Guðjón Þórðarson, knattspyrnustjóri Notts County.

henry@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri KSÍ, Geir Þorsteinsson, segir reglur sambandsins skýrar:

# Þarf að skoða Björgólfsmálið

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa staðfesti í viðtali við DV í gær að hann hefði þegið laun frá Fylki síðustu tvö ár þó hann hefði ekki verið með KSÍ-samning en samkvæmt reglum KSÍ er það ólöglegt.

Björgólfur gerði samning við Fylki á sínum tíma en óskaði þess að samningum yrði aldrei skilað inn til KSÍ og virti Fylkir þá ósk Björgólfs. Ástæðan er sú að hann var í námi í Bandaríkjunum á skólastyrk en leikmenn á skólastyrk í Bandaríkjunum mega ekki þiggja laun fyrir að spila fótbolta á meðan þeir eru í námi.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, kom af fjöllum þegar Fréttablaðið greindi honum frá orðum Björgólfs í DV en sagðist verða að skoða málið áður en hann tjáði sig um það opinberlega. Hann sagði reglur KSÍ þó skýrar.

„Það er þannig að félög sem greiða leikmönnum þóknun eiga að gera við þá KSÍ-samning og það eru reglur knattspyrnusambandsins,“ sagði Geir, sem sagðist ekki hafa séð umrætt viðtal.

Hann ætti því eftir að kynna sér málið til hlítar áður en hann ákveddi hvort það væri ástæða til þess að fara lengra með málið en Geir hefur heimild til að fara lengra með málið kjósi hann svo. Miðað við þær upplýsingar sem lægju fyrir væri þó ljóst að hann þyrfti að skoða málið. - hbg




**BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA** Skrifar hér undir samninginn við Fylki sem síðan var aldrei skilað inn til KSÍ að ósk Björgólfs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SIGMUNDUR KRISTJÁNSSON** Á leið út.

Sigmundur Kristjánsson:

## Sigmundur hjá BK Häcken

**FÓTBOLTI** Sigmundur Kristjánsson, leikmaður KR, fer í dag til sænska félagsins BK Häcken en hann mun dvelja hjá félaginu í óákveðinn tíma til reynslu. Häcken endaði í áttunda sæti sænsku úrvalsdeildarinnar en sóknarleikur liðsins var frekar stirður allt tímabilið og vonast forsvarsmenn félagsins eftir því að styrkja leikmannahóp félagsins með skapandi leikmönnum. „Mér líst vel á þetta og ætla bara að reyna að standa mig. Þetta er nú svona dæmigerð ferð þar sem maður fer til reynslu til félags. Vonandi gengur mér vel en annars er ég ekkert að stressa mig á þessari ferð. Ég er nýlega búinn að ganga frá mínum málum við KR og það yrði bara ánægjulegt ef það kæmi eitthvað út úr þessari ferð.“

- mh

Arnar Jón Sigurgeirsson tilbúinn að leika á nýjan leik:

# Kominn á ról eftir þræðingu

**FÓTBOLTI** Arnar Jón Sigurgeirsson, sem í mörg ár lék með knattspyrnuliði KR, er nú kominn á ról á nýjan leik en hann þurfti að hætta að leika knattspyrnu fyrir um ári síðan þegar hjartagalli kom í ljós í læknisrannsókn. Samningur Arnars við KR var að renna út á svipuðum tíma þannig að hann ákvað að einbeita sér að því að ná sér góðum. „Það var ekkert annað í stöðunni fyrir mig en að hætta að spila. Það lá fyrir að ég þurfti að fara í hjartaþræðingu. En hún dróst á langinn og ég fór ekki í hana fyrr en í júní á þessu ári. Aðgerðin gekk vel og nú er ég bara að vinna að því að komast í form og fer líklega að spila aftur á næstunni.“

Arnar Jón, sem er 27 ára gamall, var einn af lykilmönnum KR á sínum tíma og varð í tvígang Íslandsmeistari með liðinu. Hann er nú samningslaus og vonast til þess að verða kominn á fulla ferð innan tíðar. „Þessa dagana er ég bara að skokka og reyna byggja upp þol. Ég veit að ég er velkominn á æfingar hjá KR en ég hef annars ekkert velt því fyrir mér með hvaða félagi ég mun leika. Það verður bara að koma í ljós.“

- mh



**ARNAR JÓN SIGURGEIRSSON** Arnar lék með KR í gegnum alla yngri flokka og á að baki marga leiki fyrir ungmennalandslið Íslands.



**RONALDINHO SKÝTUR AÐ MARKI** Ronaldinho þykir líklegastur til að verða fyrir valinu að þessu sinni en Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko vann verðlaunin í fyrra.

Listi yfir leikmenn sem til greina koma sem knattspyrnumenn Evrópu:

# Sjö leikmenn Chelsea á listanum

**FÓTBOLTI** Það kom berlega í ljós í gær hversu sterkur leikmannahópurinn hjá Chelsea er um þessar mundir þegar franska tímaritið France Football birti lista yfir þá fimmtíu leikmenn sem til greina koma sem knattspyrnumenn Evrópu fyrir árið 2005. Chelsea á sjö leikmenn á listanum en þeir eru Frank Lampard, John Terry, Claude Makalele, Petr Cech, Mickael Essien, Didier Drogba og Arjen Robben.

Manchester United á fjóra leikmenn á listanum, þá Park Ji-sung, Ruud van Nistelrooy, Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo. Evrópumeistarar Liverpool eiga þrjá fulltrúa, Jamie Carragher, Steven Gerrard og Luis Garcia, en aðeins einn leikmaður er tilnefndur úr liði Arsenal og er það Thierry Henry.

Eins og venjulega á Real Madrid fjölda fulltrúa á listanum en þeir eru sex að þessu sinni, Brasilíumennirnir Ronaldo, Robinho og Roberto Carlos, auk Zinedine Zidane, Raúl Gonzalez og David Beckham.

Flestir knattspyrnuspekingar eru á því að Ronaldinho verði fyrir valinu en hann hefur stýrt sóknarleik bæði Brasilíumanna og Barcelona af mikilli snilld. Auk þess þykja ensku landsliðsmennirnir John Terry og Steven Gerrard líklegir til þess að vera ofarlega á listanum.

- mh

**LEIKMENNIRNIR SEM ERU TILNEFNDIR ERU EFTIRFARANDI:**

• **Adriano** Inter, • **Michael Ballack** Bayern Munchen • **David Beckham** Real Madrid • **Gianluigi Buffon** Juventus • **Mauro Camoranesi** Juventus • **Fabio Cannavaro** Juventus • **Jamie Carragher** Liverpool • **Petr Cech** Chelsea • **Gregory Coupet** Lyon • **Deco** Barcelona • **Dida** AC Milan • **Didier Drogba** Chelsea • **Emerson** Juventus • **Mickael Essien** Chelsea • **Samuel Eto'o** Barcelona • **Luis Figo** Inter • **Diego Forlan** Villarreal • **Luis Garcia** Liverpool • **Steven Gerrard** Liverpool • **Thierry Henry** Arsenal • **Zlatan Ibrahimovic** Juventus • **Juninho** Lyon • **Kaká** AC Milan • **Frank Lampard** Chelsea • **Roy Makaay** Bayern München • **Claude Makalele** Chelsea • **Paolo Maldini** AC Milan • **Pavel Nedved** Juventus • **Michael Owen** Newcastle United • **Park Ji-sung** Manchester United • **Andrea Pirlo** AC Milan • **Raúl** Real Madrid • **Juan Roman Riquelme** Villarreal • **Arjen Robben** Chelsea • **Roberto Carlos** Real Madrid • **Robinho** Real Madrid • **Ronaldinho** Barcelona • **Ronaldo** Real Madrid • **Cristiano Ronaldo** Manchester United • **Wayne Rooney** Manchester United • **Andriy Shevchenko** AC Milan • **John Terry** Chelsea • **Lilian Thuram** Juventus • **David Trezeguet** Juventus • **Mark van Bommel** Barcelona • **Ruud van Nistelrooy** Manchester United • **Patrick Vieira** Juventus • **Xavi** Barcelona og **Zinedine Zidane** Real Madrid.



**BESTIR** Leikmenn Juve fagna hér áttunda sigrinum í röð í ítölsku úrvalsdeildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ítalski boltinn:

# Juventus jafnaði eigið met

**FÓTBOLTI** Juventus vann um helgina sinn áttunda leik í röð í ítölsku deildinni. Liðið jafnaði um leið met sem það átti sjálft en Juventus er eina félagið í ítalska boltanum sem hefur unnið átta leiki í röð.

Það hefur félagið gert tvisvar áður, fyrst leiktíðina 1930/31 og síðan leiktíðina 1985/86. Juve hefur líka afrekað að vinna sjö leiki í röð líkt og AC Milan og Inter.

- hbg

Þjálfaraleit 1. deildarliðs Fram loks á enda:

# Ásgeir tekur við Fram

**FÓTBOLTI** Ásgeir Elíasson mun í dag skrifa undir þjálfarasamning við 1. deildarlið Fram en Ásgeir þjálfaði liðið á sínum tíma með glæstum árangri, Hann tekur við starfinu af Ólafi H. Kristjánssyni.



**ÁSGEIR ELÍASSON** Sést hér í Fram-úlpunnni í leik gegn Víkingi 1999.

Leit Framara að nýjum þjálfara hefur tekið nokkurn tíma en hlutirnir gengu hratt fyrir sig með Ásgeiri í gær. Stjórn Fram hitti Ásgeir að máli seinnipartinn í gær og Ásgeir yfirgaf fundinn með samningstilboð í höndunum. Þegar Fréttablaðið heyrði í Ásgeiri í gærkvöldi var hann nýkominn heim og var að klára að fara yfir samninginn. Hann átti ekki von á öðru en að svara honum með jákvæðu svari.

„Mér líst ágætlega á samninginn og geri ekki ráð fyrir öðru en að svara tilboðinu játandi,“ sagði Ásgeir sem væntanlega tilkynnti stjórn félagsins um ákvörðun sína seint í gærkvöldi eða eftir að Fréttablaðið fór í prentun.

- hbg




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Introduce her to your world of sex, drugs and... what else do you do?“**

**Svar:** Kathryn úr kvikmyndinni Cruel Intentions árið 1999.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** Marta María Jónasdóttir **dó næstum því úr leiðindum yfir Sunnudagsþættinum**

## Slys í beinni

Ég hlakkaði til þess að geta sofið út á sunnudaginn og jafnvel horft á eitthvað skemmtilegt þegar ég vaknaði. Fyrir slysni kveikti ég á Sunnudagsþættinum á Skjá einum sem hóf göngu sína á ný sama dag. Ég horfði einstaka sinnum á þennan þátt síðasta vetur og fannst hann ekki svo slæmur. Ég varð því ógurlega hissa þegar þáttastjórnendurnir byrjuðu að tala því leiðindin voru í algleymingi. Mér finnst Katrín Jakobsdóttir skemmtileg og klár stelpa en innan um snillingana Illuga Gunnarsson og Ólaf Teit Guðnason nær hennar sjarmi ekki að skína í gegn.

Þríeykið byrjaði á að ræða stjórnmál sín á milli, eiginlega hljómaði þetta eins og falin myndavél. Þau gjömmuðu hvert ofan í annað, Illugi þó mest allra, svo erfitt var að heyra orðaskil. Það mátti þó greina orð á borð við „landsfundurinn“ og fleira í þeim dúr, en það var ekki nokkur leið að fá samhengi í gjammið.

Þegar loksins var von á gestum fór útsendingin í lamasess og ekki var hægt að byrja þáttinn almennilega fyrr en um tíu mínútum síðar. Eitt af því sem mér finnst skipta miklu máli þegar sjónvarp er annarsvegar er að sviðsmyndin sé í lagi. Sviðsmynd Sunnudagsþáttarins er hroðaleg, slær næstum því út sviðsmyndinni á Omega. Það var því ekkert annað að gera í stöðunni en að slökkva á sjónvarpinu.



Örninn er kominn á skjáinn á ný. Húrra!

Sjónvarpið bætti mér skaðann því um kvöldið hóf það sýningar á annarri seríu Arnarins. Ég lifði mig svo inn í atburðarásina að ég var komin með hjartslátt og neglurnar voru nagaðar. Ég fylltist stolti þegar ég sá Elvu Ósk Ólafsdóttur á skjánum.



▶ 22.25 *Spenna*

FRANCES TUESDAY



▶ 22.50 *Spenna*

CROSSING JORDAN



▶ 22.00 *Spenna*

HEX



▶ 20.00 *Lífsstíll*

DESIGN RULES



▶ 18.35 *Fótbolti*

CRYSTAL PALACE – LIVERPOOL

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (9:25) **18.25** Tommi togvagn (4:26)

**18.30 Gló magnaða (22:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.40 Veronica Mars (5:22)** Bandarísk spennuþáttaröð.
**21.25 Út og suður** Gísli Einarsson fer um landið og heilsar upp á forvitnilegt fólk.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Frances Tuesday (1:2)** Bresk spennumynd í tveimur hlutum frá 2004. Kærasta glæpamanns ljóstrar upp um glæpi hans, tekur sér nýtt nafn og leggur á flótta þegar til stendur að láta hann lausan úr fangelsi. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.

**23.35** Örninn (1:8) **0.35** Kastljós **1.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Night Court (1:13) **13.25** Einu sinni var (6:6) **13.50** The Guardian (4:22) **14.35** Monk (15:16) **15.20** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons 9**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Amazing Race 7 (8:15)**
**21.15 Hustle (3:6)** (Svikahrappar) Breskur myndaflokkur um svikahrappa sem svífast einskis. Bönnuð börnum.
**22.05 LAX (13:13)** (Senator's Daughter) Hörkuspennandi myndaflokkur.
▶ **22.50 Crossing Jordan (10:21)** (Réttarlæknirinn) Hörkuspennandi þættir um Jordan Cavanaugh, hörkukvendi sem starfar hjá dánardómstjóranum í Boston. Jordan er réttarlæknir og er kölluð til þegar andlát ber að höndum en hún gegnir iðulega lykilhlutverki við rannsókn flókinna sakamála.

**23.30** Deadwood (5:12) (Stranglega bönnuð börnum) **0.25** The Abyss (Bönnuð börnum) **3.10** Fréttir og Ísland í dag **4.15** Ísland í bítið **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veggfóður** Hönnunar og lífstíls þáttur.
**20.00 Friends 4 (7:24)** (Vinir)
**20.30 Idol extra 2005/2006**
**21.00 Laguna Beach (4:11)**
**21.30 My Supersweet (4:6)**
▶ **22.00 HEX (4:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie er feimin ung stelpa sem uppgötvar einn daginn að hún hefur hættulega krafta sem hafa gengið í gegnum ætt hennar, kynslóð eftir kynslóð. Það sem hún veit ekki enn er að einhver vill hana feiga og mun gera allt til þess að takast það.
**22.45 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur.

**23.15** Fashion Televison (4:4) **23.45** David Letterman **0.30** Friends 4 (7:24) **0.55** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 7. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Silvía Nótt (e)**
▶ **20.00 Design Rules** Láttu Laurence Llewellyn-Bowen leiða þig í gegnum grundvallarreglur innanhússarkitektúrsins. Í þáttaröðinni er fjallað um allt frá litasamsetningum og nýtingu rýmis upp í verkstjórn yfir saumakonum og teppalagningarmönnum, auk þess að kenna fólki að koma erfðagripunum skemmtilega fyrir í stofunni heima, jafnvel þótt maður hefði aldrei valið þá sjálfur!
**20.30 Allt í drasli**
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Judging Amy**
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers – 7. þáttaröð (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN – besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.35** Olíssport **18.05** UEFA Champions League

▶ **18.35 Enski deildabikarinn** (Crystal Palace – Liverpool) Bein útsending frá leik Crystal Palace og Liverpool í 3. umferð. Lundúnaliðið er erfitt heim að sækja og ljóst að Evrópumeistararnir verða að mæta einbeittir til leiks. Liverpool gerði þau mistök í fyrra að tefla fram hálfgerðu varaliði í einu bikarmótanna og það reyndist dýrkeypt. Nú er sjá hvort Rafael Benitez hafi lært af reynslunni.
**20.40 X-Games** (Ofurhugaleikar) Mögnuð þáttaröð þar sem íþróttir fá nýja merkingu.
**21.30 Mótorsport 2005**
**22.00 Olíssport**
**22.30 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri)

**0.00** Enski deildabikarinn **1.40** Ensku mörkin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** What's the Worst That Could Happen? **8.00** Sinbad: Legend of the Seven S **10.00** The Powerpuff Girls **12.00** The John F. Kennedy Jr Story **14.00** What's the Worst That Could Happen? **16.00** Sinbad: Legend of the Seven S **18.00** The Powerpuff Girls **20.00 The John F. Kennedy Jr Story** (Forsetasonurinn) Sjónvarpsmynd **22.00 Something's Gotta Give** (Undan að láta) Rómantísk gamanmynd.
**0.05** Real Women Have Curves (B. börnum) **2.00** An American Rhapsody (B. börnum) **4.00** Something's Gotta Give

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Kill Reality **18.00** E! News **18.30** Style Star **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** The Soup **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** The Soup **0.30** The Anna Nicole Show **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Newcastle – Sunderland frá 23.10 **16.00** Aston Villa – Wigan frá 22.10 **18.00** Arsenal – Man. City frá 22.10
**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Man. Utd. – Tottenham frá 22.10** Leikur sem fram fór síðast liðinn laugardag.
**0.00** Everton – Chelsea frá 23.10 **2.00** Dagskrárlok



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Hustle — Stöð 2 kl. 21.15

### Óprúttnir menn

Þessir bresku glæpaþættir fjalla um svikahrappa sem svífast einskis. Bragðarefurinn Mickey Stone er laus úr fangelsi. Hann hefur lítið lært af vistinni í grjótinu og er fljótur að hóa í gömlu glæpafélagana. Mickey er auðvitað með pottþétta ráðagerð í huga og nú skal krækt í skjótfengið fé. Glæpafélagarnir hafa allar klær úti og blekkja forrík fórnarlömb á ýmsum stöðum. Með aðalhlutverk í þáttunum fer m.a. Robert Vaughn sem gerði garðinn frægan hér á 7. áratug síðasta aldar í sjónvarpsþáttunum vinsælu The Man From U.N.C.L.E.



*Mickey og félagar reyna að græða pening*

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.10** Morgunútvarpið **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Hrafnaþing **14.05** Bílaþátturinn e. **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Morgunútvarpið e. **20.50** Allt og sumt **22.50** Á kassanum e. **23.20** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Fréttir

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hornsteinar **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Bókmenntaárið 1955 **21.10** Púsl **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Placebo **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: ATP Tournament Lyon **13.30** Tennis: WTA Tournament Linz **15.00** Tennis: ATP Tournament Basel **16.30** Tennis: WTA Tournament Linz **19.30** Boxing: European Title Vienna **21.30** Truck Sports: European Cup Le Mans **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Rally: World Championship Corsica France **22.30** Rally: World Championship Corsica France

**BBC PRIME**
**12.00** Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** Ace Lightning **15.00** The Life Laundry **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Top Gear Xtra **19.00** I'll Show Them Who's Boss **19.40** Hunting Chris Ryan **20.30** The League of Gentlemen **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** The Wonderful World of Louis Armstrong **0.00** Great Romances of the 20th Century **0.30** Great Romances of the 20th Century **1.00** Rough Science **1.30** Science Shack

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Panda Nursery **13.00** When Expeditions Go Wrong **14.00** Seconds From Disaster **15.00** When Expeditions Go Wrong **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Royal Mummy **18.00** Panda Nursery **19.00** When Expeditions Go Wrong **20.00** The Super Twisters **21.00** Tsunami – the Day the Wave Struck **22.00** Air Crash Investigation **23.00** The Super Twisters **0.00** Tsunami – the Day the Wave Struck

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** The World's Favourite Animal **14.00** Animal Cops Houston **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **20.00** Miami Animal Police **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** K9 Boot Camp **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Seoul Searching **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Birth of a Sports Car **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Extreme Engineering **20.00** Mega Builders **21.00** Deadliest Catch **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives

**MTV**
**12.00** Just See MTV **13.00** Pimp My Ride **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** EMA Build-Up Show **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** My Super Sweet 16 **19.00** Power Girls **19.30** The Osbournes **20.00** EMA Build-Up Show **20.30** EMA Build-Up Show **21.00** Punk'd **21.30** Wonder Showzen **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**11.30** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** Pop Up Videos **20.30** Beavis & Butthead **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** Fabulous Life Of... **23.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Crimes of Fashion **12.35** Lofty Ideas **13.00** Staying in Style **13.30** The Review **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** The Villa **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Paradise Seekers **19.00** Design Challenge **19.25** Race to the Altar **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** Sex and the Settee **22.00** Cheaters **23.00** Simply Indian **23.30** City Hospital **0.25** Girls Behaving Badly **0.50** Completely Hammered **1.15** Innertainment **1.45** The Review

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**11.55** Witness for the Prosecution **13.35** Right of the People **15.10** Audrey Rose **17.00** Take My Daughters, Please **18.35** The Aviator **20.10** Behind The Scenes: Roseanne & Tom **21.40** Winnie **23.15** Kidnapped **0.55** The Peacekillers

**TCM**
**19.00** The Three Musketeers **21.05** Act of Violence **22.25** The Road Builder **0.05** Song of Love **2.00** Humoresque

**HALLMARK**
**12.30** Thicker Than Water **14.15** The Sign of Four **16.00** Prince Charming **17.30** McLeod's Daughters V **18.15** Taking Liberty **19.45** Empire **21.30** Lonesome Dove: The Series **22.15** Hamlet **0.00** Taking Liberty **1.30** Lonesome Dove: The Series

**BBC FOOD**
**12.00** Douglas Chew Cooks Asia **12.30** New Scandinavian Cooking **13.00** Antonio Carluccio's Italian Feast **13.30** Worrall Thompson **14.00** The Naked Chef **14.30** Cupid's Dinner **15.00** Ching's Kitchen **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Floyd's India **16.30** Tamasin's Weekends **17.00** Rachel's Favourite Food **17.30** Made to Order **18.00** Neil Perry Rockpool Sessions **18.30** My Favourite Chef **19.00** My Favourite Chef **19.30** Sophie's Weekends **20.00** Delia's How to Cook **20.30** Neil Perry Rockpool Sessions **21.00** Wild and Fresh **21.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**12.00** Sådan ligger landet **12.30** Lægens bord **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Dr¢mmehuse **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Blokken **15.00** Lucky Luke **15.25** Insektoskop **15.30** Store N¢rd **16.00** Lille N¢rd! **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Forsvundne danskere **18.30** Hammerslag **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig – under mistanke **22.00** OBS **22.05** Clement Direkte **22.45** Arbejdsliv – Perker nej tak **23.15** Blokken

**SV1**
**12.05** Bamse **13.55** Anslagstavlan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Extra **15.25** Les petits animaux sauvages **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Sagor från Zoo **16.15** Brum **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** De tre vännerna och Jerry **16.55** Lilla Aktuellt – kortnyheter **17.00** Ofattbara händelser **17.25** Tracks video **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Kommissionen **19.45** 24 Nöje **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Sverige! **21.50** Först & sist **22.35** Sändning från SVT24


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE




VINSÆLASTA KAPPHLAUP Í HEIMI

Nú fækkar liðunum óðum og enn eitt heldur heim á leið í Amazing Race í kvöld kl. 20:30.






## HRÓSIÐ

*...fá allar konur sem lögðu niður vinnu í gær og fóru á baráttufund Kvennafrídagsins.*



DÓTAKASSINN READY WHEN UR-KETILL

# Þarfaþing tedrykkjumannsins



**SEM ER?**

Fyrir þá sem þykir fátt jafn gott að koma heim og geta fengið sér te samstundis er þessi ketill mikið þarfaþing. Að ekki sé minnst á sælkerana sem finnst það munaður að koma heim í heitt kakó. Með einu smáskilaboði úr farsímanum fer ketillinn af stað og hitar vatn. Þegar styttist í annan endann á löngum göngutúr í kulda og trekki þarf ekki annað en að rífa upp símann, skrifa nokkur vel valin orð og þá fer allt af stað heima fyrir.

**Kostir?**

Í fljótu bragði hljómar þetta allt voðalega gott. Sagt er að fyrirtækið PG Tips hafi fengið hugmyndina úr kvikmyndinni Bölvun vígakanínunnar sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum. Þar sem umrætt fyrirtæki er frá Englandi, en þar er tedrykkja samofin menningunni, þarf ekki að undra að Englendingar hoppi hæð sína af gleði. Þessi tækni fækkar ferðunum fram í eldhús og samkvæmt talsmanni fyrirtækisins á þetta eftir að valda gjörbyltingu á tetímanum.

**Gallar?**

Notandinn þarf að muna eftir því að setja vatn í ketilinn auk þess sem hann þarf að hella upp á, sama hvað tautar og raular. Það verður því ekki alveg séð hversu mikil búbót þetta er nema fólk hafi hreinlega alltaf vatn í katlinum.

**Kostnaður?**

Svona tæki þarf ekki endilega að vera neitt sérstaklega dýrt.



**LÁRÉTT** **2** slitrótt tal **6** 2 eins **8** struns **9** stormur **11** skyldir **12** ráðagerð **14** hlátur **16** nafnorð **17** mánuður **18** pappírsblað **20** í röð **21** dreifa.

**LÓÐRÉTT** **1** listi **3** samtök **4** afsal **5** skjön **7** kista **10** bergtegund **13** þrep í stiga **15** fjarskiptatæki **16** á nefi **19** íþróttafélag.

**LAUSN.**

**LÁRÉTT:** **2** tafs, **6** kk, **8** ark, **9** rok, **11** aá, **12** áform, **14** fliss, **16** no, **17** maí, **18** örk, **20** lm, **21** strá.
**LÓÐRÉTT:** **1** skrá, **3** aa, **4** framsal, **5** ská, **7** koffort, **10** kol, **13** rim, **15** sími, **16** nös, **19** kr.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. 40 til 50 þúsund manns
2. Suzuki Swift
3. Giovani Dos Santos

! Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7



**STEINTRYGGUR** Hyggst heimsækja England, Danmörku, Belgíu, Holland og Þýskaland en tónleikaferðalaginu lýkur 19. nóvember á mikilli Íslendingahátíð í Köln.

STEINTRYGGUR OG ÓLI ÓSÝNILEGI: GERA VÍÐREIST UM EVRÓPU

# Elliheimilin næsta skrefið

Dúettinn Steintryggur er að leggja upp í mikið ferðalag um þessar mundir og kemur til með að gera strandhögg víða í Evrópu í slagtogi með Óla ósýnilega sem er tölva. Ætlunin að kynna geisladiskinn Dialog ásamt nýju efni sem væntanlega kemur út á næsta ári.

„Við ætlum að gefa út tvö diska á næsta ári. Annar þeirra verður órafmagnaður með tyrkneskum lögum," segir Steingrímur Guðmundsson en á plötunni njóta þeir liðsinnis tyrknesks tónlistarmanns sem spilar á ýmis strengjahljóðfæri. Sigtryggur segir plötuna talsvert frábrugðna því sem Steintryggur hefur gert hingað til. „Það er ekki svona póstmódernísk tilraunastarfsemi eins og á Dialog þar sem við vorum að klippa allan andskotann saman; hrópandi inúítakellingar og kúbönsk bít." Seinni platan verður aftur á móti meira í ætt við Dialog.

Steintryggur heldur út 1. nóvember og hyggst heimsækja England, Danmörku, Belgíu, Holland og Þýskaland en tónleikaferðalaginu lýkur 19. nóvember á mikilli Íslendingahátíð í Köln sem nefnist Islandsbiler. Þar munu margir af fremstu listamönnum Íslands vera með sýningar og tónleika.

Steingrímur segir að hljómsveitin verði með tvenns konar dagskrá. „Annars vegar verðum við með hefðbundna dagskrá fyrir tónleikastaði en við erum líka með klúbbadagskrá sem fólk getur dansað við," útskýrir hann.

Þeir félagar kveðast hlakka til að spila á öllum stöðum, þá sérstaklega tónleika sem þeir halda í enskum skólum þar sem Steintryggur kemur fram með nemendum. „Við fengum send lög sem við endurhljóðblönduðum en nemendurnir hafa síðan samið dans við þau og spila með okkur," útskýrir Steingrímur og bætir við að líklega verði þessir viðburðir teknir upp en Sigtryggur hefur líka hugsað sér að blogga um ferðina á heimasíðunni steintryggur.com. „Mig langar til að lýsa þessari ferð því þetta er nefnilega ekki þessi hefðbundni poppstjörnutúr með tilheyrandi munúðarlífi. Næsta skref hjá okkur gæti þess vegna verið að troða upp á elliheimilum; það kæmi sjálfsagt eitthvað spennandi út úr því."

**bergsteinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stuðningsmenn **Gísla Marteins Baldurssonar** hafa gert athugasemdir við mola sem birtist hér á laugardaginn en þar kom fram að frambjóðendurnir Gísli Marteinn og **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** hefðu gert með sér samkomulag um að mætast fyrst í beinni sjónvarpsútsendingu í Kastljósi RÚV fimmtudaginn 20. september. Gísli mætti hins vegar auðum stól Vilhjálms á Stöð 2 í Íslandi í dag tveimur dögum fyrr en sú skýring var gefin að Vilhjálmur hefði ekki treyst sér til að mæta. Stuðningsmenn Gísla Marteins segja frambjóðandann ekki hafa gert neitt samkomulag við Vilhjálm um framkomu í fjölmiðlum. Þá hafi umsjónarmönnum Ísland í dag leiðst þófið og þótt Vilhjálmur draga lappirnar í málinu. Þeir vildu ekki sæta sig við tilburði Vilhjálms til að ritstýra þættinum og settu Vilhjálmi úrslitakosti. Niðurstaðan varð svo að Gísli Marteinn sat einn fyrir svörum í þættinum. Stuðningsmenn Gísla Marteins segja Vilhjálmi hins vegar hafa gengið betur að stjórna atburðarásinni í Kastljósi þar sem könnun sem hann lét gera á fylgi frambjóðendanna var notuð sem upplegg í þeim þætti.



Vilhjálmur gerir svo grein fyrir sinni hlið málsins á heimasíðu sinni og segir: „stjórnendum Íslands í dag hefur verið kunnugt um það í langan tíma að Vilhjálmur vildi ekki setja framboð sitt í sviðsljós fjölmiðla, með þeim hætti sem óskað var eftir, fyrr en að landsfundi Sjálfstæðisflokksinsfloknum. Þeir kusu að hringja með fjögurra klukkustunda fyrirvara sl. þriðjudag og tilkynna þá ákvörðun sína að ef Vilhjálmur myndi ekki mæta yrði Gísli Marteinn einfaldlega einn í viðtali og jafnframt yrði þess getið að Vilhjálmur hefði ekki séð sér fært að mæta. Vilhjálmur hafði gefið fulltrúum Kastljós loforð að mæta til þeirra á fimmtudag þar sem hann og Gísli Marteinn myndu mætast í fyrstu umræðum og stóð við það heit." Leikar eiga svo væntanlega enn eftir að æsast þar sem það styttist óðum í prófkjörið og taugatitringurinn getur ekki annað en magnast.






# Alvörumál að gera grín

Englarnir Pú og Pa hafa undanfarið eitt og hálft ár skemmt lesendum Fréttablaðsins á myndasögusíðu blaðsins. Myndasögurnar um félagana eru nú farnar að birtast í eistneska staðarblaðinu Lääne Elu eða Vestur líf. Það er sem fyrr Sigurður Örn Brynjólfsson sem teiknar englana en þeir birtust fyrst fyrir tíu árum í jóladagatali Ríkissjónvarpsins sem hann og Friðrik Erlingsson gerðu saman.

„Hugmyndin var alltaf að gera meira úr þessu," segir Sigurður og á við að þá hafi alltaf langað til að gera teiknimyndir. „Þegar það gekk ekki eftir þróaði ég þá út í myndasögur en það tók langan tíma, að færa persónurnar frá brúðuleik yfir í myndasöguform," útskýrir hann. Höfundurinn segir þá Pú og Pa hafa breyst mjög mikið í gegnum árin. Þeir séu farnir að vera meira heimspekilega þenkjandi og velti tilvist guðs og himnaríkis mikið fyrir sér.

„Húmor þarf ekki alltaf að vera skrípalæti, það er mikið alvörumál að gera grín," segir hann og bendir á að bestu myndasögurnar velti fyrir sér alvarlegum hlutum. „Þá eru Pú og Pa ekki séríslenskir heldur ganga þeir hvar sem er." Sigurður hefur enn fremur velt bókaútgáfu fyrir sér og hefur sent nokkrum útgefendum póst en að hætti Íslendinga hefur fátt verið um svör.

Sigurður ætlar nú að láta reyna aftur á að senda Pú og Pa til stórra dreifingarfyrirtækja eins og Bulls. „Ég ætla að gefa þessu fjögur til sex ár og sjá hvað kemur út úr þessu," segir Sigurður, sem kvartar ekkert. „Þetta er ágætis vinna og ég hef líka gaman af þessu."

**- fgg**



**SIGURÐUR ÖRN BRYNJÓLFSSON**
Englarnir hans tveir eru nú komnir í eistneskt staðarblað og stefnir teiknarinn á fleiri landvinninga.




# DV STENDUR BETUR

## YNGRI HELMINGUR ÞJÓÐARINNAR LES FREKAR DV EN BLAÐIÐ

Yfir helmingur landsmanna er 33 ára eða yngri. Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (september 2005) les fólk á aldrinum 12-33 ára frekar DV en Blaðið. Og það þrátt fyrir að Blaðinu sé dreift frítt. Lestur á DV í þessum hópi mælist 38,10% en lestur Blaðsins er 37,67%. Það er því um að gera fyrir auglýsendur sem vilja ná athygli yngri helmings þjóðarinnar að nýta sér hagstætt snertiverð hjá DV. Við stöndum einfaldlega betur!



DV

**Auglýsingasími 550 5000**

Fíton/SÍA FI014601

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## *Daginn eftir*

Kvennafrídagurinn er að baki og nú ef til vill er dögun nýrra tíma. Á þessum þriðjudagsmorgni má gera ráð fyrir að gengið verði vasklega til verka svo leiðrétta megi hið snarasta hinn óheyrilegan og kynbundna launamun. Nú fara stjórnendur með skilaboðin, vinna úr þeim og kippa þessu í lag eins og skot. Ábyrgðin liggur hjá vinnuveitendum. Launaleynd varðveitir einna best óréttmæta mismunun. Það er gömul saga og ný að óværa þrífst best í þögninni.

**RÁÐHERRA** fann kynbundinn launamun á sínum vinnustað og leiðrétti í grænum hvelli. Nú fer boltinn að rúlla. Hvað ef slíkar leiðréttingar væru afturvirkar? Hvað ef allar þær konur sem þolað hafa launamisrétti árum saman myndu krefjast uppgjörs aftur í tímann? Gæðavottun um jöfn laun til handa fyrirtækjum er ein leiðin til að verðlauna þá sem virða mannréttindi, en afnám launaleyndar væri einnig skilvirk leið.

**ÞESSI** launamunur getur ekki staðist. Svo verður bara hver og ein að standa í sinni launabaráttu og eiga sín launamál við sinn vinnuveitanda,“ sagði kona ein undrandi. Ekki deila allir þeirri skoðun, enda hefur barátta fyrir mannréttindum yfirleitt skilað mestum árangri með fjöldaátaki. Skynja má bakslag frá því fyrir þrjátíu árum. Í gær báðu margar konur náðarsamlegast um frí. Fyrir þrjátíu árum gengu þær bara út.

**JAFNRÉTTISBARÁTTA** snýst um lífsgæði. Til að njóta þeirra saman þarf samvinnu. Henni var lítt fyrir að fara í sögunni úr skóginum sem flýgur nú um netheima. Dag einn reis bangsafjölskyldan úr rekkju. Litli bangsi settist við morgunverðarborðið og sá að skálin var tóm. „Hver hefur borðað grautinn minn?“ vældi hann. Bangsapabbi leit ofan í sína skál og hún var líka tóm. „Hver hefur borðað grautinn minn?“ urraði hann. Bangsamamma leit upp frá vaskinum. „Hvað þurfum við að fara oft í gegnum þetta?“ spurði hún þreytulega. „Ég fór fyrst á fætur, vakti ykkur, hellti upp á könnuna, tæmdi uppþvottavélina, raðaði í skápa, setti í eina vél, lagði á borðið, hleypti kettinum út, gaf honum að éta og sótti blaðið. Og nú þegar þið loks drattist á fætur þá segi ég þetta bara einu sinni enn - ég er ekki búin að gera fjárans grautinn ennþá.“

www.volkswagen.is




**Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Volkswagen Passat bíl ársins í flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla.**

Við óskum Passat-eigendum til hamingju. Ykkur hinum bjóðum við að koma og kynnast kostum hans af eigin raun.

**Verð 2.150.000 kr.**

**FSI® 115 hestöfl 6 gíra beinskiptur**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

SPRON VAXTABÓT
Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON VIÐBÓT
Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

spron – fyrir allt sem þú ert